



Söngleikurinn Rocky Horror verður frumsýndur annað kvöld að lokinni generalprufu í kvöld. Hér er Páll Óskar Hjálmtýsson á lokarennslinu í gærkvöldi. Páll Óskar fer með hlutverk hins taumlausa klæðskiptings Frank-N-Furter í þessum hárbeytta og eldfjöruga söngleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vill konu sem forseta ASÍ

**STÉTTARFÉLÖG** „Það væri hreyfingunni til mikilla bóta ef það væri öflug kona,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, spurður hvern hann vilji sem næsta forseta ASÍ. Ragnar vísar því á bug að stjórn VR skipist í meirihluta og minnihluta eftir að kosid var um sjö stjórnarsæti af fimmtán. – áa / sjá síðu 10

## Cyber verður í viðskiptaham

**LÍFIÐ** Þær Salka Valsdóttir, Þóra Stína og Jóhanna Rakel úr hljómsveitinni Cyber koma fram á Sónar Reykjavík um helgina. Þær vinna með nýtt þema á ári hverju og núna er það viðskiptaham.

„Fyrst var það pastel og svo drápum við það áramótin 2016-2017,“ segir Þóra. Við tók latex-þema. „Við erum mjög glaðar að kveðja það tímabil. Það er mjög erfitt að spila í latexi,“ segir Þóra. – sph / sjá síðu 40



Þóra Stína

# Valitor ekki greitt út í arð fyrir útboð Arion

Stjórn bankans hefur lagt áform um að ráðstafa hlutabréfum í kortafyrirtækinu í arðgreiðslu til hliðar í bili. Slík ráðstöfun myndi virkja kauprétt vogunarsjóða að 21 prósent hlut í Valitor. Ríkið mun njóta góðs af virðisaukningu Valitors.

**VIÐSKIPTI** Ekkert verður af því að Valitor Holding, dótturfélag Arion banka, verði aðgreint frá bankanum, áður en kemur að útboði og skráningu, þannig að hlutabréf greiðslukortafyrirtækisins verði að stærstum hluta greidd út í formi arðs til hluthafa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur stjórn Arion banka sett þau áform til hliðar, að minnsta kosti fram yfir fyrirhugað útboð bankans síðar á árinu.

Meirihluti hluthafa, vogunarsjóðir og Kaupþing, hefur sóst nokkuð eftir að Valitor yrði aðskilið frá samstæðunni með arðgreiðslu. Við þá ráðstöfun myndu sjóðirnir og Goldman Sachs, sem eiga um 32 prósent í Arion banka, jafnframt eiga kauprétt að 21,4 prósent hlut til viðbótar í Valitor af Kaupþingi. Er kauprétturinn á talsvert herra verði en sem nemur bókfærðu virði Valitors í reikningum Arion banka.

# 16,3

milljarðar er eigið fé Valitor Holding bókfært í reikningum Arion banka.

Slíkar arðgreiðsluhugmyndir hafa mætt nokkurri mótstöðu. Þannig hafði Bankasýslan, sem þangað til fyrir skemmstu hélt um 13 prósent hlut ríkisins í bankanum, komið þeirri skoðun sinni skýrt á framfæri að stofnunin væri mótfallin því að ráðstafa hlutabréfum Valitors í formi arðgreiðslu. Fremur ætti að selja fyrirtækið í opni sölufærli.

Í afkomuskiptasamningi stjórnvalda og Kaupþings er þó sérstaklega gert ráð fyrir því, sem lið í því að fá sem hæst verð fyrir hlut

Kaupþings í Arion banka, að hægt sé að aðgreina einstakar eignir eða eignarhluti bankans frá honum í aðdraganda og undirbúningi að sölu hlutabréfa. Tryggt er í samningnum að hann nái einnig utan um hinar aðgreindu eignir, svo sem Valitor. Ríkið myndi þannig njóta góðs af sölu og virðisaukningu kortafyrirtækisins í formi herra stöðugleikafamlags, þótt félagið yrði aðgreint frá bankanum með sérstakri arðgreiðslu.

Samkvæmt tillögum stjórnar fyrir aðalfund Arion banka, sem fer fram í dag, verður enginn arður greiddur á þessu ári vegna reksturs síðasta árs, að svo stöddu. Í tillögnum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að stjórnin hafi tekið til ítarlegrar skoðunar þann möguleika að arðgreiðsla fari fram til hluthafa með hlutabréfum í Valitor. Hún sé hins vegar þeirrar skoðunar að sú ráðstöfun þarfnist ítarlegra mats. – hae

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Misskipting hefur afleiðingar, skrifar Þorvaldur Gylfason. 21

**MENNING** Ryk er ekki bara ryk. Dagur forvörslunnar á Norðurlöndum er í dag. 34

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Underworld spilar á Íslandi um helgina 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
• FERMINGARGJAFIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Betolvex B-12




Fæst án lyfseðils

Actavis

SLÁÐU UPP VEISLU  
**F E R M I N G**

Kringlan 30 ára

## Veður



Austan 8-15 m/s, en 15-23 og snarpar hviður syðst á landinu og í Öræfum. Rigning SA til en slydda eða snjócoma til fjalla, rigning eða slydda vestast á landinu, en annars skýjað en úrkomulítið. Styttir upp V- og N-lands í kvöld. **SJÁ SIÐU 30**



Eva María og skólasystur hennar voru ósáttar við framkvæmd samræmdra prófa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fá tækifæri til að endurtaka samræmd próf

**MENNTAMÁL** Nemendum í 9. bekk gefst kostur á að þreyta að nýju samræmdu könnunarprófin í íslensku og ensku sem haldin voru við óviðunandi aðstæður í liðinni viku.

Þeir sem luku prófunum fá niðurstöður úr þeim og geta svo ákveðið hvort þeir taki prófið aftur eða ekki. Það er svo stjórnenda í hverjum skóla fyrir sig að ákveða hvort prófin verði í vor eða haust. Þetta var ákveðið á fundi Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra, við lykilaðila úr skólasamfélaginu.

Sökum annmarka á framkvæmd prófanna verða ekki gefnar út svokallaðar raðeinkunnir, ekki verða reiknuð meðaltöl fyrir einstaka skóla eða landsvæði og samanturður milli skóla verður ekki mögulegur.

Þá kom fram á fundinum að mikilvægt væri að breyta reglugerð svo niðurstöður úr samræmdu prófunum verði ekki notaðar við mat á umsóknum um framhaldsskólavist.

Fyrstu viðbrögð Evu Maríu Smáradóttur, nemanda í 9. bekk í Vatnsendaskóla í Kópavogi, voru á svipaða leið og í nýlegu viðtali við Fréttablaðið:

„Ég ætla ekki að taka prófin aftur og ég veit að margir í mínum bekk ætla ekki að gera það,“ segir Eva. Undirbúningur fyrir hafi verið mikill, til dæmis hafi margir nemendur borgað fyrir námskeið. – gþs

## Enn í stuði



Stuðmenn hlutu heiðursverðlaun Samtóns á Íslensku tónlistarverðlauninum í gærkvöldi. Verðlaunin tileinkuðu Stuðmenn minningu Tómasar Tómassonar bassaleikara sveitarinnar sem féll frá fyrr á árinu, langt fyrir aldur fram. Í tilkynningu frá stjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna segir að sveitin hafi veitt þjóðinni ómælda gleði á löngum ferli og sé réttnefnd hljómsveit allra landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Adhiban sigraði Reykjavíkurskáknotið

**SKÁK** Indverski stórmeistarinn Baskaran Adhiban stóð uppi sem sigurvegari á GAMMA Reykjavíkurskáknotinu sem lauk í gær. Adhiban hlaut samtals sjö og hálfan vinning af níu mögulegum. Adhiban mætti Mustafa Yilmaz í hreinni úrslitaskák.

Yilmaz hefði getað sigrað í mótinu með því að leggja Adhiban að velli. Svo fór að skákin endaði með jafntefli og Adhiban endaði einn í efsta sæti.

Efstur Íslendinga varð Hannes Hlífar Stefánsson með sex og hálfan vinning.

Næstir Íslendinga voru Jóhann Hjartarson og Björn Þorfinnsson með sex vinninga hvor. Mótið fór fram í Hörpu dagana 6. til 14. mars og var það tileinkað minningu Bobbys Fischer í ár. – gþs

# Líst ekki vel á lög um að hjóla í einfaldri röð

Nýmæli um hjólreiðar eru í drögum að nýjum umferðarlögum. Hjólreiðafólk segir drögin bæta litlu við öryggi þess og jafnvel draga úr því á sumum stöðum. Erlendur S. Þorsteinsson reiknifraeðingur segir að líta eigi til nágrennalandanna.

**SAMGÖNGUR** Hjólreiðafólk gerir talsverðar athugasemdir við drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga. Ákvæði í drögunum geri lítið til að tryggja öryggi þeirra sem hjóla og sumt sé jafnvel til þess fallið að draga úr því frá nágrennandi lögum.

Unnið hefur verið að endurskoðun á umferðarlögum undanfarinn áratug en frumvarp til slíkra laga var síðast lagt fram á þingi í ráðherra-tíð Ógmundar Jónassonar árið 2012. Drögin nú byggjast meðal annars á þeim athugasemdum sem fram komu þá. Meðal nýmæla í drögunum er nýr kafli um hjólreiðar.

„Með nýjum lögum er tækifæri til að gera ansi marga góða hluti og það er margt í þessu sem mætti gera mun betur,“ segir Erlendur S. Þorsteinsson, hjólreiðamaður og reiknifraeðingur. Hann og eiginkona hans ákváðu fyrir nokkrum árum að selja „bíl númer tvö“ og brúka reiðhjól sex mánuði ársins til og frá vinnu. Í drögunum er meðal annars kveðið á um að meginreglan skuli vera að hjólreiðamenn hjóli í einfaldri röð. Svokölluð dönsk vinstri beygja er lögð til að ljósastýrdum gatnamótum, það er að hjólreiðamaður skuli hjóla yfir gatnamótin og bíða þar eftir grænu ljósi áður en hann beygir. Einnig er lagt til að tengivagnar við reiðhjól skuli festir á hlið þeirra.

„Hjólreiðar hafa aukist mjög á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin þar lagt mikla áherslu á að fólk geti notað aðra kosti en einkabílinn. Það hefur komið skýrt í ljós á síðustu dögum að það er þörf á því að minnka bílaumferð,“ segir Erlendur.



Sífellt fleiri kjósa að hjóla í stað þess að nota einkabílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er margt í þessu sem mætti gera mun betur.

Erlendur S. Þorsteinsson, reiknifraeðingur og hjólreiðamaður



Til að slíkt sé hægt verði að finna betri blöndu en lagt er til í drögunum. Hjólreiðamenn nefna meðal annars að þörf sé á að lögfesta svokallaða 1,5 metra reglu, sem gildir meðal annars í Bretlandi, sem kveður á um að þegar bifreið tekur

fram úr reiðhjóli skuli vera minnst 1,5 metrar frá bíl í reiðhjólíð. Einnig er sett spurningarkerki við að hjólað skuli í einfaldri röð. Slíkt dragi úr öryggi hjólreiðamanna og skapi að aukli hættu við framúrakstur enda þurfi bíllinn að fara lengri vegalengd á öflugum helmingi til að komast fram úr halarófunni.

„Mörg ákvæði í drögunum eru nánast óbreytt frá eldri reglum. Nær lagi væri að líta til nágrennalandanna sem eru komin lengra í þessum efnum og nota reglur sem reynst hafa vel þar,“ segir Erlendur.

Frumvarpsdrögin eru til umsagnar í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar þar til á morgun. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

APPOLO LAKKRÍS PÁSKAEGG með fylltum lakkrís

NÝTT

Stofn 1968

ÚRVALIÐ ER ENDALAUST

# VEISLA

Þú færð allt fyrir glæsilega  
veislu á einum stað.



PIPIRSTIMA, SÍA

Kringlan

30  
ára

OPIÐ

10-21

ALLA FIMMTUDAGA

GJÖF SEM  
HENTAR  
ÖLLUM



kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

# Ríkið fær 9 milljarða í sérstakri arðgreiðslu frá Landsbankanum

**VIÐSKIPTI** Bankaráð Landsbankans, sem er að 98 prósent hluta í eigu íslenska ríkisins, hefur lagt það til við aðalfund bankans, sem verður haldinn næstkomandi miðvikudag, að greiða sérstaka arðgreiðslu til hluthafa upp á samtals 9.456 milljónir króna.

Hlutdeild ríkissjóðs í arðgreiðslunni verður því tæplega 9,3 milljarðar en áður hafði Landsbankinn tilkynnt að greiddur yrði

15,4 milljarða króna arður til hluthafa vegna reksturs bankans árið 2017. Samtals greiðir bankinn því um 24,8 milljarða í arð á þessu ári sem rennur nánast að öllu leyti til ríkisins. Það er sama fjárhæð og bankinn greiddi út á síðasta ári. Þá var annars vegar um að ræða 13 milljarða króna arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2016 og hins vegar sérstakan arð til hluthafa að fjárhæð 11,8 milljarðar króna.

Að meðtalinni arðgreiðslu sem lögð verður til á aðalfundi bankans í næstu viku nema arðgreiðslur bankans samtals 132 milljörðum króna frá stofnun.

Eiginfjárlutfall Landsbankans var 26,7 prósent í lok síðasta árs borið saman við 30,2 prósent í árslok 2016. Fjármálaeftirlitið gerir 21,4 prósent heildarkröfu um eiginfjárgrunn bankans. — hae, kij



Að meðtalinni arðgreiðslu sem lögð verður til á aðalfundi nema arðgreiðslur Landsbankans 132 milljörðum frá stofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þórdís K. Reykjalá Gylfadóttir iðnaðarráðgjafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Landsvirkjun og Landsneti skilji

**ORKUMÁL** „Það er mikilvægt að skilja Landsnet frá Landsvirkjun og öðrum slíkum aðilum; skilja flutninginn frá framleiðslunni,“ sagði Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, á ársfundi Landsnets í gær.

Þórdís sagði að í vaxandi mæli hafi verið bent á að til lengri tíma sé óheppilegt að Landsnet sé í eigu orkuvinnslu og dreifiveitna. Fyrirtækið er í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða. Landsvirkjun á langmest eða 65 prósent.

Þórdís Kolbrún segir tímabært að setja af stað vinnu við að endurmeta fyrirkomulag á eignarhaldinu. — jhh

## Kaupa írskan framleiðanda

**VIÐSKIPTI** Iceland Seafood International, áður Íslenskar sjávarafurðir, er að kaupa 67 prósent í Oceanpath Limited, sem er stærsti framleiðandi og söluaðili ferskra sjávarafurða til smásluáðila á Írlandi.

Í tilkynningu segir að að ganga eigi frá kaupunum eins fljótt og unnt sé, í síðasta lagi fyrir lok mars, eftir að lokið er við nákvæma útfærslu kaupsamnings og hluthafasamkomulags og að uppfylltum skilyrðum því tengdum. Kaupverðið er á bilinu jafnvirði 1,4-1,5 milljarða króna. — jhh

# Afli í strandveiðum stóraukinn en fáir fást til að stunda veiðar

Skýrsla sjávarútvegsráðgjafarinnar HA sýnir að strandveiðar eru ekki á góðum stað. Aukinn afli fer inn í kerfið en afkoma sjómanna versnar og þeim fækkar. Mikilvægt að bæta kerfið að einhverju leyti. Sjávarútvegsráðgjafarinn segir skýrsluna mikilvægt innlegg. Formaður Félags smábátæigenda segir skýrsluna klúðurslega.

**SJÁVARÚVEGUR** Staða strandveiða fyrir árið 2018 er óljósari en nokkru sinni áður samkvæmt skýrslu Sjávarútvegsráðgjafarinnar Háskólans á Akureyri. Á meðan afli til veiðanna hefur verið aukinn um nærri 150 prósent hefur bátunum ekki fjölgað í takt. Afurðaverð hefur haft þau áhrif að meðafli skilar sér mun minna en áður til hafnar sem gæti bent til aukins brottkasts í kerfinu.

Sjávarútvegsráðgjafarinn HA vann akýrsluna fyrir sjávarútvegsráðuneytið. Hún sýnir miklar brotalamir í kerfi strandveiða og að gæðum samfélagsins, í þessu tilviki aflamarki, sé ráðstafað með litlum árangri og að strandveiðar beri ýmis merki þess að vera svokölluð „hobbýsjómennska“.

Í lok september í fyrra lauk níunda strandveiðisumrinu á Íslandi. Á þessum tíma hefur afli, sem farið hefur inn í kerfið, aukist úr 3.900 þorskígildistonnnum í heil 9.760 tonn án þess að hið opinbera skoði hvernig nýtingin á þeim gæðum hafi verið fyrr en nú.

Bátunum hefur þó ekki fjölgað í takt við aukinn afla og afkoma strandveiðimanna hefur heldur ekki batnað í takt við auknar aflaheimildir.

Strandveiðum var ætlað að stuðla að nýliðun og vera einhvers konar brú fyrir nýliða inn í aflamarkskerfið, þeir keyptu sér aflaheimildir og kæmust á skrið í greininni. Af skýrslunni að dæma hefur þetta markmið ekki náðst að neinu marki.

„Vega þarf og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þar með talið strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og



Fyrirkomulag strandveiða hefur lítið breyst frá árinu 2009. Meiri afli hefur farið inn í kerfið en tekjur sjómanna hins vegar minnkað á sama tíma. Hilmar Thorarensen gerir út frá Gjögri í Árneshreppi á Ströndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Að mínu mati þarf sérstaklega að skoða nýliðun í greininni og nýtingu á hráefni.**

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi.



nýliðun,“ segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

„Skýrslan er mikilvægt innlegg í þá vinnu sem mælt er fyrir um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Sá hluti þeirrar vinnu sem snýr að strandveiðum þarf að taka mið af þessum niðurstöðum. Að mínu mati þarf sérstaklega að skoða nýliðun í greininni og nýtingu á hráefni,“ segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi.

Hinn dæmigerði strandveiðisjómáður er karlmaður yfir 50 ára aldri, gerir út á bátum sínum einn í áhöfn og með 4 rúllur um borð og hefur

milljón krónur upp úr krafsinu yfir heilt sumar að mati skýrsluhöfundarinnar.

Axel Helgason, formaður Félags smábátæigenda, gefur lítið fyrir þessa skýrslu.

„Hún er frekar klúðurslega unnin og ég hnýt um margt í henni sem er ekki rétt farið með. Þetta slær mig sem einhvers konar atvinnusköpun fyrir háskólanema,“ segir Axel. „En það er bent á góða hluti þarna, meðal annars að hægt er að bæta kerfið með sóknardagakerfi. Það gekk ekki hjá síðasta ráðgjafarinn en við erum vongóðir um að það breytist núna.“ sveinn@frettabladid.is



**Jeep**

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPA

**COMPASS**

LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE

DÍSEL 2.0L 140 HÖ. EÐA 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM

Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tauklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur o.fl. Einnig fánlegur með 170 hö. bensínvél, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ 5.890.000 KR.

**HONDA**  
The Power of Dreams



# CIVIC

## Á HONDA BETRA VERÐI

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hann er sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig! Fullkomin blanda af krafti, sparnefni og gæðum. Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.

**SÉRVALDIR HONDA CIVIC Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**HONDA CIVIC - FJÖLSKYLDUBÍLLINN 2018**  
VERÐ FRÁ KR. 2.990.000



**HONDA**

## 130 innbrot í heimahús á borgarsvæðinu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu telur víst að fjöldi innbrota að undanfögnu sé skipulögð brotastarfsemi.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að gerðar hafi verið húsleitir víða og mikið af þýfi haldlagt í þeim. Tímablaug vinna standi nú yfir við að koma því aftur í réttar hendur.

Lögreglan segir hóp lögreglumanna vinna sleitulaust að rannsókninni sem sé viðamikil. Bent er á að á þriggja mánaða tímabili frá desember til febrúar hafi tæplega 130 innbrot í heimahús verið tilkynnt, þar af um 50 í síðasta mánuði.

Fimm innbrot hafi verið tilkynnt það sem af er þessum mánuði. Verðmæti stolinna muna hleypur á milliönnum.

Innbrotin eru framin á daginn og einblína þjófarnir á skartgrip og peninga en láta önnur verðmæti ósnert.

Þrjú menn voru handteknir á föstudag og úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald vegna málsins en áður höfðu fjórir menn verið handteknir. Einum hefur verið sleppt og annar vistaður í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda. Þeir sex sem enn eru í haldi eru allir erlendir ríkisborgarar. – smj

## Wilson Harrier vélarvana við Vestmannaeyjar



Flutningaskipið Wilson Harrier MT sést hér liggja í vari skammt norður af Heimaey. Skipið varð vélarvana í gær og var dregið í var vegna veðurs. Ekki þótt fýsilegt að draga það inn í Vestmannaeyjahöfn vegna stífrar vestanáttar sem þá ríkti. „Við ráðum ekkert við að stjórna skipinu með það fyrir aftan okkur, til þess þurfum við annan dráttarbat,“ segir Sveinn Rúnar Valgeirsson, skipstjóri dráttarþátsins Lóðsins. MYND /ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

## Varmadælar & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk

Midea MOB12  
Max 4,92 kW  
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)  
f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

# Forstjóri N1 hækkaði um milljón á mánuði

Laun og hlunnindi fimm helstu stjórnenda N1 hf. námu rúmum 210 milljónum króna í fyrra og hækkuðu um nærri 30 milljónir milli ára. Laun og hlunnindi forstjórans hækkuðu um 20,7 prósent, eða sem nemur rúmri milljón á mánuði.

**VIÐSKIPTI** Laun og hlunnindi Eggerts Þórs Kristóferssonar, forstjóra N1, hækkuðu um 20,7 prósent í fyrra samanborið við árið áður samkvæmt ársreikningi félagsins. Laun og hlunnindi fjögurra framkvæmdastjóra fyrirtækisins hækkuðu á sama tíma um tæp 16 prósent.

Fram kemur í ársreikningnum að laun og hlunnindi forstjóra N1 hafi á síðasta ári numið nærri 70,5 milljónum króna, eða sem nemur tæpum 5,9 milljónum á mánuði.

Árið 2016 námu heildarárs-laun og hlunnindi forstjórans 58,4 milljónum króna, eða sem nemur rúmlega 4,8 milljónum á mánuði. Hækkunin milli ára nemur því 12,1 milljón króna eða sem nemur rúmlega einni milljón króna á mánuði. Til samanburðar þýðir þessi hækkun að forstjóri N1 er nú næstum á pari við launahæsta bankastjóra landsins, Höskuld H. Ólafsson hjá Arion banka sem fékk 71,2 milljónir í laun og árangurstengdar greiðslur á síðasta ári.

Enginn forstjóri annarra skráðra félaga í Kauphöllinni fékk viðlíka hækkun milli ára og forstjóri N1.

Kjör fjögurra framkvæmdastjóra félagsins bötudu einnig mikið milli ára samkvæmt ársreikningnum. Heildargreiðslur til þeirra á síðasta ári námu 140,2 milljónum króna, eða sem nemur að meðaltali 2,9 milljónum á mánuði hjá hverjum og einum samanborið við 122,2 milljónir árið 2016, eða sem nemur 2,5 milljónum á mánuði hjá hverjum þeirra. Hækkunin nemur tæpum 16 prósentum sem fyrr segir.

Fréttablaðið leitaði skýringa á hvað lægi að baki þessum hækkunum milli ára hjá forstjóra N1.

Eggert Þór segir að nánari grein verði gerð fyrir grunnlaunum og hlunnindum stjórnenda fyrirtækisins á komandi aðalfundi á mánudag. Þar sem félagið sé skráð



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, fékk greiddar rúmlega 12 milljónir króna meira í laun og hlunnindi í fyrra en árið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**70,5 milljónir króna fóru í laun og greiðslur til forstjóra olíufélagsins N1 á árinu 2017. Hann fékk 58,4 milljónir króna á árinu 2016.**

á markað sé að svo stöddu ekki hægt að upplýsa um sundurliðun kaups og kjara fyrr en þá.

Hagnaður N1 hf. nam rétt rúmum tveimur milljörðum á síðasta ári samanborið við tæplega 3,4 milljarða árið 2016 og dróst því saman um nærri 1,4 milljarða króna.

Stærstu hluthafar félagsins eru Lifeyrissjóður verslunarmanna, sem á 13,3 prósent hlut og Gildi lifeyrissjóður með 9,2 prósent hlut. Ekki náðist í forsvarsmenn sjóðanna við vinnslu fréttarinnar.

mikael@frettabladid.is

SPÍTALINN OKKAR



## Aðalfundur og spennandi málþing í dag

Aðalfundur landssamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2018 kl. 16.00 á Icelandair Hótel Natura, Víkingasal.

### Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál.

**Málþing hefst kl. 16.45 að loknum aðalfundi**

Dagskrá málþings.

### Hönnun sjúkrahúss 21. aldarinnar

Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt hjá hönnunarteyminu Corpus3

### Hvers vegna notendastudd hönnun sjúkrahúss?

Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri á Landspítala

### Hringbrautarverkefnið – staðan í dag.

Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH

Lokaorð flytur Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

Stjórnin.

# Meira úrval



Opið allan sólarhringinn  
Gardabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

Meira  
svona  
alla daga

## Skattamál Karls verður ekki tekið upp að nýju

**SKATTAR** Yfirkattanevnd hefur hafnað kröfu Karls Wernerssonar um að mál hans fyrir tekjuárin 2005-2008 verði endurupptekin. Fyrri niðurstaða nefndarinnar stendur því öröskuð.

Skömmu fyrir síðustu jóla staðfesti nefndin niðurstöðu ríkisskattstjóra um endurákvörðun fyrir umrætt tímabil. Ákvörðunin fól í sér að rúmlega 1,1 milljarður króna af aflandsfélagi skyldi skattlagður sem tekjur en ekki arður og að 327 milljóna vaxtatekjur bættust við skattstofn. Hins vegar var 739 milljóna hagnaður af hlutabréfasölu felldur út þar sem það var félag Karls sem hagnaðist en ekki hann sjálfur.

Með endurupptökubeiðninni



Karl Wernersson.

fylgdu gögn sem Karl taldi renna stóðum undir að 1,1 milljarður hefði í raun verið arður en ekki tekjur. Um var að ræða fundargerðir hluthafafunda í félaginu.

Yfirkattanevnd taldi að fundargerðirnar gæfu ekki til kynna að ákvörðun hluthafafunda um arðgreiðslur hefði samrýmst lögum Bresku jómfrúaeja eða verið í samræmi við samþykktir félagsins. –jóe

# Reykjavíkurborg vill efla atvinnutengt nám

Skóla- og fræðsluráð Reykjavíkurborgar vinnur nú að því, í samvinnu við þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, að fjölga nemendum í atvinnutengdu námi. Framkvæmdastjóri skóla- og fræðslusviðs segir verkefnið svínvirka.



David Thor Morgan vinnur einu sinni í viku í Bauhaus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MENNTUN** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vinnur nú að áformum með þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts um að fjölga börnum í verkefninu Atvinnutengt nám. Verkefnið er unnið í samvinnu þessara tveggja aðila.

Það er ætlað nemendum í 9. og 10 bekk grunnskóla í Reykjavík, sem vegna sértaekra örðugleika, annarra en fötlunar, hafa dregist verulega aftur úr námi og/eða eiga við félags- og tilfinningalega örðugleika að stríða sem valda þeim verulegri vanlíðan í grunnskóla. Markmiðið er að bæta líðan nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra. Nemendurnir hafa verið að aðstoða við verslunarstörf, störf í eldhúsum veitingahúsa og hótela, í byggingavinnu og fleiru. Eru þau þá einn dag í viku í fjóra tíma í senn á vinnustað í stað þess að vera í skóla.

Skóla- og frístundasvið fær tiltekna fjárveitingu í þetta verkefni. Fjármagnið fer í að greiða starfsmanni í þjónustumiðstöðinni í Árbæ fyrir að sinna verkefninu og greiða laun krakkanna, en þau fá greiddan vinnuskólataxta.

„Við erum í samstarfi við þjón-

ustumiðstöðina í Árbæ um að fjölga nemendum í úrræðinu, en gera eins litla hækkun á stöðuhlutfallinu og hægt er þannig að við getum látið peningana sem mest fara til barnanna en minna í annað,“ segir Helgi Grímsson, framkvæmdastjóri skóla- og fræðslusviðs Reykjavíkurborgar.

„Ég veit ekkert nákvæmlega hvar þetta endar, en það er verið að vinna í því að efla úrræðið af því að við vitum að þetta svínvirkar og það skiptir mjög miklu máli að hafa úrræði og við getum þá gripid börnin, haldið þeim virkum og gefið þeim leið inn í framtíðina. Það er alveg lykilatriði,“ segir Helgi

Í umfjöllun Fréttablaðsins um atvinnutengt nám kom fram að á yfirstandandi skólavetri eru 85 nemendur í atvinnutengdu námi. Fjölgaði þeim um 13 frá fyrri vetri. Verkefnastjórnin, Arna Hrönn Aradóttir, segir að eftirspurn eftir þátttöku í verkefninu sé mjög mikil. Hún hefur þess vegna lagt áherslu á að það sé mjög mikilvægt að atvinnurekendur sýni því áhuga og séu fúsir til að taka nemendur að sér. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

**Smurþjónusta fyrir Toyota Yaris kostar frá 12.133 kr. Renndu við hjá Toyota Kaupþúni**

**Innifalið: Orginal Toyota smuroflía, smursía og vinna, smurt í lamir og læsingar, rafgeymir mældur, slit á dekkjum mælt. Ef skipta þarf um aðrar síur þurrkugúmmí eða perur samhliða er ekki rukkað aukalega fyrir vinnu við það.**

**Toyota Kaupþúni**

## FORD KUGA TITANIUM YFIRBURÐIR!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseginnleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR

**5.290.000** KR.

**Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KUGA TITANIUM**



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**POLO**  
RALPH LAUREN

*Stenströms*

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**gardeur**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**G-STAR RAW**

**FINUCCI**

**bugatti**

**TINO COSMA**

**BELLINI**  
collezione

**MANZ**  
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

**BARKER**  
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

**LLOYD**



**Herra,**  
*lagervinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

**Troðfull  
verslun af  
merkjavöru!**

**50% afsláttur**

**af öllum  
herravörum**

**60% afsláttur**

**af öllum  
kvenvörum**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18 / laugardaga frá kl. 11 til 17 / sunnudaga frá 13 til 17 / Sími 568 9512  
Suðurlandsbraut 54 / bláu húsin (við faxafen)

# Aðeins ein kona á sæti í fimm manna stjórn Bændasamtakanna

**SAMFÉLAG** Í fimm manna stjórn Bændasamtaka Íslands er aðeins ein kona, Guðrún Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti í Bárðardal. Hinir stjórnarmennirnir eru allir karlar. Jafnréttisstýra segir þetta ekki vera í takt við nútímann.

Bændasamtökin eru helstu hagsmunasamtök bænda en stétt bænda fær fé árlega frá hinu opinbera, rúmlega fjórtán milljörðum krónum á ári er varið til íslenskra bænda af ríkisfé árlaga. Búvörusamningar,

sem undirritaðir voru árið 2016, gilda til ársins 2026.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skal við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Hins vegar er ekkert sem segir að frjáls félagsamtök þurfi að undirgangast þessi lög þótt ríkulega sé veitt af opinberu fé til málaflöksins á ári hverju. Ásmundur Einar Daðason, ráð-

herra jafnréttismála og fyrrverandi bóndi, segir mikilvægt að jafnrétti kynjanna sé viðhaft á öllum stigum þjóðfélagsins.

„Það skiptir miklu máli að bæði kynin komi að ákvarðanatöku og jöfn staða kynjanna skiptir máli. Bændasamtökin, eins og aðrir, ættu auðvitað að gaumgæfa það,“ segir Ásmundur Einar.

Katrín Björg Ríkharðsdóttir jafnréttisstýra segir hægt að gera kröfur til félagsamtaka sem fá fjárframlög



Ásmundur Einar Daðason, ráðherra jafnréttismála. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

frá hinu opinbera um að jafna stöðu kynjanna.

„Það er í raun ekkert í lögum sem skyldar félagsamtök til að hafa jafnt kynjahlutfall í stjórnnum. Stjórnvöld geta hins vegar ákveðið að skilyrða fjárveitingar sínar til félagsamtaka og við þekkjum dæmi um að sveitarfélög geri til dæmis kröfur til íþróttafélaga um jöfn kynjahlutföll í stjórnnum enda er það ekki óeðlileg krafa í nútímasamfélagi,“ segir Katrín Björg. – sa

## Tæki færi



SIEMENS

### Uppþvottavélar með Home Connect, iQ500

14 manna. Sjö kerfi. Fjögur sérkerfi. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 42 dB. Hnifaparaskúffa og -karfa. „aquaStop“-flæðivörn. Wi-Fi: Hægt að stjórna aðgerðum úr snjallsíma eða spjaldtölvu með Home Connect-appinu.

Tækifærisherð (hvít): SN 457W16MS  
Tækifærisherð (stál): SN 457S16MS

**124.900 kr.**

Fullt verð: 159.900 kr.



SIEMENS

### Kæli- og frystiskápar, iQ300

„hyperFresh“-skúffa sem tryggir ferskleika grænmetis og ávaxta. Þrjár frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“). H x b x d: 176 x 60 x 65 sm.

Tækifærisherð (hvítur): KG 33VXW30  
Tækifærisherð (stál, kármír): KG 33VW31

**69.900 kr.**

Fullt verð: 89.900 kr.



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, er orðinn efins um úrsögn úr ASÍ eftir nýlegar breytingar á stjórn Eflingar stéttarfélags. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vill að öflug kona taki við sem forseti ASÍ

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, kveðst hafa fulla trú á að ný stjórn VR vinni vel saman. Úrsögn úr ASÍ er í ferli en breytingar í Eflingu glæða vonir um sameiningu verkalýðshreyfingarinnar. Ragnar vill forseta yfir ASÍ sem leitt gæti slíka sameiningu.

**STÉTTARFÉLÖG** „Stjórn VR hefur unnið mjög þétt saman frá því ég tók við formennsku og stjórnin samanstendur ekki af minnihluta eða meiri hluta,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um áhrif stjórnarkjörs á mögulega úrsögn félagsins úr Alþýðusambandi Íslands.

Kosið var um sjö fulltrúa í stjórn VR í vikunni og aðeins tveir nýir fulltrúar komu inn í stjórn, Arnþór Sigurðsson og Friðrik Boði Ólafsson, sem báðir styðja formann félagsins. Ragnar segir úrsagnarferli farið af stað innan VR en ekki er þó ljóst hvort af úrsögn verður, ferlið sjálf muni leiða það í ljós en lögð er áhersla á að hafa það lýðræðislegt með þátttöku félagsmanna.

Við settum þessa endurskoðun á félagsaðild að landssambandinu og ASÍ í ákveðið ferli hjá okkur,“ segir Ragnar en haldnir verða kynningarfundir þar sem farið verður yfir kosti og galla úrsagnar og þar verður fulltrúum bæði landssambandsins og Alþýðusambandsins gefinn kostur á að koma með sín sjónarmið. „Við ákváðum að farið yrði með ályktun stjórnar um úrsögn yfir í baklandið og svo í allsherjaratkvæðagreiðslu.“

Ragnar er hins vegar tvístigandi eftir þær breytingarnar í Eflingu.

„En þessar breytingar sem hafa orðið í Eflingu hafa breytt mínu viðhorfi til Alþýðusambandsins,“ segir Ragnar og vísar til hallarbyltingar í stjórn Eflingar og formannskjörs Sólveigar Önnu Jónsdóttur,

„Slagkraftur þessarar nýliðunar

**Við ákváðum að farið yrði með ályktun stjórnar um úrsögn yfir í baklandið og svo í allsherjaratkvæðagreiðslu.**

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

sem er að verða innan verkalýðshreyfingarinnar og í raun byltingar ákveðins stjórnkerfis og vinnubragða sem verið hafa við lýði, gæti orðið til þess að sameina félögin frekar en að sundra þeim,“ segir Ragnar og bætir við:

„Ef breytingar yrðu í æðstu stjórn Alþýðusambandsins sem leitt geta til þess að það fari að sinna sínu raunverulega hlutverki, þá er ég að sjálfsögðu tilbúinn að endurskoða afstöðu mína til sambandsins enda gæti þetta verið tækifæri til að sameina hreyfinguna í kringum þessar breytingar.“

Aðspurður segir Ragnar alveg liggja fyrir að það verði ekki sátt um Gylfa Arnbjörnsson sem forseta ASÍ en kjósa á forseta í haust. Aðspurður um mögulegan arftaka segir Ragnar:

„Ég hef engan sérstakan í huga en ég myndi vilja að það yrði einhver sem getur sameinað hreyfinguna og það væri hreyfingunni til mikilla bóta ef það væri öflug kona.“

adalheidur@frettabladid.is

Jensen 703 umgjörð  
kr. 18.900,-

Frábært verð á glerjum  
Einfokus gler  
Verð frá kr. 16.900,-  
Margskipt gler  
Verð frá kr. 41.900,-

**EYES LAND** gler & augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is

# VETRARTILBOÐ BÍLALANDS



Bilaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!



Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



32.468 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144924

NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 02/16, ekinn 102 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.090 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.490 þús. kr.**



42.775 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144666

TOYOTA Rav4 GX  
Nýskr. 05/16, ekinn 53 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 3.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.290 þús. kr.**



11.745 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144667

VW Polo Trendline  
Nýskr. 05/12, ekinn 85 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**790 þús. kr.**



14.429 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144634

SKODA Rapid Ambiente  
Nýskr. 06/13, ekinn 79 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.450 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.090 þús. kr.**



19.583 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153125

NISSAN Juke Acenta 2wd  
Nýskr. 06/14, ekinn 68 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.490 þús. kr.**



26.025 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144511

TOYOTA Corolla Live  
Nýskr. 04/17, ekinn 32 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.490 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.990 þús. kr.**



13.140 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144550

NISSAN Micra Visia  
Nýskr. 06/13, ekinn 69 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.250 þús. kr.

TILBOÐ:  
**990 þús. kr.**



22.160 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144483

KIA Rio EX  
Nýskr. 06/15, ekinn 47 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.690 þús. kr.**



15.717 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370827

RENAULT Megane Sport Tourer  
Nýskr. 06/13, ekinn 110 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 1.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.190 þús. kr.**



26.025 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153119

RENAULT Megane Berline Bose  
Nýskr. 07/15, ekinn 42 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.490 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.990 þús. kr.**



24.737 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 121348

HYUNDAI IX20 Comfort  
Nýskr. 11/14, ekinn 43 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.390 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.890 þús. kr.**



28.602 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144559

NISSAN Note Acenta Trend  
Nýskr. 02/17, ekinn 15 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.190 þús. kr.**



51.795 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144497

HYUNDAI Santa Fe III Style  
Nýskr. 11/15, ekinn 170 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.990 þús. kr.**



77.564 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 390496

BMW X3 Xdrive20d  
Nýskr. 04/16, ekinn 25 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 6.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**5.990 þús. kr.**



18.294 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370788

DACIA Logan  
Nýskr. 04/15, ekinn 53 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.390 þús. kr.**



32.468 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370818

RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 06/16, ekinn 70 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.490 þús. kr.**



31.459 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144417

HYUNDAI Santa Fe II Lux  
Nýskr. 03/13, ekinn 94 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.390 þús. kr.**



45.352 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 192505

HONDA CRV  
Nýskr. 01/15, ekinn 101 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.490 þús. kr.**



45.352 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 390352

SUBARU Levorg Premium Eyesight  
Nýskr. 01/17, ekinn 13 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.390 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.490 þús. kr.**



23.448 kr.  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144812

RENAULT Clio Sport Tourer  
Nýskr. 06/15, ekinn 31 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.190 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.790 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 og  
á laugardögum frá kl. 12-16.

www.facebook.com/bilaland.is

**bilaland**

## Tókst aftur að flytja særða

**SÝRLAND** Á þriðja tug almennra borgara, sem þurftu nauðsynlega að komast undir læknihendur, tókst í gær að flýja Austur-Ghouta í Sýrlandi. Tókst því annan daginn í röð, í daglegu fimm klukkustunda vopnahléi, að flytja almenna borgara af hinu stríðshrjáða svæði.

Yasser Delwan, einn talsmanna uppreisnarsamtakanna Jaish al-Islam, sagði í yfirlýsingu í gær að enn sem komið væri gengi vel að vinna innan þessa fyrirkomulags. Sagði hann hina flúnu vera 25 talsins. Sýrlenskir ríkismiðlar höfðu svipaða sögu að segja.

Enn eru þó nærri 400.000 almennir borgarar innlyksa í Austur-Ghouta samkvæmt Sameinuðu þjóðunum. Þar er lítinn mat að finna og ekkert um lyf. Hafa SP kallað eftir því að um þúsund borgarar fái að flýja svæðið tafarlaust af heilsufarsástandum.

Sókn stjórnarhers Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, hélt áfram í gær og hefur landsvæði uppreisnarmanna í Austur-Ghouta minnkað um meira en helming á þeim vikum sem orrustan hefur staðið yfir. Hún er ein sú blóðugasta í sjö ára sögu sýrlensku borgarastyrjaldarinnar og hafa nærri þúsund fallið. – þea

» Enn eru þó nærri 400.000 almennir borgarar innlyksa í Austur-Ghouta samkvæmt Sameinuðu þjóðunum. Þar er lítinn mat að finna og ekkert um lyf.

# Mestu brottvísanir í áratugi

Deila Rússa og Breta vegna Skripal-málsins harðnar. Tugum erindreka vísað á brott. Rússar ósáttir og hóta gagnaðgerðum. Formaður Verkamannaflokksins hneykslar Theresu May.

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær breska þinginu að til staði að vísa 23 rússneskum erindrekum, sem væru í raun útsendarar rússnesku leyniþjónustunnar, úr landi.

Er það gert í tengslum við mál Sergeis Skripal og Yuliu dóttur hans sem enn liggja þungt haldin eftir að hafa komist í tæri við svokallað novichok-taugaeitur í Salisbury.

Brottvísanirnar eru þær umfangsmestu í rúma þrjá áratugi. 1985 vísaðu Bretar 31 sovískum njósnara úr landi. Rússar segja ákvörðun May óásættanlega og óréttlætianlega.

Skripal var njósnari fyrir Bretland og var dæmdur í fangelsi í Rússlandi 2006. Árið 2010 fékk hann hæli í Bretlandi eftir njósnaraskipti.

Rússar fengu frest til miðnættis í fyrrinótt til að svara því hvernig eitrad hefði verið fyrir fyrrverandi njósnurum með efni sem er eingöngu framleitt í Rússlandi. Talsmaður Vladimirs Pútín, forseta Rússlands, sagði Rússa hafna afarkostum. Rússar hafi ekki átt þátt í tilræðinu.



Rannsakendur í Salisbury hafa klæðst hlífðarbúningum. NORDICPHOTOS/AFP

Til viðbótar munu Bretar ekki senda neina embættismenn á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Rússlandi. Öllum tvíhliða viðræðum er aflýst, eignir rússneska ríkisins á Bretlandi hugsanlega frýstar og aukð eftirlit verður með flugvélum og skipum frá Rússlandi.

May var ómyrk í máli í gær. Sagði hún, nýkomin af fundi með forsprökkum leyniþjónustustofnana Breta, að ekki væri hægt að draga neina aðra ályktun en þá að Rússar væru sekir. Sorglegt væri að Pútín kysí að beita sér á þennan hátt.

Þá sagði May forkastaðlegt að Rússar beittu ólöglegum efnavopnum gegn almennum borgurum. Undir það tók Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins.

Forsætisráðherrann sagði Breta myndu beita öðrum aðgerðum sem ekki væri hægt að segja frá opinberlega. Öryggisráð SP hefði þar að auki samþykkt að ráðast í niðurrif njósnanets Rússa á Bretlandi.

Corbyn vakti ekki hrifningu ýmissa þingmanna er hann spurði hvernig ríkisstjórn May hefði brugðist við ósk Rússa um sýni af eitrunu. May sagðist hneyksluð á yfirlýsingu talsmanns Corbyns eftir þingfundinn um að formaðurinn tryði því ekki að tekist hefði að sanna sekt Rússa í málinu og að mögulegt væri að leyniþjónustustofnanir hefðu rangt fyrir sér.

Bar Corbyn saman fullyrðingar Breta nú við fullyrðingar um meint geryðingarvopn Saddams Hussein.

thorgnyr@frettabladid.is

**Vetrarpakki**  
Vetrardekk, dráttarkrókur  
og gúmmímotta í farangursrými.  
Alls 300.000 kr. með 50% afslætti  
**150.000 kr.**

Tiguan á enn betra verði.

Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.

Við látum framtíðina rætast.

Tilboðsverð  
**4.780.000 kr.**  
Verðlistaverð 5.210.000 kr.

5  
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

5 ára ábyrgð bylgir fólksbilum HEKLU að upplýttum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

Made in Iceland  
**BIOEFFECT**



## BYLTINGARKENND HÚÐVARA fyrir heilbrigðari húð

**BIOEFFECT EGF + 2A DAILY TREATMENT** er háþróað og byltingar-  
kennt framlag vísindanna til umhirðu húðarinnar. Með því að blanda  
saman Hyaluronic-sýru og hinum margverðlaunaða og kröftuga  
EGF vaxtarþætti ræktuðum í byggi annars vegar – og hins vegar  
Ferulic og Azelaic andoxunarsýrunum, fæst háþrúð tvenna sem  
berst af miklum mætti gegn sjáanlegri öldrun húðarinnar.

## KYNNINGARDAGAR 15.-21. MARS

Kaupuki að verðmæti 4.600 kr. þegar verslað er fyrir 10.900 kr. eða meira á kynningardögum\*

\*á meðan birgðir endast



BIOEFFECT.COM

FÆST Í VERSLUNUM HAGKAUPS Í SMÁRALIND, KRINGLU, SKEIFU OG GARÐABÆ

@BIOEFFECTOFFICIAL

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

**blómaaval**



**HAND-  
LAUGAR-  
TÆKI**  
PINE  
8000033  
**-25%**

**damixa™**  
Handlaugartæki  
Pine.  
8000033

**8.695** kr  
~~11.595~~ kr



**ALLIR  
AVASCO  
HILLU-  
REKKAR**  
**-20%**

175  
kg  
HYPERHILLA

**AVASCO™**

Hillurekki Strong 175 Galva  
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur,  
hver hilla ber 175 kg. Litur: Galv.  
5803673

**4.796** kr  
~~5.995~~ kr



Vegghandlaug  
JIKA OLYMP, 50x41 cm.  
Blöndunartæki fylgir ekki.  
7920710

**7.595** kr  
~~10.650~~ kr

**VEGG-  
HAND-  
LAUG**  
JIKA OLYMP  
7920710  
**-30%**

**FRÍÐAR-  
LILJA**  
**-25%**

Fríðarlilja  
11261379

**1.490** kr  
~~1.990~~ kr



**ALLAR  
HÁBRÝSTI-  
DÆLUR**  
**-20%**

**Nilfisk**  
Hábrýstidæla  
100 bör, 1,3kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga.  
Click & Clean kerfi.  
5254200

**11.996** kr  
~~14.995~~ kr

**MON-  
STERA**  
**-26%**

Monstera  
11328481

**1.990** kr  
~~2.690~~ kr



**STANLEY**

Loftpressa FatMax  
2Hp, 24 ltr. kútur, 8 bör, 222 ltr./mín, þyngd 28 kg.  
5255126

**21.196** kr  
~~26.495~~ kr

**ALLAR  
STANLEY  
LOFT-  
PRESSUR**  
**-20%**

**ALLAR  
HYPER-CUT  
GREINA-  
KLIPPUR**  
**-25%**

Greinaklippur  
Hyper Cut.  
5084733

**1.349** kr  
~~1.799~~ kr



**VERK-  
FÆRA-  
SKÁPUR**  
NEO  
5024494  
**-33%**

Verkfæraskápur  
NEO, stærð: 46x68x102 cm, þyngd 45 kg,  
burðargeta 280 kg, 6 skúffur, hjól með bremsum,  
læsing á skúffum.  
5024494

**29.995** kr  
~~44.995~~ kr

**ÁSTAR-  
ELDUR**  
**-33%**

Ástareldur  
10327408

**799** kr  
~~1.199~~ kr



Hekklippur  
22 cm.  
5084742

**2.759** kr  
~~3.679~~ kr

**ALLAR  
HYPER-CUT  
HEKK-  
KLIPPUR**  
**-25%**

Strákústur  
Með skafti, 40 cm.  
5044450

**693** kr  
~~990~~ kr

**STRÁ-  
KÚSTUR**  
40 CM  
5044450  
**-30%**

Harðparket  
10 mm, Hickory Chelsea fasað.  
147047

**2.090** kr/m<sup>2</sup>  
~~2.990~~ kr/m<sup>2</sup>

**HARD-  
PARKET**  
10 MM  
147047  
**-30%**



Byggjum á betra verði



# VOR

## markaður

Allt fyrir garðinn og heimilið  
í Húsasmíðjunni og Blómavali

Gildir 15.-25. mars

Vorlaukar  
**25% afsláttur**

Fræ  
**25% afsláttur**

Sáðbakkar  
**25% afsláttur**



**Gasgrill Omega 200**  
Grillflöturinn 50 x 36 cm með tvískiptum brennara. Flame Tamer hlíf yfir brennurum. Emalerað grillgrind, hliðarborð, neistakveikja. Þrýstjafnari 6.2 Kw. 3000225

**17.990 kr**  
~~20.990 kr~~



**Gasgrill Q2200**  
Ryðfrír brennari 3,51 kW/h – 12.000 BTU. Rafstýrður-kveikjurofi, grillflötur: 39 x 54 cm. 3000378

**47.990 kr**



**Gasgrill Spirit E310 Classic Weber**  
3 ryðfrír brennarar: 9,4 kW/h - 32.000 BTU. Rafstýrður kveikjari, grillflötur: 61 x 45 cm, efri grind: 6 x 12 cm. 3000310

**73.990 kr**

Byggjum á betra verði

husa.is

## Ástand heimsins



1



2



3



4

1 Angela Merkel var svarið inn í embætti Þýskalandskanslara í gær í fjórða skipti en henni tókst nýverið að mynda ríkisstjórn eftir langvarandi stjórnarkreppu. Ríkisstjórn Kristilegra demókrata, Merkel og Jafnaðarmannaflokksins tók því við völdum í gær en flokkarnir störfuðu einnig saman á síðasta kjörtímabili.

NORDICPHOTOS/AFP

2 Kínverskir munkar fögnuðu í gær svonefndri Kína-hátíð í Hsuan Tsang-musterinu í Kolkata á Indlandi. Hátíðin stendur yfir í

tvo daga og er í umsjón kínverska ræðismannsins í Kolkata. Hún er haldin í tilefni af fimmthú ára afmæli musterisins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3 Bidya Bhandari, til hægri, var svarið inn í embætti forseta Nepals í gær. Hún vann stórsigur á mótframbjóðanda sínum í forsetakosningum þriðjudagsins. Fékk stuðning 39.275 kjórmanna gegn 11.730 og mun því sitja annað kjörtímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

4 Stjórnarandstæðingarnir Ílja Jashin og Vladímír Mílov boðuðu

til blaðamannafundar í gær og birtu skýrslu um embættisverk Vladímírs Pútín, forseta Rússlands. Forsetakosningar fara fram í Rússlandi á sunnudag og mælist Pútín með um sjötíu prósentu fylgi í könnunum. NORDICPHOTOS/AFP

5 Hörð mótmæli voru í borginni Colon í Panama í gær en þar fór fram allsherjarverkfall verkamanna. Til verkfallsins var boðað til að mótmæla slæmu ástandi í skólakerfinu, töfum á innviðaupbyggingu, atvinnuleysi og ástandi öryggismála. NORDICPHOTOS/AFP



5

## LÍFGAÐU UPP Á VEISLUNA MEÐ LITUM



Í Rekstrarlandi fæst glæsilegt úrval af vörum til veisluhalds, dúkarúllur, dúkarenningar, servíettur, einnota borðbúnaður, kerti og kertaglós í öllum regnbogans litum. Einfaldaðu veisluhöldin, við sendum hvert á land sem er.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 8-17.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

  
**REKSTRARLAND**  
Rekstrarland er hluti af Olís



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation  
that excites

# NISSAN SPORTJEPPAR TILBÚNIR Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR



ENMEM / SIA / NM87048

## NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.550.000 kr.**

### Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

## NISSAN X-TRAIL

Verð frá: **4.790.000 kr.**

### Staðalbúnaður í X-Trail m.a.:

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Hjómkerfi með 6 hátölurum
- 17" álfelgur
- 7" snertiskjár
- Regnskynjari
- Þokuljós að framan
- Skyggðar rúður að aftan
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Tveggja svæða tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Neyðarhæmlun
- Akreinavari
- Skynjar umferðaskilti og birtir á upplýsingaskjá
- Armpúði á milli sæta

Nánari upplýsingar á [nissan.is](http://nissan.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bilalan Bilás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## MARKAÐURINN

# Gefa lítið fyrir svör seðlabankastjóra

Forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins kallar eftir því að stjórnendur Seðlabanka Íslands greini skaðsemi innflæðishaftanna. Forstjóri GAMMA segir bankann koma í veg fyrir æskilega fjárfestingu. Tölvupóstur Seðlabankans til valinna viðtakenda olli titringi.

Með því að kippa áhrifum markaðarins úr sambandi og hindra innflæði fjármagns til landsins gera innflæðishöft Seðlabanka Íslands það að verkum að bankinn getur viðhaldið herra stýrivaxtastigi en ella. Þetta er mat Ásdísar Kristjánsdóttur, forstöðumanns efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Hún kallar eftir því að stjórnendur bankans greini skaðsemi haftanna. Þau séu kostnaðarsöm og brenngli verðmyndun á mörkuðum.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri gaf á fundi í Seðlabankanum í gærmorgun lítið fyrir þá gagnrýni að höftin, sem sett voru á innflæði fjármagns í júní 2016, hefðu stuðlað að hærri vaxtakjörum til heimila og fyrirtækja. Án haftanna væru vextir vissulega lægri „en gengi krónunnar væri einnig hærri því miðlun peningastefnunnar hefði í ríkari mæli verið beint um gengisfarveginn“ en vaxtafarveginn.

Það byði hættunni heim, enda væri raungengi mjög hátt í sögulegu sambengi og frekari hækkun myndi fylgja „aukin áhætta og álag á útflutningsatvinnuvegi“.

Í sérstakri yfirlýsingu sem seðlabankastjóri las upp á fundinum kom fram að ekki væri tilefni til þess að slaka á höftunum. Hins vegar væru í undirbúningi innan bankans tillögur að breytingum á framkvæmd haftanna sem gætu tekið gildi á síðustu mánuðum ársins. Alþingi hefði þó lokaorðið í þeim efnunum.

Umrædd innflæðishöft virka þannig að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánunum þarf að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Einn megintilgangur haftanna var að sporna við vaxtamunarviðskiptum með íslensk ríkisskuldabréf, þar sem aðráttaraflíð er einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management, segir hafa skilning á því að Seðlabankinn vilji koma í veg fyrir að hingað komi fjárfestar í leit að vaxtamunarviðskiptum. Hins vegar standi innflæðishöftin, eins og Seðlabankinn hefur útfært þau, í vegi fyrir æskilegri fjárfestingu í íslensku hagkerfi.

„Á sama tíma og Seðlabankinn reynir að stöðva það sem hann telur óæskilegt kemur hann í veg fyrir það sem getur talist æskileg fjárfesting.“



Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Bankinn segir að innflæðishöftin verði óbreytt enn um sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Erlendir fjárfestar hafa um þessar mundir mikinn áhuga á því að fjárfesta hér á landi í verkefnum tengdum íslenska hagkerfinu, sér í lagi í ferðaþjónustutengdum geirum og innviðaverkefnum. Það má í raun sjá þennan sterka áhuga þeirra í gegnum fjárfestingar á íslenska hlutabréfamarkaðnum.

Það er afar jákvætt enda getum við ekki fjármagnað sjálf allar þær framkvæmdir sem þörf er á að ráðast í. Við þurfum nauðsynlega á erlendu fjármagni að halda til þess og þá ekki aðeins frá hlutabréfafjárfestum heldur einnig skuldabréfafjárfestum,“ segir hann.

Már tók fram á fundinum að það væri afstaða Seðlabankans að höftin yrðu óbreytt enn um sinn þar sem vaxtamunur gagnvart útlöndum væri enn verulegur. „Almennt má þó segja að aðstæðurnar til slökunar batni eftir því sem vaxtamunur

## Tölvupóstur Seðlabankans olli titringi

Tölvupóstur sem Seðlabankinn sendi út um niuleytið í gærmorgun, þess efnis að von væri á sérstakri yfirlýsingu frá seðlabankastjóra um innflæðishöftin, skapaði væntingar á meðal markaðsaðila um að tilkynnt yrði um breytingar á fyrirkomulagi haftanna. Af þeim sökum hækkaði gengi hlutabréfa og ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa lækkaði í fyrstu viðskiptum þegar markaðir voru opnaðir.

Tölvupósturinn var aðeins sendur til valinna fjölmiðla og greinenda en fór ekki í gegnum upplýsingakerfi Kauphallarinnar.

Verðbreytingarnar gengu hins vegar snögglega til baka þegar Már las upp yfirlýsingu sína klukkan tíu og ljóst varð að engar breytingar væru á fyrirhugaðar á höftunum.

Greiningardeild Arion banka gagnrýndi upplýsingagjöf Seðlabankans í markaðspunktum sínum í gær og sagði að eðlilegast hefði verið að birta umrædda yfirlýsingu seðlabankastjóra fyrir opnun markaða líkt og gert var með yfirlýsingu peningastefnufundar.

minnkar, gengi lækkar eitthvað og spennan slaknar,“ nefndi hann.

Ásdís segir að setning haftanna hafi upphaflega verið viðbrögð

Seðlabankans við viðvarandi miklum vaxtamun við útlönd. „Seðlabankinn hefur kerfisbundið, frá því að verðbólga fór undir verð-

Rannsóknir annarra ríkja hafa sýnt fram á það að innflæðishöft stuðla að hærri vaxtastigi en ella og hærri fjármögnunarkostnaði til fyrirtækja.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins



Á sama tíma og Seðlabankinn reynir að stöðva það sem hann telur óæskilegt kemur hann í veg fyrir það sem getur talist æskileg fjárfesting.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management




bólgumarkmið fyrir fjórum árum, verið að spá hærri verðbólgu en raunin hefur orðið. Seðlabankinn hefur því viðhaldið hærri vaxtastigi en þörf hefur verið á á sama tíma og vextir erlendis hafa verið í sögulegu lágmarki,“ segir hún.

Það sé engin tilviljun að vaxtamunurinn sé lítið ræddur á vaxtaákvörðunarfundum bankans enda skipti hann engu máli í skjóli hafta. „Ef hér væru ekki innflæðishöft liggur það í augum uppi að Seðlabankinn yrði að horfa til þess hvernig vaxtastig erlendis er að þróast. Vaxtamunur við útlönd væri því óhjákvæmilega ekki svona mikill.“

Rannsóknir annarra ríkja sem hafa verið með svipuð höft hafa sýnt fram á það að innflæðishöft stuðla að hærri vaxtastigi en ella og hærri fjármögnunarkostnaði til fyrirtækja,“ segir Ásdís.

kristinningi@frettabladid.is



## ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

### Strefen®

Bólguþandi og verkjastillandi  
munnsogstafla við særindum í hálsi




HUNANGS  
OG SÍTRÓNU-  
BRAGD



APPELSÍNU-  
BRAGD  
SYKURLAUST

Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfí, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtíma meðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólahringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).



CURIO  
COLLECTION  
BY HILTON

# Reykjavík Konsúlat hótél býður gesti velkomna

Í upphafi síðustu aldar setti Ditlev Thomsen, konsúll, kaupmaður og ferðamálafrumkvöðull, sterkan svip á miðbæ Reykjavíkur með atorku sinni og umsvifum fjölskyldufyrirtækisins. Gestrisni hans, framsýni og alþjóðleg hugsun var annáluð.

Ríflega öld síðar opnum við nýtt og glæsilegt Reykjavík Konsúlat hótél á sama stað og Thomsens Magasín stóð í Hafnarstræti. Í anda konsúlsins búum við vel að ferðalöngum og bjóðum þá velkomna til okkar. Á hótelinu eru 50 glæsileg herbergi og svítur þar sem gestir hafa aðgang að baðhúsi og líkamsræktaraðstöðu. Einnig er þar veitingastaðurinn **Gott Reykjavík** sem býður upp á heilnæma og gómsæta rétti frá morgni til kvölds.

Reykjavík Konsúlat hótél er hluti af **Curio Collection by Hilton**, alþjóðlegri keðju einstakra hótela með sögulega skírskotun. Við hlökkum til að vera partur af nýrri ásýnd miðbæjarins.

REYKJAVÍK  
KONSÚLAT  
HÓTEL

# Bílaást



**Kolbrún Bergþórsdóttir**  
kolbrun@frettabladid.is

**M**engun í Reykjavík vegna bílaumferðar er orðin slík að jafnvel fullfrískar manneskjur finna fyrir óþægindum. Ást Íslendinga á einkabílum er farin að skaða þá. Ástæða er til að staldra við og íhuga hvort ekki sé kominn tími til að breyta.

Meirihluti borgarstjórnar hefur lengi talað fyrir því að borgarbúar leggi einkabílnum og taki upp annan ferðamáta. Um leið hefur þessi sami meirihluti gert þau slæmu mistök að messa um of yfir borgarbúum, sem hafa fengið á tilfinninguna að verið sé að þvinga þá til að hafna einkabílum. Stjórnmalamenn sem ætla að skipa þjóðinni fyrir verkum eru þreytandi og fá fólk upp á móti sér, jafnvel þótt þeir hafi mikið til sins máls.

Meirihlutinn hefur óþreytandi boðað fagnaðar-erindið um hinn þægilega ferðamáta sem felst í því að taka strætó. Ekkert hefur þó frést af reglulegum strætóferðum borgarfulltrúa. Það er dálítið skrytið að þeir stjórnmalamenn sem tala mest um nauðsyn þess að fólk nýti sér almenningsamgöngur skuli ekki sjálfir sjá ástæðu til þess. Kannski búa þeir allir í 101 Reykjavík og eiga því auðvelt með að tölta í vinnuna.

Meirihlutinn hefur sömuleiðis látið sér tíðrætt um þá velliðan sem felst í því að vippan sér upp á hjól og fara þannig flestra ferða sinna. Það má segja borgarstjóranum, Degi B. Eggertssyni til hróss, að hann sést stundum á hjóli og sýnist bara nokkuð sæll með það hlutskipti.

Borgarbúar láta ekki heillast af strætó og hjólaferðum, af ástæðum sem eru fremur skiljanlegar. Strætósamgöngur hafa reyndar skánað nokkuð síðustu misseri en eru enn ekki nægilega góðar til að bíleigendur kjósi að nýta sér þann ferðamáta. Fólk þarf að komast ferða sinna á sem stystum tíma og hjá strætó er of langt á milli ferða.

Í stað þess að stórbæta strætósamgöngur hefur verið farin sú leið að taka lítil skref í von um að fólk átti sig og hlaupi út á næstu stoppistöð. Það hefur ekki gerst. Ekki er fjölmenni á stoppistöðinni, nema þegar í hlut eiga leikskólaborn og skólakrakkar, sem teljast örugglega í hópi lífsglöðustu viðskiptavina strætó. Borgarbúar vilja ekki breyta venjum sínum, jafnvel tilboð um að nú megi þeir taka Snata og kisu með í strætó, virkar ekki lokkandi. Ekki hvarflar heldur að þeim að leggja einkabílnum og fjárfesta í reiðhjóli. Í þeim efnum er auðvelt að hafa samúð með þeim, ekki er fýsilegt að hjóla á vetrum þegar færð er þung og svo vill líka svo illa til að yfirleitt er alltof vindasamt á þessu landi.

Vissulega er kostnaðarsamt að bjóða upp á góðar almenningsamgöngur, en ef einhver fær dollara-glampa í augun við tilhugsun um að reka fyrirtæki eins og Strætó þá er sá hinn sami á alvarlegum villigötum. Þarna er um að ræða þjónustu en ekki gróðaviðskipti. Verði þetta ekki haft að leiðarljósi þá verða almenningsamgöngur áfram í ólestri og hinn mengandi einkabíll mun eiga sviðið. Er það kannski það sem við viljum?



Í stað þess að stórbæta strætósamgöngur hefur verið farin sú leið að taka lítil skref í von um að fólk átti sig og hlaupi út á næstu stoppistöð.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Auðveldara að draga fé en andann**  
Fréttablaðið.is greindi frá því um helgina að eiginkona Snapchat-stjórnunnar Gæja hefði hlotið dóm fyrir að hafa dregið sér rúmar 59 milljónir króna út úr einkahlutafélaginu Gæi ehf. og að hafa ekki fært bókhald þess. Í gær tjáði Gæi sig sjálfur um málið. Á Snapchat að sjálfsögðu. Þaðan hefur Fréttablaðið.is eftir honum að þau hjónin ætli að læra af mistökunum, segja skilið við fortíðina og horfa fram á veginn. Þeim þyki þetta leiðinlegt og það er „ekki búið að vera auðvelt að draga andann síðustu vikur“.

**Rafmögnum rannsókn**  
Leit lögreglu að sex hundruð tölum sem stolið var úr þremur gagnaverum í Reykjanesbæ í lok síðasta árs hefur engan árangur borið. Rafmagnsnotkun á landinu er vöktuð ef ske kynni að ræningjunum dytti í hug að stinga öllum tölunum í samband í einu. Þrátt fyrir þetta hefur Gunnar Hrafn Jónsson furðar sig á þessari „þínu krúttlegu“ aðferðafræði á Facebook: „Ef þú rifur bara verðmætasta draslið úr þessu (örgjörva) mætti örugglega koma því öllu úr landi í sæmilegri ferðatösku, sem er sennilega löngu búið að gera.“  
thorarinn@frettabladid.is

## Brimrótið og baslið



**Hildur Björnsdóttir**  
skípar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**K**lukkan er tæplega fimm síðdegis. Stelpurnar organdi í aftursætinu. Eðlilega. Þreytt eftir langan leikskóladag og þurfa nú að fást við umferðarteppu – í brösulegt bland við andlega veðurteppa foreldra – sem auðvitað eru of seinir að sækja bróðurinn. Það á eftir að kaupa kvöldmat. Baða börnin. Þvo þvottinn. Hjálpa við heimanám. Hugleða, hlaupa og hnoða súrdeig. Kúldrast svo með samviskubít yfir öllu því ókláraða.

Ungt fjölskyldufólk er undir álagi. Kröfur samfélagsins sligandi. Fólk oft nýkomandi á vinnumarkað. Yfirleitt undir-menn og sjaldan í hátekjuhópi. Fjárhagsáhyggjur algengar. Það reynir að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaði sem reynist mörgum ómögulegt. Fólk eignast sín fyrstu börn og aldrei eru nægilega margar klukkustundir í sólarhringnum. Streitan mikil og minnstu frávik setja allt úr skorðum.

Við foreldrar fáumst við vanda. Við treystum á tiltekna þjónustu. Við treystum á gæslu fyrir börnin okkar. Öðruvísi verðum við ekki þátttakendur á vinnumarkaði. Öðruvísi fjármögnum við ekki heimilisreksturinn. Þjónustan hefur brugðist í borginni. Börn verið send heim vegna manneklu með tilheyrandi afleiðingum fyrir vinnandi fólk. Ástandið hefur aukði enn á streitu foreldra.

Enn alvarlegri er vandi þeirra sem enga gæslu fá. Skortur er á dagforeldrum í borginni og leikskólavist nær ómöguleg hugmynd fyrir tveggja ára aldur. Fjölmargir foreldrar ilengjast frá vinnu eftir fæðingarorlof. Það er fjárhagslega íþyngjandi og ástandið bitnar oft á kvenfólki. Þar hefur kynbundinn launamunur eflaust áhrif. Þennan vanda þarf að leysa. Það er aðkallandi jafnréttismál.

Við verðum að brúa bilið. Að fæðingarorlofi slepptu verða börn að eiga daggæslu vísa – og foreldrar að eiga val um daggæslukosti. Við verðum að efla bæði leikskólástigið og dagforeldrastigið. Leysa mannekluvanda leikskólanna og draga úr brottfalli dagforeldra. Þetta eru forgangsmál – og við munum kynna lausnir.

Það er mikilvægt að ungt fólk eigi málsvara í stjórnmalum. Málsvara sem þekkja þeirra daglega amstur – þekkja brimrótið og baslið. Fjölskyldulífið er auðvitað dýrt og dásemd. Það allra besta. En því fylgir álag. Aukum ekki enn á streitu foreldra. Ráðumst í aðgerðir. Leitum lausna. Gerum breytingar.



Við verðum að brúa bilið. Að fæðingarorlofi slepptu verða börn að eiga daggæslu vísa – og foreldrar að eiga val um daggæslukosti.

## ALLAR KONUR ÆTTU AÐ EIGA SINN DEMANT !



Silkimjúkt sleiþiefni sem veitir unaðslega tilfinningu

Endist lengi Silicone baserað Má nota með smokkum

Fæst í apótekum og á [www.heimkaup.is](http://www.heimkaup.is) og á [www.njottulifisins.is](http://www.njottulifisins.is)

# Misskipting hefur afleiðingar

Í DAG

Þorvaldur  
Gylfason

Eftir heimsstyrjöldina síðari 1939-1945 var endurreisn efnahagslífsins helzta viðfangsefni stjórnvalda í okkar heimshluta og einnig í Japan. Stofnun Evrópu-sambandsins, Marshall-aðstoð Bandaríkjanna við Evrópulönd, náð samstarf Japans og Bandaríkjanna og frívæðing millilandsviðskipta að loknu stríði miðuðu að þessu marki. Betri lífskjör almennings voru aðalkeppikeflið. Skipting auðs og tekna milli manna þótti skipta minna máli.

## Aukinn jöfnuður frá 1930 til 1980

Sumir litu svo á að skipting lífs-gæðanna skipti ekki miklu svo lengi sem menn hefðu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í stjórnarskrám flestra lýðræðisríkja. Við þau skilyrði kemst réttlát eða a.m.k. viðunandi skipting auðs og tekna á af sjálfu sér, var sagt. Það kann að hafa ýtt undir þessa skoðun að skipting auðs og tekna var víða orðin miklu jafnari í stríðslok 1945 en hún hafði áður verið.

Skoðum tölurnar. Í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan hafði hlutdeild ríkasta hundraðshluta heimilanna, þ.e. þess hundraðshluta (1%) heimilanna sem hæstar hafði tekjurnar að ógreiddum sköttum, minnkað úr 17% af heildartekjum eða þar um bil 1931-1940 niður fyrir 10% 1961-1980. Minna var vitað þá en nú um skiptingu auðs milli manna. En nú þykjast menn vita að hlutdeild ríkasta hundraðshluta heimilanna í heildarauði í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi og víðar minnkaði úr 40%-50% árin 1931-1940 í 20%-30% árin 1961-1980. Með heildarauði heimilanna er átt við hreinan auð, þ.e. eignir að frádregnum skuldum. Tölur um skiptingu auðsins lágu þá reyndar ekki fyrir, þær eru nýkomnar fram. En menn þóttust samt greina aukinn jöfnuð í eignaskiptingu líkt og í tekjuskiptingu með því að líta í kringum sig. Í ljósi reynslunnar þótti mörgum því eðlilegt að leggja höfuðáherzlu á batnandi lífskjör frekar en aukinn jöfnuð, ekki þar fyrir að þessi tvö markmið þyrftu yfirleitt að stangast á.

## Aukinn ójöfnuður frá 1980

Síðan snerist þróunin við. Ekki er auðvelt að tímasetja viðsnúninginn enda gerðist hann ekki alveg samtímis alls staðar, en margt bendir þó til að hann hafi orðið í kringum 1980. Í Bandaríkjunum og Evrópu jókst hlutdeild ríkasta hundraðshluta heimilanna úr 8% af heildartekjum 1980 upp í 12% í Evrópu síðustu ár og 20% í Bandaríkjunum (og Rússlandi!) sem er svipað hlutfall og hæst var fyrir stríð. Með líku lagi jókst hlutdeild ríkasta hundraðshluta heimilanna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi og víðar úr 20% af heildarauði 1980 upp fyrir 40% (eins og í Rússlandi!) 2015.

Af þessum umskiptum hefur leitt að aukin misskipting er orðin að einu helzta ágreiningsefni síðustu ára á vettvangi stjórnmálanna. Hún er nærtækasta skýringin á óvæntri ákvörðun Breta 2016 um að ganga úr ESB og kjöri Trumps Bandaríkjaforseta 2016. Margir kjósendur sem töldu sig hafa orðið út undan í efnahagslegu tilliti greiddu atkvæði gegn valdhöfum. Nýjar rannsóknir sýna að stuðningur við lýðræði í Norður-Ameríku og Evrópu er mun minni meðal ungs fólks sem fæddist 1980-1990 en meðal eldra fólks sem fæddist 1930-1940.

## Margar hliðar misskiptingar

Misskipting snýst ekki bara um tekjur og eignir heldur einnig um líf og heilsu. Nýjar rannsóknir sýna að ríkasti hundraðshluti bandarískra karlmanna, þ.e. sá hundraðshluti (1%) sem á mestar eignir, lifir nú að jafnaði næstum 15 árum lengur en fátækasti hundraðshlutinn, þ.e. sá hundraðshluti (1%) sem á minnstar eignir. Munurinn á ævilikum ríkra og fátækra kvenna þar vestra á sama kvarða er minni eða 10 ár frekar en tæp 15 ár. Bilið milli ríkra og fátækra

breikkar hratt. Sömu þróunar verður vart sums staðar í Evrópu og einnig hér heima eins og Stefán Ólafsson prófessor og Arnaldur Sölvi Kristjánsson lýsa í bók sinni, *Ójöfnuður á Íslandi*, sem er stútfull af fróðleik um efnið frá ýmsum hliðum. Þar kemur t.d. fram (bls. 224) að hlutfall meðaltekna ríkasta hundraðshluta heimilanna – efstu prósentunnar – af meðaltekjum þeirra 90% heimilanna sem hafa lægstar tekjur hækkaði úr sjö 1992-1995 í 30 árið 2007 og lækkaði síðan aftur í tíu 2015.

Hlutfallið var því næstum helmingi hærra 2015 en 1992-1995.

Í þessu ljósi þarf að skoða aukna ókyrrð í stjórnmálum víða um Evrópu að undanfögnu líkt og í Bandaríkjunum og þá um leið einnig ókyrrðina á vinnumarkaði hér heima. Venjulegir launþegar eiga margir erfitt með að fella sig við breikkandi launabil milli forstjóra og óbreyttra starfsmanna. Miklar og stundum afturvirkar kauphækkningar sem Kjararáð hefur fært alþingismönnum og embættismönnum

sem höfðu dregið aftur úr öðrum ýta undir kaupkröfur almennra launþega sem una því ekki að dragast aftur úr hátekjuhópnum. Þá upphéfst kapphlaup. Fari kjarasamningar úr böndum á þessu ári og næsta, þ.e. komi til verkfalla eða verði samið um kauphækkningar sem fyrirtækin telja sig þurfa að velja að einhverju leyti út í verðlagið svo sem margt bendir nú til, þá munum við þar hafa enn eina lifandi sönnun þess að misskipting hefur afleiðingar.

**Eftirréttir**

PIPP Páska ostakaka

Ljúffeng ostakaka fyrir 6-8 manna

Gerðu vel við þig og þína um páskana með ljúffengri Pipp ostaköku. Hún er gómsæt með ljúfum piparmyntutónum sem koma þér í hæstu hæðir.

PIPP



# FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR 15. MARS 2018

Tíska



Petra Bender kynnir sína fyrstu fatalínu, Bypetra-bender, á HönnunarMars í kvöld. Á opnuninni fer einnig í loftið vefsíða og vefverslun. Petra segir línuna fjalla um hvernig fólk speglar sjálft sig í öðrum. ➔4



Hér klæðist Davíð Einarsson sérsaumuðum smoking-jakka úr sléttflaueli og Stenströms-skyrtu. MYNDIR/ERNIR

## Smá bland í poka

Fatastill Davíðs Einarssonar er fjölbreyttur enda hefur veður og skap dagsins áhrif á klæðaburðinn. Hann hefur einnig delli fyrir aukahlutum og finnst hringir, hálsmen og armbönd gera mikið fyrir heildarútlitið. ➔2



VEISLAN HEFST  
Í COMMA

*Fallegt, fágæð og töff!*

comma,  
SMÁRALIND

## Framhald af forsiðu →

Starri Freyr  
Jónsson

starri@frettabladid.is



**D**avíð Einarsson lýsir fatastílnum sínum sem smá blandi í poka. „Ég elska að klæða mig í jakkaföt og volga nýstraujaða skyrtu en mér finnst einnig rosalega þægilegt að negla mér í kósi buxur, bol og hettupeysu. Ég á mér enga sérstaka tiskufyrirmynd heldur klæðist í raun mikið eftir veðri og skapi. Hversdagslegi klæðnaðurinn er oft gallabuxur, hvítir strigaskór og peysa eða skyrtu. Ef það er mjög kalt, eins og búið er að vera undanfarið, þá finnst mér gott að fara í rúllukragapeysu.“

Davíð er 25 ára gamall og stundar mastersnám í markaðsfræði og fjármálum við Háskólann í Reykjavík. „Utan námsins er ég í starfsnámi í markaðs- og auglýsingadeild Bónus og vinn í Herragarðinum í Kringlunni. Helstu áhugamál mín eru tíska, íþróttir, hreyfing og ferðalög. Hreyfing hefur alltaf verið mér mikilvæg og ég reyni að æfa sex sinnum í viku. Ég er nýbyrjaður í hóppjálfun hjá Birki Vagni í Laugum og það er eitthvað sem ég mæli með fyrir þá sem vilja prófa eitthvað nýtt.“

## Aukahlutir skipa máli

Tískuáhugi Davíðs hefur þróast undanfarið ár úr því að fylgjast einungis með dæmigerðum tískuáhrifavöldum eins og Kanye West, yfir í að fylgjast með ítalskri hátísku og frægum klæðskerum. „Ég fylgist mikið með tísku í gegnum samfélagsmiðla, t.d. Instagram og Tumblr. Einnig fletti ég tiskublöðum eins og The Rake og GQ Italia.“



Rauða rúllukragapeysan er frá Sand og Armani Jersey jakkinn er ófóðraður og afar þægilegur.

Flott föt,  
fyrir flottar konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Smart föt,  
fyrir smart konur

Stærðir 38-52

mystyle

My  
Style  
tiskuhúsHoltasmára 1  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464Ég fylgist mikið  
með tísku í gegnum  
samfélagsmiðla, t.d.  
Instagram og Tumblr.

Ég lít mikið upp til klæðskera eins og Rubinacci, Armani og Corneliani sem eru fremstir í flokki ítalskra klæðskera að mínu mati. Einnig hef ég fengið delli fyrir aukahlutum og finnst hringir, hálsmen og armbönd gera mikið fyrir heildarútlitið. Litir á borð við vínrauðan, svartan og kamel-brúnan eru síðan í miklu uppáhaldi hjá mér núna.“

Fram undan hjá Davíð er að klára námið og leggjast í ferðalög með kærustunni. „Ég stefni á að vinna eftir útskrift við eitthvað sem mér finnst skemmtilegt og halda síðan áfram að njóta lífsins með kærustunni og fjölskyldunni.“

Áttu þér uppáhaldsflik? Bláu Corneliani sérsaumuðu jakkafötin mín eru í uppáhaldi.

Hvaða flik hefur þú átt lengst og notar enn? Ég hreyfi mikið við fataskápnunum mínum og bæði gef og sel föt ef ég nota þau ekki. Hins vegar nota ég enn hvíta Polo Ralph Lauren Oxford skyrtu. Hún er alveg ódreppandi.

Áttu þér uppáhalds fataverslanir? Herragarðurinn er alltaf númer eitt, tvö og þrjú. Einnig eru G-star að koma sterkir inn á íslenska markaðinn. Úti mæli ég með að kíkja til Milano og heimsækja Rubinacci. Sjón er sögu ríkari.

Bestu og verstu fatakaup þín? Bestu kaupin mín eru sérsaumuðu skyrtu frá Stenströms. Verstu kaupin eru hins vegar sinnepsgular buxur sem ég keypti í Tyrklandi. Ég notaði þær einu sinni og leið eins og hálfvita.

Hvað einkennir klæðnað ungra karla í dag? Strigaskór og belti frá frægum tiskuhúsum.



Bláu sérsaumuðu Corneliani-jakkafötin eru í mestu uppáhaldi hjá Davíð. Skyrtan og bindið eru frá Stenströms og skórnir eru frá Barker.

Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína? Já, vægast sagt.

Notar þú fylgihluti? Já alveg heilan helling. Ég á mikið af skarti frá Orra Finn, t.d. gullhálsmen og hring, armbönd úr silfri og kopar

sem er mjög flott með hringnum. Skartið frá honum fer einnig vel með armböndunum frá Tateossian. Þau eru úr leðri og nota ég mikið svört armbönd frá því merki með silfri frá Orra Finn.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarféni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrímsson

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmay, mate@frettabladid.is, s. 512 5442

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigriður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338



# OUTLET

## DAGAR ICEWEAR

15. - 25. MARS

### 80% AFSLÁTTUR

Parkaúlpur frá kr. 9.500.-

Dúnjakkar frá kr. 4.378.-

Flíspeysur frá kr. 1.598.-

Skeljakkar frá kr. 3.798.-

Regnjakkar frá kr. 3.140.-

Regnbuxur frá kr. 2.540.-

Göngubuxur frá kr. 2.860.-

af öllum

## Outlet fatnaði

á Laugavegi 91 og Fákafeni 9





„Rauði þráður línunnar snýr að andlegum málefnum og því hvernig við löðum að okkur það sem við erum sjálf,“ segir Petra Bender en hún opnar sýningu í kvöld klukkan 18 í Aðalstræti 2.

# Ný lína á HönnunarMars

Petra Bender kynnir sína fyrstu fatalínu, Bypetra-bender, á HönnunarMars í kvöld. Á opnuninni fer einnig í loftið vefsíða og vefverslun. Petra segir línuna fjalla um hvernig fólk speglar sjálft sig í öðrum.

Ragnheiður Tryggvadóttir  
heida@frettabladid.is



Petra Bender fann fatahönnuðinn í sjálfri sér eftir starfsnám í London. Hún opnar sýningu í kvöld í Aðalstræti 2 og setur vefverslunina [www.bypetra-bender.com](http://www.bypetra-bender.com) í loftið. MYND/EYÞÓR

**B**ypetra-bender er „casual wear, fyrir bæði kynin og dálítið íþróttaleg lína. Rauði þráður línunnar snýr að andlegum málefnum og því hvernig við löðum að okkur það sem við erum sjálf. Logo línunnar eru tveir sæhestar sem tákna hvernig við endurspeglum okkur sjálf í öðrum,“ útskýrir fatahönnuðurinn Petra Bender en hún frumsýnir nýja fatalínu á HönnunarMars í kvöld.

Hún segir hugmyndina að línunni hafa kviknað fyrir nokkrum árum í London en þar stundaði hún mastersnám í textíl í Central St. Martins.

„Ég bjó í London í sjö ár og myndi segja að það hafi verið árin sem ég fann fatahönnuðinn í mér,“ segir Petra. „Ég lærði grafiska hönnun í Listaháskólanum hér heima en í starfsnámi í London tengdust verkefni mín tiskugeiranum. Stofan sem ég var á vann mikið fyrir Marc Jacobs og þá var ég nemi hjá fatahönnuðinum Peter Jensen. Eftir námið vann ég á auglýsingastofunni Hotel Creative og þeirra aðalviðskiptavinur er Nike. Fyrir Nike snerust verkefni um að hanna inn í rými með fatnað. Við unnum einnig

fyrir tiskumerkið Kenzo að innsetningum fyrir tiskusýningar. Ég var oft í hugmyndavinnunni og að stíliseru tiskubætti og fann að mig langaði til þess að búa til fót og sjá grafíkina mína á öðru en flötum pappír. Ég stundaði mikið hlaup úti í London með hlaupahópi á vegum Nike og þá kviknaði hugmynd að þægilegum fatnaði til að fara í þegar fólk kemur úr ræktinni,“ útskýrir Petra.

Árin í London hafi verið dýrmæt reynsla þar sem hún kynntist ýmsum hliðum hönnunarheimsins. Það hafi þó verið gott að koma heim.

„Ég varð strax ástfangin af London en þetta var mikið hark. Ég átti oft ekki fyrir mat í enda mánaðarins. Maður heldur svoliðis ástand bara út í ákveðinn tíma og loks kom að því að ég flutti heim. Það var gott að geta núllstíllt sig hér heima og þá byrjaði ég að þróa þetta verkefni sem ég kynni nú á HönnunarMars. Í kvöld fer einnig í loftið vefsíða og vefverslun, [www.bypetra-bender.com](http://www.bypetra-bender.com).“

Petra opnar sýninguna klukkan 18 í kvöld að Aðalstræti 2.

## OPIÐ HÚS Í MK

Í DAG 15. mars

Kl. 16.30-18.30



Menntaskólinn í Kópavogi

Þekking - þroski - þróun - þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi  
Hótel- og matvælagólinn  
Ferðamálagólinn og Leiðsögugólinn  
Digranesvegi 51  
Sími 594 4000  
[www.mk.is](http://www.mk.is)

Alþjóðabraut

Félagsgreinabraut

Opin braut

Raugreinabraut

Viðskiptabraut

Framhaldsskólabraut

Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari

Framreiðsla -þjónn

Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður

Matreiðsla - kokkur

Grunndeild matvæla- og ferðagreina

Ferðamála- og leiðsögunám

Matsveina- og matartæknunám

Meistarunám í matvælagreinum

Hjartað slær í MK



Kynntu þér málið á [www.mk.is](http://www.mk.is) og á facebooksíðu skólans



**Glæsilegar  
voryfirhafnir**

Margir litir  
Stærðir 36-52  
**Verð 18.980**



*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



Stella McCartney hefur verið grænmetisæta alla ævi og leggur áherslu á dýravernd. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Kápurar frá Shrimps hafa vakið athygli. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Töskurnar frá Matt & Nat eru umhverfisvænar. MYND/MATT&NAT

# Bestu siðlegu lúxusmerkin

BOLUR  
3.490



501 SKINNY  
13.990

LIVE IN **Levi's**

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind

Tískumerki eru misjafnlega siðleg þegar kemur að framleiðsluháttum og hráefnisöflun, en sum tískumerki leggja sig fram um að sýna gott fordæmi og selja vörur sem standast ströngustu siðakröfur.

Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is



» Allt frá stofnun hefur Vaute haft það markmið að framleiða tiskuvörur án allra dýraafurða.

Fólk verður sífellt meðvitaðra um mikilvægi þess að vernda réttindi dýra og stuðla að sjálfbærni. En það sjá ekki allir mikilvægi þessara hluta og það getur reynst þrautin þyngrri að telja þeim hughvarf. Ein leið til að hafa áhrif er að kaupa vörur sem eru framleiddar á siðlegan hátt og sniðganga aðrar. Með tímanum getur það skapað fjárhagslegan hvata fyrir þá sem hunda mikilvægi dýraverndar og umhverfisverndar til að breyta framleiðsluháttum sínum. Þannig er vonandi hægt að kjósa siðlega framleiðsluþætti með peningunum sínum. Hér eru fimm lúxusmerki úr tiskuheiminum sem sýna gott fordæmi með því að leggja áherslu á siðlega framleiðslu.

#### Stella McCartney

Stofnandi merkisins, Stella McCartney, hefur verið grænmetisæta alla ævi og leggur mikla áherslu á sjálfbærni og dýravernd í framleiðslu á vörum sínum. Merkið var stofnað árið 2001 og hefur aldrei notað leður, skinn, loddfeld né fjaðrir í fatnað.

#### Shrimps

Breska tiskumerkið Shrimps hefur getið sér gott orð fyrir framúrstefnulega gervifeldi eftir að stofnandinn, Hannah Weiland, fann nýja móðakrýlblöndu sem er mýkri en hefðbundinn gervifeldur úr pólýester. Með því að nota sterka, skæra og bjarta liti varð Shrimps eitt þekktasta merkið sem sérhæfir sig í notkun efnisins og hefur hlotið mikið lof og athygli fyrir kápurar sínar.

#### Matt & Nat

Matt & Nat er eitt þekktasta

merkið sem framleiðir handtöskur, bakpoka og aðra aukahluti á siðlegan hátt. Innblástur merkisins er fenginn frá áferð og litum náttúrunnar og síðan það var stofnað árið 1995 hefur það einbeitt sér að því að finna nýstárlegar leiðir til að hafa framleiðsluna sjálfbæra og umhverfisvæna. Síðan 2007 hefur allt fóður verið gert úr endurunnum plastflöskum og merkið er líka að prófa sig áfram með að nota endurunnið nælon, pappa, gúmmi og kork.

#### Vaute

Allt frá stofnun hefur Vaute haft það markmið að framleiða tiskuvörur án allra dýraafurða. Vaute hefur reynt að ná því markmiði með því að nota nýstárleg og sjálfbær efni og var fyrsta vegan merkið til að halda tiskusýningu á tiskuvíkunni í New York. Stofnandinn, Leanne Mai-ly Hilgart, hefur alltaf lagt mikla áherslu á dýravernd og var valin áhrifamesti hönnuðurinn af samtökunum PETA árið 2014.

#### Angela Roi

Angela Roi er málsvari siðlegra og sjálfbærra framleiðsluáferða í tisku. Engar dýraafurðir eru notaðar í handtöskur merkisins, heldur er nýtt gerviefni sem líkir eftir mjúkri áferð leðurs. Þar að auki leggur merkið áherslu á gott vinnuumhverfi og sanngjörn laun fyrir alla í framleiðsluferlinu.

# Fermingargjafir

FIMMTUDAGUR 15. MARS 2018

Kynningar: Elko

A photograph of three Elko staff members standing at a trade show booth. On the left is a woman with short brown hair and glasses, wearing a dark blue button-down shirt with a small yellow logo and a dark neckerchief. In the center is a man with long blonde hair, wearing a dark blue button-down shirt and a striped tie. On the right is a man with short brown hair and glasses, wearing a dark blue polo shirt. They are all wearing dark trousers and Elko name tags. The booth behind them has several signs: 'VÖRUSENDINGAR & UPPSETNING TÆKJA' in yellow, 'UPPFÆRSLUR & LAGSETNING TÆKJA' in pink, 'AÐSTOD & LEIÐBEININGAR' in green, and 'ÖRYGGI & VIÐGERDIR' in blue. A sign with 'KNOWHOW' is also visible. The booth is filled with various tools and equipment.

**Glæsilegt úrval fermingargjafa**

Verlanir ELKO bjóða upp á frábært úrval fermingargjafa í ólíkum verðflokkum. Áhersla er lögð á að bjóða upp á góðar vörur sem endast og endurspegla hversu ólík fermingarbörn og áhugamál þeirra eru.

## Framhald af forsiðu →

Eins og fyrri ár býður ELKO upp á glæsilegt úrval fermingargjafa í ólíkum verðflokkum. ELKO hefur alltaf lagt ríka áherslu á að bjóða góðar og vandaðar vörur til fermingargjafa, gjafir sem eiga að endast og vera notaðar segir Auður Jónsdóttir, markaðsfulltrúi hjá ELKO. „Fartölvur og sjónvörp hafa alltaf verið vinsælar fermingargjafir frá nánustu fjölskyldu, t.d. foreldrum, og er engin breyting á því í ár. Fermingarbörnin eru komin á aldur þar sem þau eru hætt að fá leikföng og eru þess í stað að fá fyrstu alvöru tækin sín sem nýtast í lífinu, t.d. sjónvarp í herbergið eða fartölvu sem nýtist bæði í frítíma og í skylduverkefnum.“

## Ólík heyrnartól

Ýmiss konar heyrnartól eru einnig alltaf vinsæl að sögn Auðar enda nota þau nær allir. „Þau eru hönnuð með ólíkar þarfir í huga. Sum eru gerð fyrir útivist og fólk á ferðinni og þá henta lítil tappaheyrnartól sem maður stingur í eyrun. Þau eru yfirleitt fyrirferðarlítill og þægileg, oftast nær bluetooth svo snúran er ekki lengur að flækjast fyrir.“

Svo eru önnur heyrnartól sem fara yfir eyrun og útiloka umhverfisljóð. „Það eru heyrnartól eins og PIONEER MS7 sem eru klárlega fermingargjöfin í ár. Þau eru mjög flott, góð og á þægilegu verði. Einnig eru BOSE QC35 mjög vinsæl.“

## Úrval hátalara og snjallúra


Hátalarar eru alltaf vinsælir og í dag verða bluetooth ferðahátalarar yfirleitt fyrir valinu að sögn Auðar en þeir þola mikið áreiti eins og högg, vatnsskvettur og rigningu. „Bose Soundlink Mini er aðalvaran um þessar mundir og þar sem hann er til í nokkrum litum fellur hann líka yfirleitt í kramið. Hann er fyrirferðarlítill en gefur frábært hljóð. Svo heldur Sony XB10 áfram að vera vinsæll, ásamt JBL hátölurum. Þetta eru vinsæl tæki sem gefa stemningu, fást í mismunandi litum og því hægt að finna hátalara fyrir hvern karakter.“

Ekki má gleyma snjallúrunum sem eru orðin svo vinsæl í dag, segir Auður, og fást á góðu verði. „Við erum með allan skalann af snjallúrum, lítil eða stór, svört og hvít eða í skærum litum. Sum líta út eins og gúmmiband, t.d. Polar loop, Garmin Vivo Smart og Gear Fit 2, en önnur líta út eins og venjuleg úr. Nú erum við t.d. með Michael Kors snjallúr í gulli, silfri og rósagulli. Þau eru afar falleg og eru því einnig skart. Sannarlega vegleg eign sem verður örugglega í nokkrum fermingarpökkum í ár enda eru mörg fermingarbörn orðin meðvituð um heilsu og hreyfingu.“

## Skemmtilegar nýjungar

Meðal nýjunga í ár sem ELKO býður upp á eru ferðaprentarar og myndavélarðrónar. „Ferðaprentarar frá Polaroid og HP eru sérstaklega vinsælir núna enda nýir á markaðinum. Þeir eru litlir, bara á stærð við snjallsíma, og afar einfaldir í notkun. Prentarinn tengist símanum í gegnum bluetooth, þú tekur mynd eða finnur mynd úr símanum, getur leikið þér með texta, myndir eða ramma og ýtir svo á „prenta“. Þetta er svo sniðugt fyrir myndavegginn í unglíngaherberginu eða bara fyrir skemmtileg tilefni og gestabækur.“

C-me myndavélarðróninn er splunkunýr og virkilega skemmtilegur segir Auður. „Hann er líka aðeins á stærð við snjallsíma og því hægt að stinga honum í vasann. Þegar dróninn er notaður eru spaðarnir dregnir út og hann lagður á jörðina. Svo er hann tengdur við símann og bara flogið af stað.



Ferðaprentararnir eru vinsælir fyrir t.d. myndaveggi, gestabækur og margt fleira skemmtilegt. MYNDIR/GVA



Fartölvur hafa ávallt verið góðar og veglegar gjafir sem nýtast lengi vel.

lært á og notað næstu 10-15 árin.“

Borðtölvur eru einnig að detta inn aftur, segir Auður. „Sum börn á fermingaráldri vilja fá að setja saman sína eigin persónulegu borðtölvu og eru kannski með sérstakan búnað í huga, tölvu, skjá, lyklaborð, mús og fleira sem gerir þeim kleift að sinna þeim verkefnum sem þau vilja. Þetta verða hugsanlega forritarar, arkitekta eða tölvuleikjahönnuðir framtíðarinnar.“

Svo eru líka til einfaldari gjafir fyrir mismunandi áhugamál og með mismunandi notagildi bætir Auður við. „Börn á fermingaráldri eru t.d. að byrja að hafa sig til og t.d. farin að hafa áhuga á hár-greiðslu. Mörgum finnst því gaman að eiga eigin hárbłasara, sléttujárn, krullujárn og spegil með ljósi. Á þessum aldri vill húðin oft byrja að láta vita af sér og þá koma húðumhírdutæki eins og Beauer húðhreinisburstinn sér vel bæði fyrir stelpur og stráka.“

## Gjafakortin virka vel

Raftæki eru stór þáttur af rútinu dagsins segir Auður og því eru raftæki mjög algeng fermingargjöf. „Börn á fermingaráldri eru einnig mjög dugleg að leggja sjálf til hliðar og safna fyrir tækjum eins og síma, fartölvu eða Playstation tölvu. Starfsfólkið okkar er þjálfað í að hjálpa til við að finna rétta gjöf sem hentar bæði fermingarbarninu og þeim sem gefur, svo sá hinn sami gangi út glaður með valið.“

Hún bendir á að sá sem veit hvað hann vill getur keypt vöruna á netinu og sótt í næstu verslun á leið heim úr vinnu eða fengið sent heim að dyrum til að einfalda hlutina. „Svo bjóðum við 30 daga skilarett á flestum vörum þannig að það ætti að vera lítið mál að koma og skipta ef eitthvað er. Svo má ekki gleyma gjafakortunum okkar en þá er hægt að leggja inn ákveðna upphæð og fermingarbarnið getur valið eitthvað sjálf sem kemur sér oft vel.“

Nánari upplýsingar um fjölbreyttar fermingarvörur ELKO má finna á [www.elko.is](http://www.elko.is).



Pioneer þráðlausu heyrnartólin eru fermingarheyrnartólin í ár.

Myndavélarðróninn er á viðráðanlegu verði, tæplega 20 þúsund krónum. Sannarlega skemmtileg fermingargjöf.“

Að lokum nefnir Auður Apple TV og Chromecast sem eru að koma sterkt inn í unglíngaherbergin. „Það er svo þægilegt að gera varpað beint úr símanum eða tölvunni í sjónvarpið. Þú þarft engar frekari tengingar.“

## Mismunandi áhugamál

Auður leggur áherslu á að fermingarbörnin séu eins ólík og þau eru mörg. „Fermingargjafir eru gjarnan með fyrstu alvöru tækjum sem börnin fá og fylgja þeim næstu árin. Því er auðvitað mikilvægt að gjöfin tengist t.d. áhugamálum barnsins og hjálpi því að koma hugmyndum sínum frá sér.“

Hún nefnir sem dæmi saumavélar og segir að margir flottir íslenskir hönnuðir hafi byrjað að prófa sig áfram með saumavélinni sem þeir fengu í fermingargjöf. „Einnig hafa mörg fermingarbörn áhuga á ljósmyndun og þá er tilvalið að gefa alvöru, flotta myndavél í fermingargjöf sem þau geta



Meiriháttar súkkulaðiterta.

## Aðisleg súkkulaðikaka

Þessi unaðslega súkkulaðikaka nefnist Nemesis og er kennd við frægan ítalskan veitingastað í London sem nefnist River Cafe. Uppskriftin var í bók sem er tengd staðnum. Það er einungis notað lúxussúkkulaði í kökuna og það þarf að vera 70%. Ef fólk á leið um London er um að gera að heim-sækja þennan stað en það þarf að panta borð tímanlega.

**340 g gott súkkulaði, 70% dökkt, brotið í bita**  
**225 g smjör**  
**5 egg**  
**210 g sykur**  
**Vatn**

Hitið ofninn í 160°C. Notið hringlaga form 23-25 cm, smyrjið það og klæðið það með bökunarpappír. Bræðið súkkulaði og smjör yfir volgu vatni, það má ekki vera of heitt. Takið af hitanum um leið og allt hefur bráðnað.

Þeytið egg og 70 g sykur þangað til blandan verður ljós og létt. Hitið 140 g af sykri með 100 ml vatni þar til úr verður síróp. Það er síðan sett rólega út í smjör og súkkulaðiþlönduna. Látið aðeins kólna en hellið síðan varlega saman við eggþlönduna. Það er ágætt ráð að breiða álþappir kringum formið til að koma í veg fyrir að blandan leki en hún er þunn, sérstaklega ef notað er form með lausum botni. Blandan er því næst sett í bökunarfornið.

Setjið sjóðandi heitt vatn í botninn á bökunarplötu en það má koma upp á formið að þremur fjórðu. Bakið kökuna í 50-60 mínútur. Kakan á alveg að kólna áður en hún er tekin úr forminu. Hún á að vera mjúk í miðjunni.

Það má skreyta kökuna með rifnu súkkulaði eða berjum eftir smekk. Hún er mjög góð með is eða rjóma. Kakan er silkimjúk og mjög góð.



## Pakkarbréf

Síðasta atriðið á tékklistanum fyrir ferminguna ætti að vera þakkarkort. Fermingarbarnið sendir þá fallega kveðju til gestanna nokkrum dögum eftir ferminguna og þakkar þeim fyrir komuna og fyrir gjöfina. Skynsamlegt gæti verið að skrifa niður hvaða gjöf kom frá hverjum enda skemmtilegra að geta þakkað sérstaklega fyrir bókina, hálsmenið eða lampann og jafnvel segja í nokkrum línunum hvernig viðkomandi gjöf muni nýtast.

## Fljúgandi fjármunir

Það getur verið snúið að velja gjöf handa unglingi, hvað þá ef þú þekkir viðkomandi ekki út og inn. Margir grípa því til þess ráðs að gefa peninga í fermingargjöf enda er það oft það sem fermingarbarnið óskar sér helst og mun alltaf nýtast því, hvort heldur er til að kaupa það sem hugurinn girnist eða leggja fyrir til framtíðar. Þá færst enn í vöxt að börn fái utanlandsferðir í fermingargjöf svo þá er líka hægt að gefa gjaldmiðil sem gagnast á áfangastaðnum.

Algengasta aðferðin til peninggjafa er að stinga peningunum ásamt fallegu korti í umslag og leggja á gjafaborðið en það má auðvitað nota ímyndunaraflíð til að gera peninggjöfina eftirminniliga. Til dæmis er hægt að brjóta origamifugla úr seðlum og búa til óróa sem síðan er pakkað inn í sellófan og skreyttur með blómi eða borða.

Uppskriftir að origamifuglum má sjá til dæmis á YouTube undir leitarorðinu Origami bird.



Hljómflutningstæki  
vinsæl fermingargjöf 1985

## Framtíðarreikningur

– í fullu gildi í framtíðinni

Með því að leggja fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning auðveldar þú þér að láta framtíðardraumana rætast. Fermingargjafir eldast misvel og með því að spara tryggir þú að gjöfin þín nýtist í framtíðinni.

Framtíðarreikningur Arion banka ber alltaf hæstu vexti verðtryggðra sparnaðarreikninga okkar og er bundinn til 18 ára aldurs.

Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning leggjum við 6.000 kr. á móti.

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina

# Fimmta fermingaveislan á æskuheimili mömmu

Tviburarnir Andrea og Össur Örvarsbörn fermast á sunnudaginn í Vídalínskirkju. Þau fönnduðu sjálf boðskortin og hafa að mestu verið sammála um hvernig þau vilji hafa veisluna.

Sigríður Inga  
Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



Andrea og Össur hafa í nógu að snúast. Þau eru í 8. bekk í Garðaskóla og þar fyrir utan æfir hún dans en hann er í fótbolta. Þau fermast þann 18. mars í Vídalínskirkju og veislan verður haldin heima hjá þeim í Garðabæ. „Við búum í húsinu sem mamma okkar, Guðrún Árdís Össurar, ólst upp í og hennar fermingarveisla var líka haldin í þessu húsi. Þetta verður því fimmta fermingarveislan innan fjölskyldunnar sem verður haldin hér,“ segja þau.

*Hvað ætlið þið að bjóða gestinum að borða?* „Við ætlum að byrja á að bjóða gestum upp á humarsúpu og mexíkóska kjúklingsúpu. Síðan bjóðum við upp á kransaköku, súkkulaðiköku, skyrtertu, sörur, makkarónur og kaffi,“ segir Össur.

*Eru foreldrar ykkar búnir að vera lengi að undirbúa fermingardaginn?* „Nei, nei. Við höfum öll hjálpast að en við erum sex í fjölskyldunni. Við fönnduðum t.d. saman fermingarboðskortin,“ segir Andrea.

*Er búid að kaupa fermingarfötin á ykkur?* „Ég verð í kjól sem mamma saumaði á Kristínu Heklu, eldri systur okkar, þegar hún fermdist. Kjöllinn er skreyttur blúndu sem er úr

„Ég verð í kjól sem mamma saumaði á eldri systur okkar. Kjöllinn er skreyttur blúndu sem er úr brúdarkjólum hennar mömmu.“

brúdarkjólum hennar mömmu. Við breyttum kjólum aðeins til að gera hann að mínum. Við keyptum fallega skó hjá Steinari Waage,“ segir Andrea.

„Ég verð í dökkbláum jakka og svörtum buxum við. Svo verð ég í skyrtu og með slaufu. Við keyptum fötin í Zöru,“ segir Össur.

*Hvernig hefur fermingarundirbúningurinn verið?* „Hann hefur bæði verið erfiður, langur og skemmtilegur,“ segir Andrea.

„Hann er frekar erfiður og margt sem maður þarf að gera fyrir ferminguna,“ segir Össur.

*Var mikið að læra?* „Það var ekki það mikið en við þurftum að læra trúarjátninguna, Faðir vor og vers sem við fengum að velja sjálf,“ segir Andrea.

„Við lærðum trúarjátninguna og í fermingarfræðslu var mikið verið að læra um hvað Jesús gerði,“ segir Össur.

*Hvers vegna ákváðuð þið að fermast?* „Þegar ég var litil fór ég



Andrea og Össur hlakka til fermingardagsins. MYND/VALLI

## Flottir kjólar



Verð 7.900 kr.  
- fleiri munstur  
og litir

Kíkið á myndir og verð á Facebook

**BLACK PEPPER**  
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

mjög oft í messur með pabba, mömmu og afa. Ég hef einhvern veginn bara alltaf trúað á Guð. Eftir að ég fór að byrja í fermingarfræðslu fattaði ég í raun af hverju ég trú á hann,“ segir Andrea.

„Ég fór oft í messur og sunnudagaskólann þegar ég var litill og var eiginlega bara alinn upp við þessa trú. Ég vissi líka ekki mikið um nein önnur trúarbrögð,“ segir Össur.

*Eruð þið stressuð fyrir ferminguna?* „Smá en samt meira spenn,“ segir Andrea.

„Ég er smá stressaður fyrir athöfnina en líka bara mjög spennur,“ segir Össur.

*Hvers óskið þið ykkur í fermingargjöf?* „Ég óska mér að fá rúm, fartölvu, síma og pening í ferðasjóð,“ segir Andrea.

„Á óskalistanum mínum er tölva, sími, sjónvarp, Beats-heyrnartól og peningur,“ segir Össur.

*Hafið þið verið alveg sammála um hvernig þið viljið hafa fermingardaginn?* „Oftast, en stundum erum við smá ósammála um suma hluti. Mamma er mjög oft að fönndra og kemur með mjög sniðugar hugmyndir,“ segir Andrea.

„Við höfum alveg verið sammála um flesta hluti en stundum ósammála um einhver smáatriði en við leystum bara úr því,“ segir Össur.



# FERMINGAR 2018

TILBOÐ AF VÖLDUM GJAFAVÖRUM  
GILDIR TIL 21. MARS



**Hnattlíkan, gyllt**

Verð með afslætti: 9.699 kr.  
Verð áður: 13.990 kr.



**Hátalari, Jam Heavy**

Verð með afslætti: 12.792 kr.  
Verð áður: 15.990 kr.



**OH stóll frá Umbra**

Verð með afslætti: 6.999 kr.  
Verð áður: 9.999 kr.



**Bose heyrnartól**

Verð með afslætti: 46.990 kr.  
Verð áður: 49.990 kr.



**EFG skrifborðsstóll**

Verð með afslætti: 35.990 kr.  
Verð áður: 49.990 kr.



**Samsonite Base Boost  
4 stærðir, 4 litir**

Verð með afslætti frá: 12.742 kr.  
Verð áður frá: 16.990 kr.



**EFG skrifborð**

Verð með afslætti: 24.990 kr.  
Verð áður: 34.990 kr.



Það er ýmislegt sem þarf að passa upp á að gera og gera ekki til að fermingarveislan heppnist sem best. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Algeng mistök í veisluhaldi

Allir vilja halda frábæra fermingarveislu og gera það besta úr þessum einstaka degi. Til að allt gangi sem best þarf ýmiss konar undirbúning, en hér eru nokkur atriði sem þarf líka að passa að gera ekki.



Verð  
3200 kr. -



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18

Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is



**A**ð sjálfsgöðu vilja allir halda frábæra, fullkomna og eftirminnilega fermingarveislu. En til þess þarf mjög margt að spila saman og það er ekki til nein ein uppskrift að góðri veislu, heldur henta mismunandi veislur ólíku fólki og aðstæðum. En hér eru að minnsta kosti nokkur atriði sem allir gestgjafar ættu að passa að forðast.

## Að senda boðskort of seint eða of snemma

Ef fólk er boðið of snemma er hætt á að það gleymi veislunni, en ef því er boðið of seint er hætt á að það sé þegar upptekið. Það er ágætt að senda boðskortin með um mánaðar fyrirvara og minna jafnvel á veisluna 2-3 vikum síðar, til dæmis með viðburði á Facebook.

## Að búast við að gestir gangi sjálfir í veitingar

Þetta er grundvallaratriði sem fæstir klikka á í fermingarveislu, en sakar ekki að taka fram. Það þarf að passa að allar veitingar séu reiddar fram á skýran og aðgengilegan hátt svo gestirnir geti notið þeirra.

## Að gleyma flæðinu

Þegar stólum og húsgögnum er raðað og veitingaborðinu er komið fyrir er mikilvægt að hafa í huga hvernig gestirnir munu hreyfa sig um. Það ætti að vera auðvelt að komast að veitingunum og það þarf að passa að það myndist ekki flöskuhálsar eða fólk lendi í þröng.

## Að redda sætum fyrir alla

Fólk vill auðvitað yfirleitt geta sest niður til að borða, en í fermingarveislum vilja yfirleitt fæstir sitja allan tímann, heldur labba um og ræða við aðra gesti. Það er nóg að hafa eina eða tvær þyrpingar af stólum, ekki troða stólum út um allt.

## Of mikið umstang við matinn

Ekki bjóða upp á mat sem er of mikil vinna að reiða fram, þá endarðu með því að eyða allri veislunni í að sjá um mat fyrir gestina og hefur ekki tíma til að njóta veislunnar. Það er þægilegra að bjóða upp á mat sem er einfalt að grípa með sér.

## Að gleyma loftræstingu

Þegar margir koma saman í litlu rými byrjar fljótt að hitna og verið er ódum að bresta á, þannig að það þarf að passa að það verði ekki of heitt og þungt loft í veislunni. Það er gott að opna glugga og jafnvel slökkva á ofnum áður en gestirnir tínast inn, sérstaklega ef það er verið að bjóða upp á heitan mat og bakarofninn er í gangi.

## Að gleyma að kynna gesti

Í fermingarveislum hittist oft fólk sem þekktist lítið, þannig að það borgar sig að reyna að kynna fólk, sérstaklega ef það kemur sitt úr hverri fjölskyldunni, svo að fólk hafi tækifæri til að kynnast.

## Að reyna að gera allt ein(n)

Fermingarveisla er mikil vinna og jafnvel þótt það sé búið að leggja mikla vinnu í undirbúninginn getur alltaf eitthvað komið upp á á síðustu stundu. Því er betra að fá hjálp frá einhverjum sem þú treystir. Þá getur líka einhver annar hjálpað við umstangið þegar þú tekur á móti gestunum og kynnir þá hvern fyrir öðrum.

## Að gleyma að skemmta sér

Það vilja allir frekar koma í látlausu og afslappaða veislu þar sem gestgjafinn nýtur sín en veislu þar sem allt lítur fullkomlega út en gestgjafinn er stressaður og á stöðugum hlaupum. Skap og viðmót gestgjafans getur slegið tóninn fyrir stemninguna í veislunni, þannig að það er um að gera að slaka á, láta hlutina hafa sinn gang og njóta dagsins.

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Gunnþóra Gunnarsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

*Gunnþóra Gunnarsdóttir*

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
fréttamaður



Fréttir og ítarleg umfjöllun á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



FRETTLADID.IS



FRETTLADID APP




FRETTLADID

## Bók bókana

Bíblían á einkar vel við sem fermingargjöf. Hún er oft kölluð bók bókana og er ein mest selda bók veraldar. Bíblían er safn trúarrita sem sum eru meira en 2000 ára gömul. Hún skiptist í Gamla testamentið sem fjallar meðal annars um sköpun jarðar, upphaf mannkyns, syndaflóðið, lögmálið og boðorðin tíu, og Nýja testamentið sem segir af fæðingu, lífi og dauða Jesú Krists.

Áhrif Bíbliunnar og gildi eru mikil, bæði trúarleg og menningarleg. Hún hefur haft mikil áhrif á bókmenntir og sögu og finnst tilvisanir úr henni víða, eins og í kvikmyndum, tónlist og tungumáli okkar.



## Gómsætir sveppir

Þessir fylltu sveppir eru frábær smáréttur á fermingarhlaðborðið. Þá má útbúa kvöldið áður og hita rétt áður en gestirnir koma og bera fram volga. Einnig má bera þá fram kalda.

Uppskrift fyrir 16 sveppi

- 500 g sveppir (veljið meðalstóra sveppi)
- 1,5 msk. olía
- 4-5 hvítlauksrif, söxuð mjög fint eða pressuð
- 1 blaðlaukur, hvíti hlutinn saxaður mjög smátt
- Ítölsk hvítlauksblanda frá Pottagöldrum (eða annað gott hvítlaukskrydd)
- ¼-½ tsk. cayenne-pípar
- Salt og grófmalaður svartur pípar
- 1 box (200 g) Philadelphia-rjómaostur með hvítlauk og kryddjurtum, látið ná stofuhita
- Um 50 g rifinn parmesanostur

Ofn hitaður í 175 gráður og ofnplata klædd bókunarpappír. Sveppir hreinsaðir og stönglar losaðir úr og saxaðir mjög smátt. Steikið stönglana upp úr oliu á pönnu ásamt hvítlauk og blaðlauk. Gætið þess að laukurinn brenni ekki. Þegar sveppirnir hafa tekið lit er allt látið kólna. Rjómaosti, helmíngnum af parmesanostinum og kryddum er bætt út í og blandað vel saman. Smakkað til og kryddað eftir smekk. Sveppahöttunum er raðað á ofnplötuna. Hver sveppur er fylltur með sveppa- og ostablöndunni. Afganginum af rifna parmesanostinum er dreift yfir sveppina. Bakað við 175 gráður í um 20 mín. eða þar til sveppirnir byrja að mynda vökva og osturinn hefur brúnast. [www.eldhussogur.com](http://www.eldhussogur.com)

# Kortakassar geta komið sér vel

Margir kjósa að setja upp kassa til að taka á móti kortum í fermingarveislum. Til eru ýmsar útfærslur af þessari hugmynd, en tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að kort dreifist eða týnist og hindra þjófnað. Það eru því miður til dæmi um að peningagjöfum sé stolið í fermingarveislum, fyrst og fremst ef veislan er haldin á opinberum stað eða ef gjafirnar eru geymdar nálægt opnum dyrum í heimahúsi.

Það er ágæt regla að geyma allar gjafir á sama, örugga staðnum, þar sem ókunnugir geta ekki komist í þær. En það er ekki nauðsynlegt að hafa

sérstakan lokaðan kassa. Sumum finnst betra að hafa bara stóra skál, disk, krukku eða blómavasa fyrir kortin og skreyta þá eftir smekk.

Þeir sem vilja kassa þurfa ekki endilega að treysta á föndur- og smíðahæfileika sína. Það er hægt að kaupa ódýra kassa, til dæmis í Søstrene Grene, Partybúðinni og Panduro. Það er hægt að velja hvort maður vill kassa sem er þegar skreyttur, hafa kassann einfaldan og lítið skreyttan, eða kaupa föndurvörur og skreyta hann sjálf(ur). Svo eru líka til alls konar frumlegar útfærslur, eins og að nota lítið búr, litinn glerkassa eða lukt undir kortin.



# FERMINGARVEISLA

## BROT AF ÞVÍ BESTA ÚR 8BLS FERMINGARBÆKLINGNUM

15. mars 2018 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingar

**15" FHD IPS**  
1920x1080 Anti-Glare

**Intel i5 7300HQ**  
3.5 GHz Turbo Quad Core örgjörvi

**8GB minni**  
DDR4 2400MHz

**256GB SSD**  
NVMe diskur

**Leikja Skjåkort**  
4GB GTX 1050 með 640 CUDA örgjörvum

**BAKLÝST LYKLA-BORÐ**

**acer**

**28" HDR UHD**  
3840x2160, 1ms, FreeSync

**BenQ**

**IPHONE SE 32GB**  
Fermingartilboð verð áður 54.990

**49.990**

**IPHONE 8 64GB**  
Space og Gold litir fánlegir

**107.990**

**iPhone**

**ACER NITRO 5**

Ný kynslóð Nitro frá Acer með Quad Core örgjörva og GTX 1050 G-Sync leikjaskjåkorti

**149.990**

Öflug og flott Nitro 5 leikjafartölva frá Acer

**BENQ EL2870U**

Fullkominn 4K leikjaskjár með kristaltæra HDR tækni, 1ms svartíma og FreeSync leikjatekni

**69.990**

Einstakur HDR skjár með UHD 4K upplausni!

**IPHONE X 64GB**

Nýjasta útgáfa af hinum ofurvinsæla iPhone með betri skjá, meiri hraða og flottari myndavél

**144.990**

5.8" OLED skjár sem nær á jaðar símans!

**Intel CORE i5 8th Gen**

**NVIDIA GEFORCE GTX**

**GTX1060 skjåkort**  
3GB GDDR5 8.0GHz, 1280 cores

**Intel i5 8400**  
4.0GHz Turbo Hexa Core

**8GB minni**  
DDR4 2400MHz

**256GB SSD**  
M.2 diskur

**VIVE VR**  
119.990

**AUDIO STRAP**  
19.990

**Trust**

**beats solo³ wireless**

**GAMING 2**

Leikjaturm með nýjustu 8.kynslóð Intel örgjörva

**169.990**

**GXT707 RESTO**

Hágæða leikjastóll með PU-Leðri og Elastic efni

**29.990**

**BEATS SOLO3**

Þráðlaus heyrnartól, allt að 40klst rafhlöðuending

**28.990**

**PS4 SLIM 500GB**

Mögnuð leikjafartölva á frábæru verði

**39.990**

PS4 SLIM 500GB

**13" MACBOOK AIR**

128GB MacBook Air með intel i5

**149.990**

AIR13-i58 128GB

**FJÄLLRÄVEN**

Stórglæsilegar töskur á verði frá:

**9.990**

FJÄLLRÄVEN

**MIGHTY SPOTIFY**

Spilar tónlistina þína án snjallsíma

**14.990**

MIGHTY

**SOUNDLINK MINI**

Magnaður þráðlaus hátalarari

**22.990**

SL MINI BK

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900





Alexander Rybak kemur endurnærð-ur til leiks í Eurovision í Lissabon.

## Aftur í Eurovision

Alexander Rybak, sem er 31 árs, snýr aftur í Eurovision eftir sigur sinn í söngvakeppninni í Noregi. Hann segir að það hafi verið miklu auðveldara að koma fram núna en árið 2009 því hann hafi verið með flensu í undankeppninni. Þegar hann vann keppnina á sínum tíma var hann algjörlega óþekktur en annað er uppi á teningnum núna. Hann hefur trú á að hægt sé að vinna Eurovision tvisvar. „Mig langar til þess að vinna keppnina aftur,“ sagði hann við blaðamenn að lokinni keppninni. „Ég vil gera þjóðina stolta.“

Alexander er með boðskap í lagi sínu en hefur látið ævintýrin lönd og leið sem hann söng um árið 2009. Lagið nefnist That's How You Write a Song. Hann segist vera að syngja um trúna á sjálfan sig og hugmyndir sínar. Alexander hlakkar til að taka þátt í keppninni í Lissabon og vonast til að komast í aðalkeppnina.



Granateplafrae eru góð í gríska jógúrt og margt annað.

## Til að bæta heilsuna

Granatepli eru full af andoxunarefnum, líkt og kræki-ber, bláber og sólber. Þau eru góð fyrir húðina og heilsuna almennt. Granateplafraein eru góð með appelsinum, til dæmis í salati. Þau eru líka mjög góð með laxi, ristudum valhnetum eða pekanhnetum. Þau eru sömu- leiðis góð í forrétt með rækjum, chili og límónu.

Loks má geta þess að granateplafraein eru mjög góð í salati með andabringu. Blandið saman salati, gulrótum, rauðlauk, mangó, kóriander og mintu ásamt granatepli. Leggið bringurnar ofan á salatið. Mjög góður matur sem er líka heilsuþætandi. Yfirleitt henta granatepli með flestu kjöti og ávöxtum.

## Þáttaröð um kynþáttafordóma tískuheimsins

Bandaríska sjónvarpsstöðin BET var að birta fimm þætti á vef sínum sem bera heitið „Black Like Me“ og fjalla um kynþáttahatur í tískuheiminum. Í þáttunum er fjallað um erfiðleikana sem svart fólk þarf að eiga við í tískuheiminum og áhrifin sem tíska hefur á það hvernig samfélagið sér fegurð svartra.

Í þáttaröðinni ræða svartar fyrir- sætur af hreinskilni um kynþátta-

fordóma sem þær hafa upplifað í störfum sínum. Þáttaröðin kemur í kjölfar aukinnar umræðu um kynþáttamismunun í tískuheiminum, en sífellt fleiri svartar fyrirsætur hafa opnað sig um þetta vandamál nýverið, án ótta við að það hafi neikvæð áhrif á starfsferil þeirra.

Reyndar fyrirsætur eins og Bethann Hardison, Naomi Campbell, Iman og fleiri hafa nýtt sér stöðu sína til að tala um nauðsyn þess að það

verði breytingar á því hvernig fegurð svartra er metin og sýnd í tísku og hafa gagnrýnt tiskumerki sem sýna ekki konur af ólíkum uppruna.

Með þættinum „Black Like Me“ fá ungar svartar fyrirsætur vettvang og tækifæri til að tala um þessi vandamál, sem hafa ekki bara áhrif á þá sem starfa í tískuheiminum, heldur líka þá sem eru undir áhrifum frá honum. Þættina er að finna á [www.bet.com/style](http://www.bet.com/style).



Fyrirsætan Naomi Campbell er ein þeirra sem hafa gagnrýnt kynþáttamismunun í tískuheiminum. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# BECCA

Becca Cosmetics kynning  
í Lyfjum og heilsu Kringlunni og Glerártorgi  
dagana 15. – 18. mars.

Allir sem versla 2 eða fleiri vörur frá BECCA Cosmetics fara sjálfkrafa í pott og eiga tækifæri á að vinna veglega gjöf!



**20%** af ÖLLUM BECCA Cosmetics vörum

 Lyf & heilsa

LOVISA tunic  
**6.995**  
2 litir / S-XL



Opist  
til 21  
í kvöld

KRINGLUNNI | 588 2300

**INDISKA**

**Gallaskyrturn**  
Kr. 7.990,-

Str. S-XXL  
2 bláir litir



**Ríta**



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# Súperdramatísk diskókúla

Sara Líf Magnúsdóttir er á leið í framhaldsnám í Amsterdam Fashion Institute og sér um búninga í sýningu Söngskóla Sigurðar Demetz á söngleiknum Heathers í Gamla bíói í kvöld.

Brynhildur  
Björnsdóttir

brynhildur@frettabladid.is



Við erum að tala um skæra liti, víð pils, skræpótt mynstur og auðvitað svakalega mikið af axlapúðum,“ segir Sara Líf um búningana í Heathers. Heathers er söngleikur frá 2010, byggður á samnefndri kvikmynd sem gerist í bandarískum menntaskóla á níunda áratugnum þar sem einelti og klíkuskapur eru allsráðandi. „Við höfum verið að tína búningana saman hédan og þaðan,“ segir Sara Líf og bætir við að leikhópurinn hafi leitað fanga í búðum með notuð föt og á mörkuðum. „Svo fannst ýmislegt inni í skápum hjá foreldrum og öfum og ömmum. Það er magnað hvað fólk á til heima hjá sér.“

Sara Líf frumsýndi í gær en það er önnur frumsýning í kvöld. „Heathers verður frumsýndur tvisvar, bæði 14. og 15. mars því leikhópurinn er tvöfaldur, svo allir nemendurnir fá að njóta sín. Ég leik aðaltíkina, Heather Chandler, og búningurinn minn er mjög dæmigert tikarlegur fyrir þetta tímabil í tiskunni.“

Hún segist þæla töluvert í tisku. „Ég hef unnið lengi með snyrtivörur og þæli mikið í því hvernig er hægt að hafa áhrif á útlitið.“ Aðspurð um eigin stíl segir hún að honum hafi verið lýst sem „sportgoth“. „Ég klæðist svakamikið svörtu og glitrandi, finnst gaman að vera í fötum sem grípa ljósið á flottan hátt. Ég klæði mig kannski ekki þannig daglega því ég þarf að vera sæmilega venjuleg í vinnunni en ef ég mætti ráða væri ég alltaf annaðhvort súper dramatísk eða eins og diskókúla.“

Aðspurð um áhrifavalda segist hún vera afskaplega hrifin af Oscar de la Renta. „Sérstaklega því sem er frá honum á pöllum í vor. Þar var til dæmis síð gegguð rauð kápa úr tjulli. Af íslenskum hönnuðum er ég hrifnust af Hildi Yeoman, áberandi og flott hönnun.“ Sara Líf nefnir einmitt kjól frá Hildi Yeoman þegar hún er spurð um uppáhaldsflik. „Ég dýrka þennan kjól, hann er fjólublár og ótrúlega fallegur. Svo á ég líka uppáhaldsfylgihlut sem er miklu minna kúl. Það eru stór, alveg kringlótt gervigleraugu sem ég er mjög oft með. Þegar ég fór í inntökuprófið í Amsterdam Fashion School áttum við að skrifa um uppáhaldsflik eða fylgihlut og ég skrifaði um gleraugu vegna þess að á Íslandi neyðist maður svo oft til að klæða sig eftir vedri og aðstæðum á meðan þessi gleraugu eru algerlega tilgangslaus og bara flott. Mér fannst gaman að þæla í muninum á því sem þarf nauðsynlega að taka tillit til í tisku og því sem er alveg tilgangslaus. Ég þarf meira að segja að nota alvörugleraugu svo ég er stundum með linsur og svo þessi platgleraugu bara af því að mér finnst þau svo flott.“

Sara Líf segist versla mest erlendis. „Ég ráða fötum saman úr ýmsum áttum, kaupir reyndar mikið í HM en aldrei það sem hangir á gínunni heldur eitthvað



Hér má sjá Söru Líf í búningi Heather Chandler sem að hennar sögn er „aðaltíkin“ í söngleiknum Heathers. MYND/EYÞÓR



Fjólublái Yeoman-kjöllinn er í miklu uppáhaldi hjá Söru Líf og platgleraugu urðu henni að ritgerðarefni í inntökuprófum í Amsterdam Fashion Institute.

skrýtið sem fer strax á útsölu eða hverfur úr búðinni af því að enginn annar kaupir það. Svo versla ég mikið í litlum hönnunarbúðum og mörkuðum eins og Dover Street Market í London þar sem er hægt að finna margt ógeðslega flott.“

Amsterdam verður væntanlega

helsti verslunarstaðurinn næstu árin því Sara Líf er á leið í nám í Amsterdam Fashion Institute í vörumerkjastjórn. En fyrst er það Heathers með söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz. Seinni frumsýningin er í Gamla bíói í kvöld klukkan átta og hægt er að fá miða á tix.is.

**sonar**<sup>®</sup>  
**2018**  
Reykjavík

**25**

**TUBORG**  
LÉTTÖL

**Music, Creativity  
& Technology**

[www.sonarreykjavik.com](http://www.sonarreykjavik.com)

Reykjavík  
16.17 March

**underworld, danny brown, gusgus,  
tokimonsta, lindstrøm, bjarki,  
ben frost, nadia rose, jlin, troyboi,  
denis sulta, bad gyal og margir fleiri.**

**[www.sonarreykjavik.com](http://www.sonarreykjavik.com)**

Harpa. Fjögur svið.

Miðar á hátíðina ásamt kvöldpössum fánlegir á [midi.is](http://midi.is) & í Hörpu.



**origo.**

**TVG-ZIMSEN**  
FLUTNINGSMIDLUN



REYKJAVÍK  
LOVES  
#reykjavikloves

# Með Tripical á HM í Rússlandi

Ferðaskrifstofan Tripical býður upp á ferðir á HM í Rússlandi í júní. Ferðirnar eru vel skipulagðar undir öruggri fararstjórn tónlistarmannanna og bræðranna Jóns og Friðrik Dórs Jónssona.

**A**ð sögn Styrmis Elís Ingólfssonar, eins af eigendum ferðaskrifstofunnar Tripical, er hér um magnaðar ferðir að ræða. „Við verðum með tvær ferðir til Rússlands, annars vegar til Moskvu á leik Íslands og Argentínu 14.-17. júní. Flogið er í beinu flugi til Moskvu en þeir bræður Jón og Friðrik Dór verða farar- og skemmtanastjórar í ferðinni.

Síðan erum við með aðra ferð til Volgograd og Rostov við Don í beinu flugi til að sjá Ísland leika við Nígíeríu og Króatíu. Þetta er sex daga ferð og ekið í rútu á milli borganna, um 400 km. Þessi ferð verður farin 21.-27. júní. Rostov við Don er í Suður-Rússlandi, nálægt Svartahafi.

Við höfum verið með þessar ferðir í sölu frá því í desember og það eru fá sæti eftir enda mikill áhugi á ferðunum. Ferðin til Moskvu, flug og gisting kostar frá 249.990 á mann en til Volgograd frá 299.990.


Ferðaskrifstofan Tripical hefur verið starfandi frá árinu 2015 en hún hefur sérhæft sig í alls kyns hópferðum til A-Evrópu. „Við bjóðum meðal annars ferðir til Króatíu, Búlgaríu og Eyrstrasaltlandanna. Tripical hefur séð um ferðir fyrir útskriftarnema, árshátíðarferðir eða fyrirtækjaferðir sem hafa verið vinsælar.



Glæsileg húsakynni ferðaskrifstofunnar Tripical í Borgartúni. MYNDIR/EYBÓR

Einnig erum við með ýmsar sérferðir eins og sjá má á heimasíðu okkar,“ segir Styrmir. „Við höfum stækkað mjög hratt sem ferðaskrifstofa að undanfögnu og hlökkum til að fara með Íslendinga til Rússlands.“

Hægt er að kaupa HM-ferðirnar á netinu hjá tripical.is en einnig er hægt að hafa samband símleiðis í síma 519 8900 eða koma á skrifstofuna í Borgartúni 8.



Tripical er til húsa í Borgartúni 8.



Tripical sérhæfir sig í hópferðum.

## KYNNING Á FASTEIGNUM Á SPÁNI

**MASA International heldur kynningu á eignum og kaupferlinu á Spáni.**

Kynningin verður haldin þann 17. mars n.k. frá kl. 13:00 - 17:00 á Hótel Reykjavík Centrum Aðalstræti 16.

Kynntar verða skoðunarferðir til Spánar.

MASA International hefur selt fasteignir á Spáni frá 1981 og vinnur eftir ISO 9001 gæðastaðli.

**MASA International á Íslandi**  
Sími 555 0366





# Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki



### LUXURY PANORAMA 4X4

VW Passat alltrack diesel station. Árgerð 2012, ekinn 73 þ.KM, dísel, sjálfstíptur 6 girar. Verð 2.999.000. Rnr.104548.



### NÝR BÍLL

SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakmyndavél nýr bíll. Árgerð 2017, ekinn -1 þ.KM, dísel, sjálfstíptur 6 girar. Verð 3.290.000. Rnr.104955.

Braut Bílasala  
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík  
Sími: 587 6600  
[bilabraut@bilabraut.is](mailto:bilabraut@bilabraut.is)  
[www.bilabraut.is](http://www.bilabraut.is)



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú lítr í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

SUZUKI  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
[suzukisport@suzuki.is](mailto:suzukisport@suzuki.is)  
[Suzuki.is](http://Suzuki.is) / [suzukisport.is](http://suzukisport.is)

## Hjólbarðar



### NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

#### PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 6996069 og 663 5315

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

#### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

### Garðyrkja

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málara

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Nudd

### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar [jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla


Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

#### ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m2 Góð l.hæð+hurð. Leiga: 99 þ - Snyrtileg starfsemi Facebook: steinhella 14. S: 661-6800



Ný tækifæri,  
nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Úti- og innimálun

Gerum fóst verðtilboð í utanhúsmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira. Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.

### Vaskir Drengir ehf


Þjörgvin P. Hallgrímsson  
Löggiltur málaramestari



[vaskirdrengir@gmail.com](mailto:vaskirdrengir@gmail.com)  
sími 844-9188

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Verið hjartanlega velkomín.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • [helgasig2@gmail.com](mailto:helgasig2@gmail.com) og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## WORK NORTH

HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT  
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN

Sími. 852-5804 | 852-5808 | [worknorth@simnet.is](mailto:worknorth@simnet.is)

## BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA  
ALLAR ALMENNAR  
BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUEGUR 2 • KÓPAVOGUR  
[WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS](http://WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS)

S. 587 1350

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## Ferðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hröð og góð þjónusta Dugguvogi 23 - s: 58 14991 [rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is)

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

## ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is) [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



### Toyota Auris Hybrid

Nýskráður 12/2016, ekinn 21 þús.km., bensín, sjálfskiptur, flottur vel útbúinn bíll, bakmyndavél, cruise control, hiti í sætum og margt fleira.



Verð kr. 2.790.000



### Honda Jazz Comfort

Nýskráður 1/2018, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, álfelgur, fjarlægðarskynjarar, heilsársdekk og vindskeið, frábært verð og 3 ára verksmiðjuábyrgð.



Tilboð kr. 2.590.000



### KIA Sorento EX-l 170hó

Nýskráður 9/2006, ekinn 176 þús.km., dísel, sjálfskiptur, flottur bíll, auka álfelgur og dekk fylgja, dráttargeta 2.800 kg.



Verð kr. 990.000



### Honda Jazz Trend

Nýskráður 3/2018, bensín, sjálfskiptur, nýr ókeyrður bíll, aðeins örfá eintök á þessu frábæra verði, 3 ára verksmiðjuábyrgð



Tilboð kr. 2.390.000

### Opnunartími

Mánudaga - föstudaga  
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli  
kl. 12:00 og 16:00



NOTADIR BÍLAR

Bílaþjónanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

### Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS  
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

### Hönnun



HÖNNUN

### VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar

### Atvinna

#### Atvinna í boði

##### SÖLUMENN ÓSKAST.

Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykill að himnaríki. Er þetta háheilaglegt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykillinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

#### FISKVINNSLA Í HAFNARFIRÐI LEITAR EFTIR VERKSTJÓRA OG GÆÐASTJÓRA.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu við verkstjórn og hafa góða þekkingu á almennum fiskvinnslustörfum.

Umsóknir skal senda póst á vinnna@hamrafell.is

#### - TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690



#### STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Kjöttvinnsla Kjöthallarinnar Skipholti 70 óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa. Reynsla af kjötútskurði eða annarri matvælavinnslu æskileg. Einnig óskum við eftir að ráða starfsfólk í verslun okkar. Um hlutastarf er að ræða. Starfið felst í þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Íslenskukunnátta er skilyrði.

Upplýsingar veitir Björn Christensen í síma 553 1270. Umsóknir má senda á kjothollin@kjothollin.is

#### Atvinna óskast

#### VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARAR, MÁLARAR EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

#### SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

### Atvinna

## SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

Hefur þú kíkt á Job.is?

job.is vísir

## Fasteignir

**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS**

S. 773-4700 og 520-3500



**Matstofa og sala á matarbökkum**  
Til sölu rekstur matstofu með þjónustu við fyrirtæki með sölu og dreifingu matarbakka. Býður upp á fjölbreyttan íslenskan heimilismat. Mjög góð aðstaða og tækjabúnaður. Gott tækifæri.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson í síma 773-4700 eða á netfanginu oskar@atveignir.is

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

**Eignasala.is**  
SÍ 420 6070 • LEIGUMIDLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA  
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ, www.eignasala.is  
Júlíus B. Sveinsson Lögg. Ráðgjafi, Fyrirtæki og Skipti



### Suðurgata 8, 230 Keflavík

3 herbergja íbúð á jarðhæð i fjölbýli fyrir eldri borgara, miðsvæðis í Keflavík  
Verð kr. 30.800.000.-

## Tilkynningar



**Sveitarfélagið ÁRBORG**

### Auglýsing um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Austurbyggðar á Selfossi

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreytingin nær til reits Q og er eftirfarandi: Götuheiti Álfalands er breytt í Asparland. Þrjár botlanga götur við Asparland, Bjarmaland og Fagraland eru gerðar að beinum götum. Lóðir Huldulands 11 og 13 eru minnkaðar. Einbýlishúsalóðirnar Fagraland 9, 11 og 13 verða tvær parhúsalóðir Fagraland 9-11 og Fagraland 13-15. Einbýlishúsalóðirnar Fagraland 16 og 18 verða raðhúsalóð Fagraland 16-22. Raðhúsalóðin Bjarmaland 2-10 verður raðhúsalóðin Bjarmaland 2-8. Parhúsalóðin Bjarmaland 12-14 verður raðhúsalóð Bjarmaland 10-16. Einbýlishúsalóðirnar Bjarmaland 16 og 18 verða raðhúsalóð Bjarmaland 18-24. Einbýlishúsalóðirnar Bjarmaland 9, 11 og 13 verða tvær parhúsalóðir Bjarmaland 9-11 og Bjarmaland 13-15. Einbýlishúsalóðirnar Asparland 16 og 18 verða raðhúsalóð Asparland 16-22. Einbýlishúsalóðirnar Asparland 9, 11 og 13 verða parhúsalóðir Asparland 9-11 og Asparland 13-15. Ein-nig eru gerðar breytingar á greinum 4, 5.2 og 5.5 í greinargerð.

Teikningar ásamt greinargerð vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 15. mars 2018 til og með fimmtudagsins 26. apríl 2018. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 26. apríl 2018 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is). eða [bardur@arborg.is](mailto:bardur@arborg.is)

Virðingarfyllst,  
Bárður Guðmundsson  
skipulags- og byggingarfulltrúi

## Tilkynningar

## Auglýsing um skipulag í Hafnarfirði

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir Ásvallabraut, tenging Valla og Ásland

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2018 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og að hún verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 36.gr. laga 123/2010. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi aftur samhliða framangreindri aðalskipulagsbreytingu ásamt breytingum á skipulagsmörkum við Ásland 3 og Hlíðarþúfum skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga 123/2010.**

Í breytingartillögu aðalskipulags felst að í stað tveggja tengibrauta sunnan núverandi byggðar verði ein braut, Ásvallabraut og lega hennar breytist þannig að hún tengist Kaldárselsvegi og Elliðavatnsvegi með hringtorgi neðan Hlíðarþúfna en tenging við Ásland 3 verði felld út. Lega Kaldárselsvegur breytist lítillaga sem og tenging hans við Mosahlíð.

Deiliskipulagið sýnir legu Ásvallabrautar sem nær frá Skarðshlíð (áður Vellir 7) og tengist Kaldárselsvegi til norðurs við Hlíðarþúfna, mörkin ná út fyrir raskað land vegna stígs norðan við veglínu og manar ásamt fyllinga sunnan við veglínu. Erindið kallaði á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og er það auglýst hér samhliða.

Deiliskipulagstillagan með greinargerð ásamt breytingum fyrir Ásland 3 og Hlíðarþúfna athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla og tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt greinargerð/umhverfisskýrslu verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2 frá 14. mars – 25. apríl 2018. Hægt er að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar eða á netfangið [berglingd@hafnarfjordur.is](mailto:berglingd@hafnarfjordur.is) eigi síðar en 25. apríl 2018.

Vakin er athygli á því að auglýsa þarf að nýju tillögu að deiliskipulagi fyrir Ásvallabraut þar sem skipulagið kallaði á aðalskipulagsbreytingu.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

**HAFNARFJARÐARBÆR**  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



**FRÉTTABLAÐIÐ IS**

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ IS

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)



# STÓLADAGAR

# 20% afsl.

## af öllum stólum og heilsukollum



**wagner**

Einu stólarnir með  
360° Dondola  
veltitækninni.



Dondola®

Fagaðilar mæla  
eindregið með  
Wagner



Elís Þór Rafnsson  
sjúkrálfari



**ERGOMDIC 100-3**

Áður 169.900,-  
Nú: 135.920,-



**SITNESS 15**  
Áður: 73.900,-  
Nú: 59.120,-



**HEADPOINT**  
Áður: 71.900,-  
Nú: 57.520,-



**SITNESS HIGH BOB**  
Áður: 39.900,-  
Nú: 31.920,-



**SITNESS 6**  
Áður: 54.900,-  
Nú: 43.920,-

MYNDFORM GRAFIK



Þið finnið okkur á Facebook

# Hirzlan

Síðumúla 37,  
108 Reykjavík  
Sími: 564-5040  
hirzlan@hirzlan.is  
hirzlan.is

# Þrjú einvígi fara í oddaleik

Úrslitakeppni Domino's-deildar karla hefst í kvöld. KR á titil að verja en er í annarri stöðu en síðustu ár. Ágúst Björgvinsson, þjálfari Vals, á von á spennandi einvígum og spáir því að þrjú þeirra fari í oddaleik.

**KÖRFUBOLTI** Fjórðið í úrslitakeppni Domino's-deildar karla hefst í kvöld með tveimur leikjum. Í Seljaskóla mætast ÍR og Stjarnan og KR tekur á móti Njarðvík í DHL-höllinni. Annað kvöld hefst svo einvígi deildarmeistara Hauka og Keflavíkur og Tindastóls og Grindavíkur.

Fréttablaðið fékk Ágúst Björgvinsson, þjálfara Vals, til að rýna í rimmurnar fjórar í 8-liða úrslitunum.

## Haukar (1.) - Keflavík (8.)

„Keflvíkingar koma alveg pressu-lausrir inn í þetta nýja tímabil. Þeir ollu vonbrigðum í deildinni. En ef þeir finna það sem þeir hafa leitað að í allan vetur, að tengja sína leikmenn saman, geta þeir verið stórhættulegir,“ segir Ágúst.

Kári Jónsson fingurbrotnaði á landsliðsæfingu í síðasta mánuði og missti af síðustu leikjum Hauka í Domino's-deildinni. Hann er byrjaður að æfa og Haukar búast við því að hann verði með í leiknum í kvöld. Ágúst segir það afar mikilvægt fyrir sóknarleik Hauka.

„Haukarnir eru með mikla hæð, hreyfanlegir og spila góða vörn en Kári stýrir sókninni hjá þeim,“ segir Ágúst en Kári var stigahæsti Íslendingurinn í Domino's-deildinni með 19,8 stig að meðaltali í leik.

**Spá:** Haukar vinna 3-1.

## ÍR (2.) - Stjarnan (7.)

Þessi sömu lið mættust í 8-liða úrslitunum í fyrra. Þá endaði Stjarnan í 2. sæti Domino's-deildarinnar en ÍR í því sjöunda.

„Stjarnan er það lið í 8-liða úrslitunum sem ÍR á mesta möguleika á að slá út,“ segir Ágúst. Hann segir Stjörnumenn sterka inni í teig með þá Hlyn Bæringsson og Tómas Þórð Hilmarsson fremsta í flokki á meðan ÍR-ingar séu betur mannaðir í leikstjórnandastöðunni sem Matthías Orri Sigurðarson hefur leyst með myndarbrag í vetur.

„Stjörnumenn eru sterkir í teignum á meðan Ryan Taylor hjá ÍR, sem ætti að vera sterkur í teignum, er byrjaður að færa sig út fyrir. Stjarnan ætti hafa vinninginn undir körfunni. En ÍR-ingar eru með mun



Fulltrúar liðanna átta sem taka þátt í úrslitakeppni Domino's-deild karla. Fjórðið hefst í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

betri leikstjórnaða og ættu að hafa betri stjórn á leiknum.“

**Spá:** ÍR vinnur 3-2.

## Tindastóll (3.) - Grindavík (6.)

Stólarnir brutu ansi þykkan ís þegar þeir urðu bikarmeistarar í janúar en það var fyrsti stóri titillinn í sögu félagsins. Ágúst segir að fyrir viknið sé ekki jafn mikil pressa á Tindastóli í úrslitakeppninni.

„Það er rosalega erfiður þröskuldur að stiga yfir, að vinna titil. Þeir eru með minni pressu á sér eftir að hafa unnið titil. Ef Tindastóll dettur út á móti Grindavík verða það rosaleg vonbrigði en ef þú litur til baka yrði aldrei litið á þetta sem slæmt tímabil. Þeir geta alltaf huggað sig við bikarinn.“

Grindavík fór alla leið í úrslit í fyrra þar sem liðið tapaði fyrir KR í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Grindvíkingar hafa verið mis-



**Mér hefur alltaf fundist KR vera að biða eftir úrslitakeppninni.**

Ágúst Björgvinsson

jafnir í vetur en sóttu í sig veðrið á lokakafla deildakeppinnar.

„Þetta lið er rosalega vel sett saman fyrir úrslitakeppni. Ólafur Ólafsson er algjör stuðkall og þrífst á andrúmsloftinu í úrslitakeppninni. Grindvíkingar eru reynslunni ríkari frá því í fyrra,“ segir Ágúst. Hann hefur trú á því að Grindvíkingurinn J'Nathan Bullock geti gert Antonio Hester hjá Tindastóli erfitt fyrir.

„Bullock er miklu betri skotmaður en Hester en þeir eru álíka sterkir. Það er erfiðara að eiga við Bullock að því leyttinu til að þú getur ekki bakkað frá honum,“ segir Ágúst en

Bullock var með bestu þrígga stiga nýtinguna í Domino's-deildinni í vetur (48,2%).

**Spá:** Tindastóll vinnur 3-2.

## KR (4.) - Njarðvík (5.)

„Mér hefur alltaf fundist KR vera að biða eftir úrslitakeppninni. Eindhverra hluta vegna hefur þá vantað hvatningu í deildinni,“ segir Ágúst um KR-inga sem enduðu í 4. sæti Domino's-deildarinnar eftir að hafa orðið deildarmeistarar fjórum sinnum í röð þar á undan.

„Öll pressan er á KR en Njarðvík mætir pressulaust til leiks,“ segir Ágúst en þessi lið hafa háð miklar og eftirminnilegar rimmur undanfarin ár.

„Það kæmi mér ekkert á óvart ef þetta færi í oddaleik en KR-ingarnir hafa meiri gæði og reynslu.“

**Spá:** KR vinnur 3-2.

ingvithor@frettabladid.is

## Guðmundur valdi fjóra nýliða í fyrsta hópinn

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson valdi fjóra nýliða í íslenska landsliðshópinn fyrir Gulldeildina í Noregi í byrjun næsta mánaðar. Þar mætir Ísland heima mönnum, Danmörku og Frakklandi; þremur af sterkustu landsliðum heims.

Þetta er fyrsti hópurinn sem Guðmundur velur síðan hann tók við landsliðinu á nýjan leik. Nýliðarnir eru þeir Ragnar Jóhannsson, Alexander Örn Júlíusson, Viktor Gísli Hallgrímsson og Haukur Þrastarson. Tveir þeir síðastnefndu eru kornungir, fæddir 2000 og 2001.

„Til að byrja með hugsaði ég að hans tími myndi koma,“ segir Guðmundur um Hauk sem hefur slegið í gegn með Selfossi í Olis-deildinni í vetur. „Síðan horfði ég á leik eftir leik og fékk góða tilfinningu fyrir því að gefa honum tækifæri.“

Guðjón Valur Sigurðsson verður

ekki með landsliðinu í Gulldeildinni af fjölskylduástæðum. Aron Pálmarsson verður fyrirliði í leikjunum í Noregi. Ásgeir Örn Hallgrímsson og Janus Daði Smárasón eru meiddir, Kári Kristjánsson ekki valinn og Bjarki Már Gunnarsson verður með B-landsliðinu sem tekur þátt í móti í Hollandi í byrjun apríl.

Nafnarnir Ólafur Gústafsson og Ólafur Bjarki Ragnarsson koma aftur inn í landsliðshópinn eftir langa fjarveru. Sá síðarnefndi hefur verið gríðarlega óheppinn með meðliði undanfarin ár en er í góðu formi núna að sögn Guðmundar.

„Óli Bjarki hefur öðlast nýtt líf og hann er í miklu betra formi en hann hefur verið. Hann hefur vart misst úr æfingu síðan í júlí og er í toppstandi,“ segir Guðmundur um Ólaf Bjarka sem leikur undir stjórn Hannesar Jóns Jónssonar hjá West Wien í Austurríki. - íþs

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

### Keflavík - Stjarnan 81-78

**Stigahæstar:** Brittanny Dinkins 31, Thelma Dís Ágústsdóttir 24, Erna Hákonardóttir 12 - Danielle Rodriguez 30, Jenný Harðardóttir.

### Breiðablik - Skallagr. 65-85

**Stigahæstar:** Whitney Knight 28, Sóllilja Bjarnadóttir 21 - Carmen Tyson-Thomas 24, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13.

### Snæfell - Njarðvík 84-71

**Stigahæstar:** Kristen McCarthy 29, Gunnhildur Gunnarsd. 18, Berglind Gunnarsd. 18 - Shalonda Winton 28, María Jónsd. 10.

**Olis-deild kvenna**

### ÍBV - Stjarnan 37-23

**Markahæstar:** Karólína Bæhrens Lárudóttir 9, Ester Óskarsdóttir 8 - Þórey Anna Ásgeirsdóttir 8, Ramune Pekarskyte 6.

### Valur - Grótta 30-18

**Markahæstar:** Morgan Marie Porkelsdóttir 6, Diana Dögg Magnúsdóttir 4, Kristín Arndís Ólafsdóttir 4 - Lovisa Thompson 10.

### Selfoss - Fjöltnir 21-24

**Markahæstar:** Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 8, Perla Ruth Albertsdóttir 7 - Andrea Jacobsen 9, Diana Ágústsdóttir 4.

### Haukar - Fram 25-21

**Markahæstar:** Berta Rut Harðardóttir 8, Karen Helga Díönudóttir 5 - Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Karen Knúsdóttir 4.

**Olis-deild karla**

### ÍBV - ÍR 30-26

**Markahæstar:** Kári Kristjánsson 8, Agnar Smári Jónsson 8, Dagur Arnarsson 5 - Sturla Ásgeirsson 8, Kristján Orri Jóhannsson 5.

### Meistaradeild Evrópu, 16-liða úrslit, seinni leikur

### Barcelona - Chelsea 3-0

1-0 Lionel Messi (3.), 2-0 Ousmane Dembélé (20.), 3-0 Messi (63.).

Barcelona vann einvígið 4-1 samanlagt.

### Besiktas - B. München 1-3

0-1 Thiago (18.), 0-2 Sjálfsmark (46.), 1-2 Vágnar Love (59.), 1-3 Sandro Wagner (84.).

B. München vann einvígið 8-1 samanlagt.



Gylfi Þór Sigurðsson hefur ekki misst úr keppnisleik með íslenska landsliðinu síðan 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Gylfi verður klár fyrir HM

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson verður frá keppni næstu 6-8 vikurnar vegna hnémeiðslanna sem hann varð fyrir í leik Everton og Brighton um helgina. Hann verður hins vegar klár í tæka tíð fyrir HM í Rússlandi sem hefst um miðjan júní. Gylfi var sendur í nánari lækniáskotun hjá Everton á mánudaginn og eftir hana kom í ljós að hann verður frá í allt að tvo mánuði.

Gylfi missir væntanlega af þeim átta leikjum sem Everton á eftir í vetur auk þess sem hann verður ekki með íslenska landsliðinu í vinnuáttulandsleikjunum tveimur síðar í þessum mánuði. En Gylfi ætti að vera búinn að ná sér um miðjan maí og geta tekið fullan þátt í undirbúningnum fyrir HM. - íþs

## Aðalfundur GFF 2018

Aðalfundur GFF 2018 fer fram í Hafnarborg, Hafnarfirði, Apótekssalnum, miðvikudaginn 21.mars kl. 16.30.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum gefur Hafdís Hanna Ægisdóttir forstöðumaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi fundarmönnum innsýn í alþjóðlega vídd uppgræðslumála.

Allt áhugafólk um umhverfismál og sjálfbæra þróun velkomið.



GRÓÐUR FYRIR FÓLK  
Í LANDNÁMI INGÓLFSS

# ILVA

40%

**SLY-SVEFNSÓFI**  
VERÐ ÁÐUR 139.900

**NÚ 79.900**

**SPARAÐU  
60.000**

## SVEFN- SOFADAGAR

15. - 19. MARS

# 25-40%

AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

SLY-svefnsofi. Fallegur svefnsofi með geymslu. Ljósgrátt áklæði og svartir fætur. Svefnflötur 140x200 cm. Pokagormar. 139.900 kr. Nú 79.900 kr. Sparaðu 60.000 kr.

TOLUCA-svefnsofi  
VERÐ ÁÐUR 59.900 KR.

nú **39.900 kr.**  
SPARAÐU 20.000 kr.



TOLUCA-svefnsofi. Dökkgrátt áklæði. Svefnflötur 140x197 cm. 59.900 kr. Nú 39.900 kr. Sparaðu 20.000 kr.

SAVONA-svefnsofi  
VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.

nú **59.900 kr.**  
SPARAÐU 20.000 kr.



SAVONA-svefnsofi. Dökkgrár. Svefnflötur. 140x200 cm. 79.900 kr. Nú 59.900 kr. Sparaðu 20.000 kr.

BALDER-svefnsofi  
VERÐ ÁÐUR 189.900 KR.

nú **109.900 kr.**  
SPARAÐU 80.000 kr.

40%



BALDER-svefnsofi. Fallegur svefnsofi með bláu áklæði og viðarfótum. Soft spring dýna með pokafjöðrun. Svefnflötur 140x200 cm. 189.900 kr. Nú 109.900 kr. Sparaðu 80.000 kr.

SAVONA-svefnsofi  
VERÐ ÁÐUR 89.900 KR.

nú **66.900 kr.**  
SPARAÐU 23.000 kr.

EINNIG TIL DÖKKGRÁR



SAVONA-svefnsofi. Fallegur svefnsofi með geymslu. Ljósgrátt áklæði og svartir fætur. Svefnflötur 140x200 cm. Svampdýna. 89.900 kr. Nú 66.900 kr. Sparaðu 23.000 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

# TÍMAMÓT



Elsku drengurinn okkar,  
bróðir og barnabarn,

## Einar Sigurbjörnsson

lést á heimili sínu 6. mars. Útför hans  
fer fram frá Lindakirkju, Kópavogi,  
þriðjudaginn 20. mars klukkan 13.

Peim sem vilja minnst hans er bent á Samhjálp,  
banki 322-26-40040, kt. 551173-0389.

### Brynja Jónsdóttir

Sigurbjörn Einarsson Karen Sif Þorvaldsdóttir

Eggert Árni Sigurbjörnsson

Magnús Þorkell Sigurbjörnsson

Dagur Steinn Arnarsson

Haukur Logi Arnarsson

Hilmar Örn Arnarsson

Hanna Ósk Jónsdóttir

Jón Sigurðsson

Guðrún Edda Gunnarsdóttir

Einar Sigurbjörnsson



Móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

## Auður Hrefna Hermannsdóttir

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu  
Lundi á Hellu föstudaginn 9. mars.  
Útförin fer fram í kyrrþey.

Vilborg Magnúsdóttir

Gunnar Hermannsson

Finnbogi Magnússon

Þórey Pálsdóttir

Ragnhildur Magnúsdóttir

Guðmundur Erlendsson

og fjölskyldur.



Þökkum innilega auðsýnda  
hluttekningu, samúð og virðingu við  
andlát og útför föður míns,  
sonar okkar, bróður, mágs og frænda,

## Jóhann Jóhannssonar

tónskálds,

sem lést í Berlín níunda febrúar sl. Sérstaklega viljum við  
þakka vinum úr tónlistarheiminum sem heiðrað hafa  
minningu hans með eftirminnilegum hætti.

Karólína Jóhannsdóttir, Edda Þorkelsdóttir,  
Jóhann Gunnarsson og fjölskylda.



Ástkær sambýliskona,  
móðir, systir og amma,

## Birna Jónsdóttir

lést á Landspítalanum þann  
9. mars. Útför hennar fer fram frá  
Grafarvogskirkju miðvikudaginn  
21. mars kl. 13.00.

### Stefán Ólafsson

Ómar Úlfur Eypórsson

Bára Jónsdóttir

Sigurður Jónsson

Guðbjörg Jóna Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Hrefna Jónsdóttir

Jón Leósson

Ómar Gaukur Jónsson

Ágústa Gunnlaugsdóttir

barnabörn og frændsystkini.



Okkar yndislega móðir,  
tengdamóðir, amma og systir,

## Björg Guðrún Pétursdóttir

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri,  
sunnudaginn 11. mars 2018. Útför  
hennar fer fram þriðjudaginn 20. mars  
kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

Þeir sem vilja minnst hennar mega gjarnan leyfa Ljósinu,  
endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð, að njóta þess.  
Sérstakar þakkir færnum við öllu því starfsfólki á LHS  
og SAK sem önnuðust hana í veikindum hennar.

Björg Önnur Sigurðardóttir

Rúnar Ingi Kristjánsson

Kolbrún Sigurðardóttir

Margeir Steinar Karlsson

Rúna Kristín Sigurðardóttir

Haukur Arnar Gunnarsson

Kristján Ingi, Kristinn Arnar, Aron Ingi, Stella Rún,

Dögg og Björgvín Páll

Hafsteinn, Pétur, Dagný og fjölskyldur.



Höpurinn úr Listaháskólanum skoðar pappir fyrir tímaritið Mænu hjá Gunnari Eggertssyni hf. Mæna er gefin út í 400 eintökum.

## Endurtekning er þemað í níundu útgáfu af Mænu

Mæna er tímarit um hönnun sem kemur nú út í níunda sinn. Tímaritið er gefið út af  
hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands og hannað af þriðja árs nemum í  
grafískri hönnun. Í dag verður haldið upp á útgáfuna í Hafnarhúsinu í Reykjavík.

Mæna, tímarit um  
hönnun, er gefið út  
árlega af hönnunar-  
og arkitektúrdeild  
Listaháskóla Íslands.  
Í ár kemur Mæna út  
í níunda skiptið. Í tímaritinu má finna  
greinar um grafíska hönnun, arkitektúr,  
fatahönnun og vörühönnun, en Mæna  
er algjörlega hönnuð af nemum í graf-  
ískri hönnun á þriðja ári.

„Þetta eru í rauninni fræðilegar grein-  
ar um hönnun, allt frá umfjöllun um  
lokaverkefni nemenda og síðan fræði-  
legar greinar byggðar á áhugaverðum  
pælingum sem koma upp út frá loka-  
verkefnum,“ segir Sverrir Örn Pálsson  
en hann er einn af hönnunarteymi  
Mænu.

Siðustu ár hefur verið  
eitt þema sem hönn-  
unin byggist á og þemað í ár er  
endurtekning. Greinarnar  
tengjast þemanu mismikið en  
snerta á því á einn eða annan  
hátt.

Sverrir Örn Pálsson

Ritstjórn Mænu koma úr hópi kenn-  
ara deildarinnar og í ár eru það þau  
Arnar Freyr Guðmundsson, Johanna  
Siebein, Jónas Valtýsson og Birna Geir-  
finnsdóttir. Þetta er annað árið sem  
tímaritið er tvítyngt – kemur bæði út á  
ensku og íslensku, enda er Mæna líka að  
einhverju leyti hugsuð sem kynningar-

efni fyrir Listaháskólann.

„Siðustu ár hefur verið eitt þema  
sem hönnunin byggist á og þemað í ár  
er endurtekning. Greinarnar tengjast  
þemanu mismikið en snerta á því á einn  
eða annan hátt. Konseptið og layoutið  
byggir samt mikið á endurtekningu.“

Í kvöld verður útgáfuhólf vegna útgáfu  
Mænu og fer það fram í Hafnarhúsinu og  
er hluti af HönnunarMars í tengslum við  
samsýningu FÍT, Félag íslenskra teikn-  
ara, en hófið er haldið í sama rými og  
sú sýning. Leikar hefjast klukkan 17.30  
og stendur sýningin fram á sunnudag.  
Mæna kemur út í um það bil 400 ein-  
tökum og verður hægt að nálgast tíma-  
ritið á meðan upplag endist.

Einnig má nálgast Mænu á vefsíðunni  
mæna.is. stefanthor@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 15. MARS 1990

## Gorbatsjov kosinn forseti

Míkhaíl Gorbatsjov var kosinn fyrsti for-  
seti Sovétríkjanna hinn 15. mars 1990.  
Gorbatsjov fæddist í borginni Stavropol  
Krai 2. mars árið 1931. Hann útskrifaðist  
frá háskólanum í Moskvu árið 1955 með  
gráðu í lögfræði og varð í kjölfarið virkur  
í pólitísku starfi Kommúnistaflokksins.

Árið 1985 var Gorbatsjov kosinn  
aðalritari flokksins og þótti líklegur sem  
næsti leiðtogi komandi kynslóðar.  
Hann var svo kosinn forseti hinn 15.  
mars árið 1990. Á kaldastríðsárunum  
voru Sovétríkin og Bandaríkin ráðandi  
öfl í heiminum. Eftir átök innan  
Kommúnistaflokksins og þeirra ríkja  
sem mynduðu Sovétríkin fór það svo að  
Gorbatsjov sagði af sér og eftirlét Boris  
Jeltsín, forseta Rússlands, völdin. Árið  
1991 liðuðust Sovétríkin í sundur.



Frá leiðtoga fundinum í Höfða 1986 þegar Ronald Reagan og Gorbatsjov hittust.



GÓÐ  
ÞJÓNUSTA  
OG HAGSTÆÐ  
KJÖR Á  
SKOÐUNUM



# ÖRUGGUR BÍLL OG FERÐIN VERÐUR ÁNÆGJULEGRI

Vertu með allt á hreinu á nýskoðuðum bíl frá Frumherja



Vöribílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar



Fólksbílar/jeppar



Felli- og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur


IS YI 19 513 ←

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA  
Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU  
7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskipta-tilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is



**Frumherji**


www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austan 8-15 m/s, en 15-23 og snarpar hviður syðst á landinu og í Óræfum. Rigning SA til en slydda eða snjócoma til fjalla, rigning eða slydda vestast á landinu, en annars skýjað en úrkomulítið. Styttir upp V- og N-lands í kvöld. Hiti 2 til 8 stig, en heldur mildara á morgun.



## Föstudagur

<b>Reykjavík</b> 5° ← 9	<b>Ísafjörður</b> 2° ↖ 4	<b>Akureyri</b> 3° ↖ 9
<b>Egilsstaðir</b> 2° ↖ 12	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 4° ← 11	<b>Hveravellir</b> 1° ↖ 13

## Laugardagur

<b>Reykjavík</b> 6° ↖ 12	<b>Ísafjörður</b> 2° ↖ 4	<b>Akureyri</b> 4° ↖ 3
<b>Egilsstaðir</b> 3° ↑ 11	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 6° ← 9	<b>Hveravellir</b> 2° ↖ 13

### LÉTT

7						3
	6			9	2	
1	8					9
	2	9		1	7	3
3			7	6		9
5	6			3	1	4
		1		5		7
	8		3	4		
6		2			8	

### MIDLUNGS

			9	4			5
	1			8	4	9	
	6		2		7	3	
	4	2		6			
5	6	2		8			4
1							9
4					9		
					5	7	2
		5	9	3		1	8

### PUNG

				3				
2				5	6		1	
3			7				8	4
7	2				4			5
9			3	7				
			9			4	6	
	3			8	5			
4		1			6			
	9			2				8

## Krossgáta

- LÁRÉTT**
- aðrakstur
  - átt
  - leyfi
  - spendýr
  - rás
  - skipað niður
  - fjandi
  - hola
  - hyggja
  - málmur
  - rómversk tala
  - innileikur

- LÓÐRÉTT**
- skjótur
  - frá
  - lærimeistari
  - svivirðing
  - fifflaeti
  - svelgur
  - sigað
  - ekkert
  - munda
  - nudd

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. safn, 6. na, 8. fr, 9. ap, 11. að, 12. ráð, 14. satn, 16. op, 17. tr, 18. tñ, 20. 21. alð. LÓÐRÉTT: 1. snar, 3. af, 4. fræðari, 5. nið, 7. apasill, 10. íða, 13. ís, 15. átt, 16. ofa, 19. nu.

## Skák

Gunnar Björnsson  
Jóhann Hjartarson (2.513) átti leik gegn Haik Der Manuelian (2.279) á GAMMA Reykjavíkur-skákmótinu í gær.  
**Hvítur á leik**  
26. Hd7! 1-0. Indverjinn Baskaran Adhiban (2.650) sigraði á mótinu sem lauk í gær. Indverski undradrengurinn Nihal hlaut stórmeistaraáfang. Hannes Hlífar Stefánsson stóð sig best Íslendinganna.




www.skak.is: Allt um Reykjavíkurskákmótið.

3	1	7	2	5	8	4	6	9
8	2	4	9	1	6	7	3	5
6	9	5	7	3	4	2	1	8
4	6	1	5	2	9	3	8	7
2	8	3	4	6	7	9	5	1
7	5	6	1	9	2	8	4	3
9	3	8	6	4	5	1	7	2
1	4	2	8	7	3	5	9	6
4	2	9	5	7	1	6	8	3
5	1	3	8	9	6	7	2	4
8	6	7	2	3	4	9	1	5
9	4	2	3	8	7	1	5	6
1	3	6	4	5	9	2	7	8
3	1	8	5	6	2	7	8	4
7	5	8	6	1	2	3	4	9
2	8	4	1	6	3	5	9	7
3	7	1	9	4	5	8	6	2
6	9	5	7	2	8	4	3	1
5	7	2	9	1	3	6	8	4
1	3	6	4	5	8	7	9	2
8	4	9	6	2	7	1	3	5
6	5	4	1	7	9	8	2	3
3	1	8	5	6	2	9	4	7
9	2	7	3	8	4	5	6	1
4	6	3	7	9	5	2	1	8
2	9	5	8	4	1	3	7	6
7	8	1	2	3	6	4	5	9

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli



## Amadeus borðstofuhúsgögn


Komið og skoðið úrvalið

**NÝFORM**  
HÚSGAGNAVERSLUN

Opíð virka daga  
11-18  
laugardaga  
11-15

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ    FRÉTTABLAÐIÐ APP    FRÉTTABLAÐIÐ.IS



# LG DAGAR

LG Á HEIMA  
Í RAFLANDI



## LÝKUR UM HELGINA

### ALLAR LG VÖRUR Á 10-50% AFSLÆTTI

KÆLISKÁPAR • ÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR • FARSÍMAR • OLED SJÓNVÖRP • SUHD SJÓNVÖRP • LED SJÓNVÖRP  
HLJÓMTÆKI • ÞRÁÐLAUSIR HÁTALARAR • BLU-RAY SPILARAR • HEIMABÍÓ HÁTALARAR

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | [rafland.is](http://rafland.is)

## Mercedes Benz X-Class með lengri palli

Stutt er síðan Mercedes Benz kynnti sinn fyrsta pallbíl, X-Class. Engu að síður virðist Mercedes Benz vera að vinna að breyttum slíkum bíl með stærri palli og þá grunar marga að sú útgáfa bílsins sé ætluð á Bandaríkjamarkað, en þar er X-Class ekki í boði nú. Núverandi gerð X-Class er með 1.587 mm löngum palli en bíllinn sem hér sést á mynd er með 1.788 mm palli og því hefur hann lengst um 20 sentimetra. Systurbíll X-Class er Nissan Navara og er hann í boði með jafn löngum palli og þessi lengri gerð X-Class og því virðist undirvagn bílsins gerður fyrir svo langan pall. Ekki er búist við því að neinar vélarbreytingar fylgi endilega stærri palli og bíllinn

verði áfram í boði með 2,3 lítra dísilvél í tveimur útfærslum, 163 og 190 hestaflla.

Mercedes Benz kynnti engu að síður nýja vélargerð í X350d 4Matic á bílasýningunni í Genf, en þar fer 6 strokka vél sem skilar 258 hestöflum og 550 Nm togi. Með henni er X-Class aðeins 7,9 sekúndur í 100 km hraða og með 205 km hámarks hraða. Ef Mercedes Benz setur X-Class á markað í Bandaríkjunum er ekki ósennilegt að þessi aflmeiri vél verði fyrir valinu svo bíllinn sé samkeppnishæfur gegn aflmiklum pallbílum sem þar eru í boði. Mercedes Benz ætlar að bjóða 6 strokka X-Class í Evrópu frá og með næsta sumri á verði frá 53.360 evrum.




Volvo XC40 hlaut titilinn Bill ársins í Evrópu

## Fiat hefur oftast átt bíl ársins í Evrópu

Bíll ársins í Evrópu hefur verið kosinn frá árinu 1964 og því var kjörinu lýst í 55. skiptið um daginn á bílasýningunni í Genf og hlaut Volvo XC40 titilinn að þessu sinni og var það í fyrsta skipti sem Volvo hlýtur þennan heiður. Ef skoðað er hvaða bílaframleiðandi hefur hlotið titilinn oftast sést að það er Fiat, eða alls 9 sinnum. Renault hefur hlotið hann 6 sinnum og þrjú bílamerki hafa hlotið hann 5 sinnum, eða Peugeot, Ford og Opel. Stærsti bílaframleiðandi heims, Volkswagen, skartar 4 titlum og Citroën þremur. Sex framleiðendur eiga tvo titla að baki, Rover, Audi, Simca, Alfa Romeo, Toyota og Nissan, en sumum þykir

undrum sæta að japanskir bílaframleiðendur eigi fjóra slíka titla.

Mercedes Benz hefur aðeins einu sinni fengið þessi verðlaun og það á einnig við Porsche, Lancia, Austin og þýska framleiðandann NSU, sem síðan rann inn í Audi. Ef skoðað er hvaða land hefur hlotið flesta titla stendur Frakkland efst á palli með 16 titla, Þýskaland 13, Ítalía 12 titla, England 8, Japan 4 og Svíþjóð 1. Í ár voru það 60 bílaframleiðendur frá 23 löndum sem völdu Volvo XC40 bíl ársins í Evrópu. Fyrsta árið voru það 26 blaðamenn frá 9 löndum sem kusu bíl ársins í Evrópu og hlaut Rover 2000 þá titilinn, árið 1964.



Þessi stríðnimynd Subaru gefur ekki mikið til kynna um útlit nýrrar kynslóðar bílsins. MYNDIR/GETTY

## Nýr Subaru Forester kynntur 26. mars

Búist er við því að Forester verði stærri og með því muni innanrými bílsins stækka talsvert.

Finnur Thorlacius  
finnurth@frettabladid.is



Subaru mun kynna nýja kynslóð hins vinsæla Forester-bíls síns á bílasýningunni í New York sem hefst 26. mars. Þar mun Toyota einnig kynna breyttan RAV4-jeppling sinn. Ekki sést mikið á þessari mynd, sem Subaru hefur sent frá sér, hvernig nýr Forester muni líta út en hann á vist að fá mikil útlitseinkenni frá VIZIV Future tilraunabíl Subaru sem fyrirtækið kynnti á bílasýningunni í Tokýó árið 2015. Nýr Forester mun sitja á nýjum SGP undirvagni en hann er einnig udir nýrri gerð Subaru Impreza.

Ljóst er að fjögurra strokka boxer-

vél verður í bílnum og SVT-sjálfskipting og nú mun Forester fá verðlaunaða öryggisbúnaðinn EyeSight líkt og Subaru Outback. Búist er við því að stærð Forester aukist og með því muni innanrými bílsins stækka talsvert. Á sumum markaðssvæðum hefur Forester verið í boði í tS-kraftaútfærslu, svo sem í heimalandinu Japan og í Ástralíu og vonir standa til að nýja kynslóðin verði í boði þannig á fleiri mörkuðum með nýrri kynslóð bílsins. Einig má búast við Hybrid-útgáfu bílsins á seinni stigum, en allavega ekki í fyrstu.

## 10.000 Huracán framleiddir

Fyrir skömmu fögnuðu starfsmenn í verksmiðju Lamborghini í Sant'Agata Bolognese á Ítalíu þeim áfanga að tíuþúsundasti Huracán-bíllinn sem þar hefur verið smíðaður rann af færðöndunum. Þessi ofurbíll Lamborghini hefur verið í framleiðslu í 4 ár, en hann leysti af hólmi Gallardo-bíllinn, sem einnig var og er mjög eftirsóttur bíll. Þessi tiltekni bíll nr. 10.000 fer til ánægðs kaupanda í Kanada. Lamborghini, sem er í eigu Volkswagen Group, átti ágætt sóluár í fyrra og seldi til að mynda 2.642 Huracán-bíla, eða 12% fleiri en árið á undan. Lamborghini Huracán er með 10 strokka vél sem ekki styðst við forþjöppu eða rafmagnsmótora og þykir mörgum bílaáhugamanninum það ánægjulegt að einhver bílaframleiðandi skuli ennþá framleiða slíka bíla, sem uppá enskuna eru „naturally aspirated“.



Lamborghini Huracán nr. 10.000 og stoltir starfsmenn Lamborghini að baki.

Lamborghini býður einar 6 mismunandi útfærslur Huracán, en Huracán Performante Spyder útfærsla hans var kynnt á bílasýningunni í Genf, sem enn stendur yfir. Lamborghini hefur lýst því yfir að Huracán mun áfram verða með 10 strokka vél án forþjöppu, en líklega innan tíðar verður bíllinn einnig í

boði með rafmótora til aðstoðar brunavél hans, til að minnka eyðslu bílsins og mengun, vegna síharðandi reglugerða. Kaupendur munu geta valið á milli afturhjóladrifs og framhjóladrifs Huracán. Nýrrar kynslóðar Huracán-bílsins er ekki að vænta fyrr en einhver ár verða liðin af næsta áratug.

## Varmadælar & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælar á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk

Midea MOB12

Max 4,92 kW

2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44) f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

# ÍSLENSKA HM-TREYJAN

ÍSLENSKA LANDSLIÐSTREYJAN VERÐUR AFHJÚPUÐ Í DAG.  
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í ÚTILÍF!

SALA HEFST  
KL 18.00

OPIÐ TIL 21.00  
Í KVÖLD



**ÚTILÍF**

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND  
utilif.is

ARNASYNIR

# Ágætt að hugsa um þetta nánast eins og húðina

**Dagur forvörslunnar er haldinn í dag á Norðurlöndunum. María Karen Sigurðardóttir, forvörður á Borgarsögusafni, segir að það sé ekki nóg að skapa menningu heldur þurfi að varðveita hana og halda henni við.**

**M**aría Karen Sigurðardóttir er formaður Félags norrænna forvarða á Íslandi en dagur forvörslunnar er haldinn í dag á Norðurlöndunum. María Karen er deildarstjóri á Borgarsögusafni Reykjavíkur en sérhæfing hennar er fölgín í pappír, bókum, ljósmyndum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Hún er fædd og uppalin á Akranesi, lærði vélsmiði og tók tæknistúdentspróf en hvað skyldi hafa dregið hana að þessu sérstaka fagi? „Ég hef alltaf haft áhuga á handverki og svo fór sagan að blandast saman við, þá ekki sist eðlis- og efnafræði. Ég var að athuga með nám í fornleifafræði þegar mér var bent á þetta fag og það heillaði það mikið að ég fór og lærði þetta við Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Þetta sameinaði fyrir mig söguna, listina, handverkið og tæknina og þessi fjölbreytni er það sem gerir þetta fag svo skemmtilegt.“

## Aðstæður og ending

Spurð um hvað sé fylgið í forvörslu segir María Karen að hún snúist einfaldlega um að verja og gera við safngrip, nútímalist og annað slíkt sem geti fallið undir menningarverðmæti, bæði samfélags- og persónulega. „Þetta er varðveisla á alls lags gripum sem eru úr ólíkum efnum og þannig fag að maður þarf að hafa innsýn í marga heima þegar kemur að því að vita hvernig efnin endast. Hafa innsýn í efna- og eðlisfræði og svo vissulega listasögu og þar fram eftir götunum. Getu gert sér grein fyrir því hvaða ytri þættir hafa áhrif á gripina eins og hitastig, rakastig, sólarljós, mengun og sitthvað fleira. Út frá þessum ytri aðstæðum má svo reikna út hversu vel hlutirnir endast og það er einmitt eitthvað sem söfn þurfa stöðugt að hafa í huga því þar er stefnt að því að hlutirnir endist sem lengst. Þá erum við að hugsa í öldum og í raun er starf fólks á söfnum líka alltaf þannig að það þarf að þekkja söguna til þess að geta hugað að framtíðinni, geta áætlað hvernig hlutirnir verða þá.“

Þegar rætt er um söfnin á Íslandi þá er oft rætt um húsnæðisvanda og María Karen segir að það sé vel



María Karen er formaður Félags norrænna forvarða á Íslandi og hún bendir á að það sé engin framtíð án fortíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

skiljanlegt þar sem við séum í raun ekki að gæta nægilega vel að framtíðinni. „Það er samt ákveðin framþróun því Þjóðminjasafnið okkar stendur frammarlega og hér á Árbæjarsafni er komið varðveisluhús þó svo það sé ekki nægilega stórt til þess að taka allan safnkostinn. En í heildina mætti gera betur í húsnæðismálum.“

## Nánast eins og húðin

María Karen bendir á að það skipti líka miklu máli úr hverju hlutirnir sem á að varðveita eru gerðir. Í því samhengi megi t.d. benda á að það geti verið snúid að varðveita hluti úr plasti. „Plast er ekki bara plast þó ekkert af því sé umhverfinu gott. Ljósmyndir eru til að mynda úr plasti þó að í því séu efni sem varð-

veita en skemma ekki. En gripir sem eru að koma inn á söfn eins og t.d. leikfangabilar og brúður úr plasti skemmast. Plastið mýkist upp og verður klístrað og þetta geta líka verið örlög nútímalistaverka sem eru ekki úr nægilega góðu plasti. En það eina sem er hægt að gera við plast til þess að það endist er að setja það í frysti. Hið sama á reyndar við um ljósmyndaflímur og þá sérstaklega litflímur. Það er gott að halda hita- og rakastigi jöfnu en albest að geyma í frysti eða við mjög lágt hitastig. Ljósmyndin er samt ansi dugleg og lifir ótrúlega langt af en auðvitað er best að forðast sólarljós, raka og fleira. Það er í raun ágætt að hugsa um þetta nánast eins og húðina okkar – hita og rakastig umhverfisins þarf að vera í lagi.“

## Ryk er ekki bara ryk

Á mörgum heimilum er að finna ættargrip eða aðra muni sem fólk hefur hug á að varðveita sem best. María Karen segir að skírmarkjólur séu ágætis dæmi. Þá á ekki að geyma í venjulegu plasti eins og t.d. efna-hreinsanir nota heldur margborgar sig að hafa utan um þá sérsumaðan klæðapoka úr óbleiktu lérefti.

Við getum líka tekið dæmi af stytta en af henni má alls ekki þurrka með rakri tusku heldur er best að dusta af henni með mjúkum penslum. Í þessum efnum gildir soldið það sem átti við fyrir tíma ryksugunnar þegar það var farið með hlutina út í góðu veðri, bankað af teppum og dustað af munum til þess að losna við rykið. En ryk er nefnilega ekki bara ryk

eins og kemur fram í umræðunni um mengunina í Reykjavík þessa dagana. Í slíku ryki eru alls konar sót- og brennisteinsagnir sem geta haft talsvert áhrif á þá grip sem þær falla á. Slíkt getur verið afgerandi ef búið er við umferðargötu. Allt hefur þetta áhrif.

En hvert getur fólk snúid sér sem að velja þessu fyrir sér? „Það getur haft samband við deildina sem er starfandi hér á Árbæjarsafni og fengið þar ráð um forvörslu. Hér eru sérfræðingar í heimilismunum, tæknimínjum og hvaðeina sem geta veitt ráðgjöf. En það sem er í raun mikilvægast fyrir okkur öll að hafa í huga er að það er ekki nóg að skapa menninguna, heldur þarf líka að varðveita hana og halda henni við. Það er engin framtíð án fortíðar.“

## VIÐSKIPTABLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU VIÐSKIPTABLAÐAMANNA LANDSINS?

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- að hafa góða þekkingu og brennandi áhuga á viðskiptum og efnahagsmálum er skilyrði
- háskólamenntun á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfræði er æskileg
- reynsla af blaðamennsku er æskileg
- að hafa gott vald á íslenski tungu
- frumkvæði, öguð vinnubrögð og að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Hörð Ægisson á netfangið hordur@frettabladid.is

**Umsóknarfrestur er til 21. mars.**

# FERMINGAR FRAMUNDAN



Sjálfstætt fólk  
**TILBOÐSVERÐ: 5.999.-**  
Verð áður: 7.810.-



Ferðataska LW,  
8 hjól, 70 cm  
**VILDARVERÐ: 13.874.-**  
Verð: 18.499.-



Íslensk öndvegisljóð  
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**  
Verð áður: 6.999.-




**25%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR

Skartgripatré (4 litir í boði)  
**VILDARVERÐ: 5.999.-**  
Verð: 7.999.-



**25%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR

Hnattlíkan,  
30 cm með ljósi  
**VILDARVERÐ: 11.242.-**  
Verð: 14.989.-



Visual Atlas of the World  
**VILDARVERÐ: 11.999.-**  
Verð: 15.999.-



**25%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR

Kubbaklukka  
**VILDARVERÐ: 6.149.-**  
Verð: 8.199.-

**20%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR



Heyrnartól Spectrum  
**VILDARVERÐ: 3.999.-**  
Verð: 4.999.-

**25%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR



Þráðlaus hátalari  
með hljóðnema  
**VILDARVERÐ: 7.499.-**  
Verð: 9.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

**PENNINN**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildar- og tilboðsverða er til og með 22. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytl.

▶ FÁNAR  
▶ LÍMMIÐAR  
▶ AUGLÝSINGASKILTI



Dú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.

**FjölPrent**  
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
fjolprent.is  
S. 581 4141

**Vatnsheldir  
gæðaskór**

**30% afsláttur af öllum Lytos útivistarskóm.**

Lytos LeFlorians 4 sesaons



Verð áður 22.995

Verð nú **16.097**

30% afsláttur til 31. mars

Stærðir 36 - 47

**LYTOS**

skórnir þínir

SMÁRALIND · 2 HÆÐ

**STENDUR EITTHVAÐ TIL?  
Dimmisjón, árshátíð, annað?**

**HOKUS POKUS**

[www.hokuspokus.is](http://www.hokuspokus.is)  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

**Hvað?  
Hvenær?  
Hvar?**

Fimmtudagur

Hvar@frettabladid.is

**15. MARS**

**Tónlist**

**Hvað?** FALK Records + Sónar Rvk 2018

**Hvenær?** 19.30

**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu  
Varg, Ziúr, Lord Pusswhip, XARG og IDK IDA spila á Húrra í sérstöku fyrirpartíi fyrir Sónar hátíðina.

**Hvað?** Beatmakin Troopa dj set og Árni Vil tónleikar.

**Hvenær?** 19.00

**Hvar?** Vinyl, Hverfisgötu

**Viðburðir**

**Hvað?** Konur í nýsköpun #Engar-Hindranir

**Hvenær?** 17.00

**Hvar?** Marshall Restaurant, Grandagarði

#EngarHindranir er átak sem Icelandic Startups stendur fyrir til þess að hvetja konur til þátttöku í



**BIO ★ PARADIS**

HAPPY HOUR Á  
BARNUM 17-19

The Shape Of Water ..... 17:30, 20:00  
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ..... 17:30  
Spoor ..... 17:30, 22:30  
Prump í Paradis: Howard The Duck ..... 20:00  
Loveless ..... 20:00  
The Florida Project ..... 22:30



Kilo og Góa Sportrónd sjá um bingó á Tívoli bar í kvöld.



Opunarhátíð HönnunarMars fer fram í Hafnarhúsinu í dag.

nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi með því að sýna sterkar fyrirmyndir úr sprotaumhverfinu. Átakið hefur skilað sér í jafnara kynjahlutfalli í verkefni sem Icelandic Startups stendur fyrir.

**Hvað?** Opunarhátíð HönnunarMars

**Hvenær?** 17.15

**Hvar?** Hafnarhúsið

Við blásum í lúðra og hefjum HönnunarMars í tiunda sinn! Afmælishátíð HönnunarMars verður sett í dag kl. 17.15 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

**Hvað?** Somersby Bingo með Kilo & Góa Sportrónd

**Hvenær?** 22.00

**Hvar?** Tívoli Bar, Hafnarstræti  
Bingóbrjálæðið byrjar kl. 22.00 með Kilo og Góa Sportrónd.

**Hvað?** Hún splæsir

**Hvenær?** 17.00

**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg  
Í dag mun herferðin #Húnsplæsir hefjast í fyrsta skipti á Íslandi og þér er hér með boðið í opunarveislu í Hannesarholti sama dag af því til efni. Markmið herferðarinnar er að halda uppi uppbyggilegri umræðu um hvaða ómeðvituðu kynjamismunun við verðum vör við í daglegu lífi og þau neikvæðu áhrif sem slík mismunun hefur á samfélagið í heild sinni.

**Hvað?** Hádegisfyrirlestrar í tilefni Heilavíku í HR

**Hvenær?** 12.00

**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík  
Heilahristingur og afleiðingar hans: Reynslusaga og læknisfræðilegt sjónarhorn. Ólína Viðarsdóttir, sálfræðingur, doktorsnemi og landsliðskona í fótbolta, og Lára Eggerts-

SUNSTAR  
**G·U·M**  
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.™

Tannlæknar  
mæla með  
GUM  
tannvörum

**Mundir þú eftir að  
bursta og skola í  
morgun?**

Fæst í næsta  
apóteki og helstu  
stórmörkuðum



ARTASAN  
www.artasan.is





dóttir Claessen, deildarlæknir á Landspítala háskólasjúkrahúsi, fjalla um heilahrínging. Heilahreysti á efri árum: Að taka því sem að höndum ber eða spyrna við fótum? María K. Jónsdóttir, dósent við sálfræðisvið HR, fjallar um hvernig við getum best stuðlað að eigin heilahreysti ævina á enda, dregið úr líkum á því að fá heilabilun og þar með aukið lífsgæði okkar á efri árum. Sálfræðinemar kynna ýmis verkefni sem þeir hafa unnið um heilann. Allir eru velkomnir á viðburði í Heilavíku.

### Sýningar

**Hvað?** Grallaragerðin x Litla Hraun „Stúss í steininum“

**Hvenær?** 18.00

**Hvar?** Hönnunarmiðstöð Íslands, Aðalstræti Samstarfsverkefni: Stússa í steininum. Grallaragerðin hönnunarstúdíó hefur verið í samstarfi við fangelsið á Litla-Hrauni þar sem unnið er að nýjum vörum sem byggja á sameiningu tækni, hráefna eða aðferða innan Litla-Hrauns. Verkefnið byggir á áfanga sem kenndur var við Listaháskóla Íslands þar sem lögð var áhersla á staðbundna framleiðslu.

**Hvað?** Verðlaunasýning FÍT 2018

**Hvenær?** 17.15

**Hvar?** Hafnarhúsið Félag íslenskra teiknara stendur árlega fyrir FÍT-keppninni. Þar er keppt um það besta í grafískri hönnun og myndskreytingum á Íslandi og eru verkin sem vinna til verðlauna og viðurkenninga sýnd á veglegri sýningu sem undanfarin ár hefur verið haldin í tengslum við HönnunarMars.

**Hvað?** Souvenir / Minning; Atelier Dottir á Hönnunarmars

**Hvenær?** 18.00

**Hvar?** Geysir heima, Skólavörðustíg Sýningin Souvenir / Minning er hluti rannsóknar Atelier Dottir á því hvernig ólíkir miðlar hafa áhrif á skynjun okkar og minni. Sýningin samanstendur af tvívíðum og þrívíðum verkum sem hvert um sig tákna ákveðna minningu; minningu um stað, stund, ástand. Þrívíðu verkin eru leirskúlpútar sem einnig eru berar ilmkyrta sem ætlað er að hreyfa við minninu og framkalla ólíkar tilfinningar. Upplifunarsýning þar sem gestum gefst tækifæri á að kynna rannsóknarvinnu verkefnis í þróun.

**Hvað?** TypoCraftHelsinki to Reykjavík

**Hvenær?** 17.15

**Hvar?** Hafnarhúsið TypoCraftHelsinki to Reykjavík er samsýning finnskra og íslenskra hönnuða þar sem viðfangsefnið er týpógráfía en afkasturinn í margvíslegu formi og má þar nefna meðal annars prentverk, textíl, skúlpúta og ljósmyndir.

**Hvað?** Endurfundur á Hönnunarmars 2018

**Hvenær?** 17.00

**Hvar?** Anna G., Sóltúni Á Hönnunarmars 2018 býður Anna G. upp á endurfundi við íslenska hönnunargripi frá sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum. Um er að ræða húsgögn frá húsgagnaverkstæðinu Valbjörk á Akureyri, ruggustól Helga Hallgrímssonar frá FHI-sýningunni 1968, listkeramik frá leirbrennslunni Gliti hf. frá árunum 1958 til 1973 og valda nytjahluti úr steinleir eftir Hauk Dór frá árunum 1967 til 1980. Markmið kynningarinnar er að minna á hvað áður var gert af íslenskum frumkvöðlum á sviði hönnunar. Margt af því er nú orðið eftirsótt hönnunarvara. Ráðgjafi og kynningarstjóri er Arnís S. Arnadóttir hönnunarsagnfræðingur.



## Þjóða upp á skynjunarveislu

Við munum vera með viðburð sem heitir einfaldlega Upplifunarreif,“ segir Lilja Birgisdóttir, einn eigandi verslunarinnar Fischer í Grjótaþorpinu, spurð út í viðburð sem haldinn verður í versluninni í kvöld. Í tilkynningu um viðburðinn segir: „Vertu vel-

kominn í skynjunarreif í Fischer þar sem gestum er drekkt í ilmi, tónlist, áferð, bragði og myndum. Boðið verður upp á ferðalag í gegnum Fischer í tilefni HönnunarMars og sérstakur Fischer snaps kynntur til sögunnar! Allir hjartanlega velkomnir og aðgangur ókeypis.“ - gha



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á [bros.is](http://bros.is)

Bros auglýsingavörur,  
Norðlingabraut 14.

**BROS**  
AUGLÝSINGAVÖRUR  
– með þínu merki

## Njóttu lífsins í fallegum sundfötum



Selena

Bláu húsin v/ Faxafen • [www.selena.is](http://www.selena.is) • 553 7355

## DAGSKRÁ

## Fimmtudagur



Ný þáttaröð



## AMERICAN IDOL

KL. 19:25

Nú verður fjör á fimmtudagskvöldum. Glæný og bráðskemmtileg sería af American Idol lítur dagsins ljós með nýjum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Úrslitaþátturinn fyrir fyrsta þátt er svo á föstudag, strax á eftir fréttum.

## Frábært Fimmtudagskvöld

Fáðu þér áskrift á 365.is



## THE GOOD DOCTOR

KL. 20:55


Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?



## THE BLACKLIST

KL. 21:40

Hér er James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



## THE X-FILES

KL. 22:25

Skemmtilegir þættir með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnátúrulegum málum.



## HERE AND NOW

KL. 23:10

Tim Robbins og Holly Hunter fara með hlutverk hjóna sem eiga blandaða fjölskyldu, þrjú ættleidd börn frá Sómalíu, Víetnam og Kólumbíu ásamt einu sem þau eignuðust saman. Öll upplifa þau bandaríska menningu á gjörólíkan hátt sem getur reynt verulega á fjölskylduböndin.



## SPY

KL. 22:00

Myndin segir frá því þegar yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar uppgötva að stórhættuleg glæpa-drottning hefur komist yfir öflugt vopn sem hún hyggst nú selja til hryðjuverkahóps.



## GOTHAM

KL. 22:20

Hörkuspennandi þættir þar sem söguvið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.



SKEMMTIPAKKINN

365.is

Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

## STÖÐ 2

06.05 Transparent  
07.00 The Simpsons  
07.20 Kalli kanina og félagar  
07.45 Tommi og Jenni  
08.05 The Middle  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.15 Hell's Kitchen  
11.00 Hvar er best að búa?  
11.45 Grey's Anatomy  
12.35 Nágrannar  
13.00 60 Minutes  
13.50 Dear Eleanor  
15.20 50 First Dates  
16.55 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 American Idol  
20.55 The Good Doctor  
21.40 The Blacklist

22.25 The X-Files Glæný þáttaröð með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnátúrulegum málum. Við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu þáttaröð þegar Miller sonur Mulders og Skully hvarf af yfirborði jarðar á dularfullan hátt.

23.10 Here and Now  
01.00 Gásmamman Þriðja syrpa þessara hörkuspennandi sænsku þátta um Sonju sem þangað til í síðustu þáttaröð lifði með eiginmanni sínum og þremur börnum í úthverfi Stokkhólms. En þegar líf hennar tók skyndilega stakka-skiptum og öryggi hennar og barnanna er ógnað voru góð ráð dýr. Hún gerir því allt sem í hennar valdi stendur til að standa vörð um þá sem hún elskar þótt það þýði að hún dragist inn í undirheimana til að draga björg í bú.

01.45 Homeland  
02.30 Death Row Stories  
03.15 Broadchurch  
04.05 Broadchurch  
04.55 Barbershop 3: The Next Cut

## STÖÐ 2 SPORT

09.25 Besiktas - Bayern München  
11.05 Meistaradeildarmörkin  
11.35 Domino's körfuboltakvöld  
12.35 Barcelona - Chelsea  
14.15 Besiktas - Bayern München  
15.55 Lokomotiv Moskva - Atletico Madrid  
18.00 Meistaradeildarmörkin  
18.30 Premier League World  
19.00 Meistaradeildin í hestaiþróttum  
22.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaröð  
22.25 Domino's-körfuboltakvöld  
23.25 ÍR - Stjarnan

## STÖÐ 2 SPORT 2

06.35 Valur - Haukar  
08.15 ÍBV - Stjarnan  
09.45 ÍBV - ÍR  
11.15 Manchester United - Liverpool  
13.00 Everton - Brighton  
14.40 Chelsea - Crystal Palace  
16.25 Messan  
17.55 Zenit - Leipzig  
20.00 Arsenal - AC Milan  
22.05 Dynamo Kyiv - Lazio  
23.45 Salzburg - Dortmund

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

## STÖÐ 3

18.15 Great News  
18.40 Baby Daddy  
19.05 Last Man Standing  
19.30 Entourage  
20.00 Seinfeld  
20.25 Friends  
20.50 Supergirl  
21.35 Arrow  
22.20 Gotham  
23.05 Dagvaktin  
23.40 Bob's Burgers  
00.30 Entourage  
01.00 Seinfeld  
01.25 Friends  
01.50 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Vikingurinn Viggó  
07.27 K3  
07.38 Mæja býfluga  
07.50 Kormákur  
08.00 Dóra könnuður  
08.24 Mörgæsirnir  
08.47 Doddi litli og Eyrnastór  
09.00 Áfram Diego, áfram!  
09.24 Svampur Sveinsson  
09.49 Rasmus Klumpur og félagar  
09.54 Strumparnir  
10.19 Lalli  
10.25 Hvellur keppnisbill  
10.37 Ævintýraferðin  
10.49 Gulla og grænjaxlarnir  
11.00 Stóri og litli  
11.13 Vikingurinn Viggó  
11.27 K3  
11.38 Mæja býfluga  
11.50 Kormákur  
12.00 Dóra könnuður  
12.24 Mörgæsirnir  
12.47 Doddi litli og Eyrnastór  
13.00 Áfram Diego, áfram!  
13.24 Svampur Sveinsson  
13.49 Rasmus Klumpur og félagar  
13.54 Strumparnir  
14.19 Lalli  
14.25 Hvellur keppnisbill  
14.37 Ævintýraferðin  
14.49 Gulla og grænjaxlarnir  
15.00 Stóri og litli  
15.13 Vikingurinn Viggó  
15.27 K3  
15.38 Mæja býfluga  
15.50 Kormákur  
16.00 Dóra könnuður  
16.24 Mörgæsirnir  
16.47 Doddi litli og Eyrnastór  
17.00 Áfram Diego, áfram!  
17.24 Svampur Sveinsson  
17.49 Rasmus Klumpur og félagar  
17.54 Strumparnir  
18.19 Lalli  
18.25 Hvellur keppnisbill  
18.37 Ævintýraferðin  
18.49 Gulla og grænjaxlarnir  
19.00 Artúr 3

Mæja býfluga  
kl. 07.38, 11.38  
og 15.38



## GOLFSTÖÐIN

09.05 Golfing World 2018  
09.55 Valspar Championship  
15.00 Champions Tour Highlights  
15.55 Golfing World  
16.45 Golfing World  
17.35 Inside the PGA Tour  
18.00 Arnold Palmer Invitational  
22.00 Bank of Hope Founders Cup

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.35 Love and Friendship  
13.10 The Duff  
14.50 Game Change  
16.45 Love and Friendship  
18.20 The Duff Gamanmynd frá 2015 sem fjallar um menntaskólana nema sem hristir upp í goggunar-röðinni í félagslífinu eftir að hún kemst að því að hún hefur fengið á sig stimpilinn Duff (Designated Ugly Fat Friend) af fallettri og vinsælli vinum sínum.  
20.00 Game Change  
22.00 Spy  
00.00 Sleepers Spennumynd frá 1996 með einvalaliði leikara. Fjórir piltar ólust upp í illræmdu hverfi í New York. Þeir urðu miklir vinir og reyndu að halda sér frá glæpum.  
02.25 Palo Alto  
04.05 Spy


## RÚV

10.50 ÓL fatlaðra: Íshokki  
13.00 Atari: Leik lokið  
14.05 Grísaflutningar í Evrópu  
14.35 Animals in Love  
15.30 Lifid heldur áfram  
16.30 Fjörskyldan  
17.20 Andri á flandi í túristalandi  
17.50 Tákn málsfréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Stundin okkar  
18.25 Ég og fjölskyldan mín - Sisse  
18.40 Letibjörn og læmingjarnir  
18.47 Flink  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.00 Unga Ísland  
20.35 Gettu betur  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Ólympíumót fatlaðra: Samantekt  
22.35 Glæpahneigð  
23.20 Endurheimtur  
00.05 Kastljós  
00.20 Menningin  
00.30 Íþróttafrek Íslendinga  
00.55 ÓL fatlaðra: Skíðaskotfimi  
02.30 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify  
08.00 King of Queens  
08.25 Dr. Phil  
09.05 The Tonight Show  
09.45 The Late Late Show  
10.25 Síminn + Spotify  
11.40 The Bachelor  
13.10 Dr. Phil  
13.50 9JKL  
14.15 Survivor  
15.00 America's Funniest Home Videos  
15.25 The Millers  
15.50 Solsidan  
16.15 Everybody Loves Raymond  
16.40 King of Queens  
17.05 How I Met Your Mother  
17.25 Dr. Phil  
18.10 The Tonight Show  
18.55 The Late Late Show  
19.35 The Mick  
19.55 Man With a Plan  
20.20 Trúnó  
21.00 9-1-1  
21.50 Scandal  
22.35 Mr. Robot  
23.25 The Tonight Show  
00.45 24  
01.30 Salvation  
02.15 Law & Order: Special Victims Unit  
03.05 SEAL Team  
03.50 Agents of S.H.I.E.L.D.  
04.40 Síminn + Spotify

## Frábæru helgartilboðin eru hjá okkur!

STJÖRNU  
GRIS

SÆNSK SKINKA

999 KR  
KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG

-50%



BAYONNE SKINKA

999 KR  
KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG

-50%



NAUTAMJADMASTEIK

2.099 KR  
KG

ÁÐUR: 2.998 KR/KG

-30%



-30%

ANDALEGGUR  
LÆRI1.399 KR  
KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG



KJÖTBORD

LAMBARIBEYE  
M/HVÍTLAUK & RÓSMARÍN2.799 KR  
KG

ÁÐUR: 3.998 KR/KG

-30%



KJARNAFÆÐI

GRÍSAHNAKKI  
BRASILÍA GRILLKRYDD1.399 KR  
KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG

-30%

LAMBAKÓTILETTUR  
Í RASPI1.724 KR  
KG

ÁÐUR: 2.298 KR/KG

-25%



ÍSFLUGL

KJÚKLINGABRINGUR  
MARINERAÐAR2.158 KR  
KG

ÁÐUR: 2.698 KR/KG

-20%

HUMAR 700 GR.  
BLANDAÐUR SMÁR2.293 KR  
POKINN

ÁÐUR: 2.698 KR/POKINN

Ginnilegt  
um helgina!

-50%

Ávöxtur vífunnar

MELÓNA GUL  
118 KR  
KG

ÁÐUR: 235 KR/KG

Gildir  
15. - 21.  
mars

-30%

LB KAREMELLUTERTA  
STÓR 900 GR.1.329 KR  
PK

ÁÐUR: 1.898 KR/PK

LAXAKURL  
HEITREYKT 300 GR.593 KR  
PK

ÁÐUR: 898 KR/PK

Tilboðin gilda 15. - 18. mars 2018 [www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

nettó

Á NETTUNU

[www.netto.is](http://www.netto.is)

# Ár viðskiptanna hjá Cyber

Hljómsveitin Cyber mun fara ein íslenskra rappsveita á Sónar í Barcelona í sumar. Sveitin kemur einnig fram á Sónar Reykjavík um helgina þar sem hún frumsýnir nýtt þema en að þessu sinni er það viðskiptapema.

Cyber átti gífurlega gott ár í fyrra og er enn að uppskera það sem sáð var til 2017. Þær Salka Valsdóttir, Þóra Stína og Jóhanna Rakel sendu frá sér plötuna Horror, sem að margra mati var með þeim allra bestu sem komu út það árið – og ekki var neinn skortur á íslenskum plötum – þær hlutu Kraumsverðlaunin fyrir vikið og fengu tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Þær héldu einnig mjög vel heppnaða útgáfutónleika fyrir Horror þar sem flest það sem er að fréttu í íslensku tónlistarlífi fékk að leika lausum hala með þeim á sviðinu. Cyber spilar á Sónar nú um helgina og opnar kvöldið á Sonar-Club sviðinu og síðan halda þær stöllu í sólna í Barcelona í sumar þar sem þær spila á Sónar hátíðinni þar í borg – en þar er Jóhanna Rakel einmitt búsett



Cyber drap latexíð um áramótin og mun svipta hulunni af nýjasta þemanu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**GUERLAIN**

NEW  
**TERRACOTTA LIGHT**

WAKE UP YOUR GLOW IN 3 SECONDS

THE HEALTHY GLOW  
VITAMIN-RADIANCE POWDER

#FEELTHESUN

## Guerlain kynning í Sigurboganum 15.–17. mars

Við kynnum til leiks nýtt sólarpúður frá Guerlain, TERRACOTTA LIGHT.

Sólkysst húð með heilbrigðum ljóma.

Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og aðstoðar þig við að finna þinn fullkomna lit.

**SIGURBOGINN**  
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

um þessar mundir þar sem hún er við skiptinám.

„Við erum búnar að æfa „sjóid“ í orði – þetta er fyrir fram skrifað atriði. Við verðum eins og ókunnugt fólk sem er að hittast í fyrsta skiptið,“ segir Salka um það hvernig gangi að plana tónleikana um helgina með einn hljómsveitarmedlim í útlöndum – en Jóhanna lendir ekki á Íslandi fyrr en seint á fimmtudagskvöldið, degi fyrir tónleika. Stífar æfingar hafa því farið fram, en aðallega á blaði eins og Salka segir. Eitt er víst að þarna verður á ferðinni mikil flugeldasýning – stelpurnar ætla að frumsýna nýtt þema fyrir árið.

„Við erum með business-þema núna í ár. Þetta er mjög erfitt, við erum alltaf að skipta um fagurfræði árlega. Við sem sagt drepum alltaf fagurfræði hvers árs á áramótunum.“

„Fyrst var það pastel og svo drápum við það áramótin 2016-2017,“ bætir Þóra við.

„Við höldum pastel-jarðarför. Þetta er alltaf bara áramótaparti með yfirskrift einhvers konar jarðarfara. Í ár höldum við latex-jarðarför. Við vorum með gulllitada líkkistu með latexi ofan á,“ útskýrir Salka.

„Við erum mjög glödar að kveðja það tímabil. Það er mjög erfitt að spila í latexi, sko,“ segir Þóra hlægjandi.

„Já þetta er súrsætt – ég þarf ekki að svitna eins og „motherfucker“ í gólf-síðum latex-kjól – en núna eigum við helling af geðveikum fötum úr latexi sem við getum ekkert gert með. Það er svolítið erfitt því að það er alltaf fyrst í lok árs sem maður á nógu mikið úrval af fatnaði í þemanu þannig að við getum aðeins breytt til í kringum „sjóid“ – en þá er þetta bara kvatt. Og þá byrjar maður árið og á ekki neitt í nýja þemanu,“ segir Salka. Á Sónar munu þær fara í viðskiptaham á sviðinu, lík-

## Cyber mæla með á Sónar:

- Jlin
- Klein
- Moor Mother
- EVA808
- Bad Gyal
- TOKIMONSTA
- Countess Malaise
- Nadia Rose
- TroyBoi

lega verður þarna ákveðin skrifstofustemming enda skrifstofan táknmynd viðskiptanna.

„Það verða símar og faxtæki... við erum að opna Silfurberg og við mælum með að fólk mæti á réttum tíma.“

Og með Cyber verða góðir gestir á þessum fyrstu tónleikum þeirra á árinu – Hatari, Countess Malaise og Blær.

Cyber og Ólafur Arnalds eru einu íslensku listamennirnir sem koma fram á Sónar í Barcelona í ár.

„Við erum á nýju sviði sem var tekið í notkun í fyrra og er víst alveg geðveikt,“ segir Þóra en strákarnir í Sturlu Atlas spiluðu á þessu sama sviði í ferð sinni á Sónar Barcelona í fyrra. Þarna fæ Íslendingarnir að spreya sig.

Er Sónar hátíðin sem sagt að grafa eftir íslenskum listamönnum?

„Það koma víst einhverjir fulltrúar hátíðarinnar á Sónar hér í Reykjavík, og bókunaraðilar senda íslensk nöfn út. Ég veit að það voru sendir margir íslenskir hipphopp-listamenn, en svo er það bara hvað virkar úti og hvað ekki,“ bendir Salka á.

Í byrjun mánaðar spiluðu Reykjavíkurdætur, sem Þóra og Salka eru báðar í, í kirkju í Ósló en það var hluti

by:Larm hátíðarinnar norsku. Í kjölfarið berst talið að seljanleika íslensks rapps í útlöndum – en Reykjavíkurdætur tróna líklega á toppnum sem það band sem spilar hvað mest erlendis. Þær eru sammála um að ástæðan fyrir því sé sú að dæturnar bjóða upp á algjörlega einstaka dýnamík sem risastórt band einungis skipað konum og með mjög öflugum sviðsframkomu.

Þegar þetta blað fer í prentun er ekki komið í ljós hvort Cyber hefur fengið íslensku tónlistarverðlaunin fyrir Horror – en tilnefningin er vissulega viðurkenning í sjálfu sér, sérstaklega fyrir ár eins og 2017 þar sem kom út ótrúlegt magn af íslenskum plötum.

„Ég hugsaði fyrst bara „æi eru ekki allveg allir tilnefndir alltaf?“ en svo fór ég að skoða þetta og ég gat talið upp í hugarum alveg þrettán plötur sem komu út á árinu og ekki allar þeirra þarna á listanum. Mín upplifun af tónlistarverðlaununum er sú að oft sé verið að verðlauna eitthvað sem er spilað mest – þess vegna finnst mér gaman að vera tilnefnd með svona jadarverkefni,“ bætir Salka við.

„Það er ekki verið að spila okkur neitt í útvarpi.“

„Okkur hefur verið meira hampað af jadarsenunni. Við höfum svolítið verið teknar inn í tvær senur – „mainstream“ hipphopp-tónleika og svo bara er einhver metalhljómsveit að biðja okkur um að spila með sér. Þannig að við dettum svolítið báðum megin, sem er mjög skemmtilegt,“ segir Salka.

Fram undan hjá Cyber er sólóefni frá Þóru. Aldrei fór ég suður hátíðin og að þróa viðskiptapemað eitthvað áfram. Sveitin hyggst ekki byrja að semja nýja tónlist fyrr en að Jóhanna snýr aftur, en þá gætum við átt von á ákaflega viðskiptamiðaðri tónlist frá stelpunum. stefanthor@frettabladid.is

# DIRTY BURGER & RIBS

OKKUR ER ALVEG SAMA  
HVAÐA DAGUR ER Í DAG!

1.490 KR.

HAMBORGARI FRANSKAR & GOS  
Í HÁDEGINU, ALLA DAGA VIKUNNAR.



GNOÐARVOGI 46 | MIKLUBRAUT | AUSTURSTRÆTI

WWW.DBR.IS



## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

**PLUKKFIÐSKUR**

**HAFIÐ**  
FISKVERSLUN

Hlíðasmára • Spönginni • Skipholt

**HUMAR**

**VÉLABORG**

**JUNGHEINRICH**  
lyftarar og hillukerfi

[www.velaborg.is](http://www.velaborg.is) [velaborg@velaborg.is](mailto:velaborg@velaborg.is) s. 414 8600

**21° Tilfinning**

-6° -7° -8°

Og þú hitar bílinn með  
fjarstýringu – Webasto bílahitari

**Webasto**  
Feel the Drive

**LTR** BÍLASMÍÐURINN HF  
BÍLDHÖFÐA 16  
SÍMI: 567-2330

[www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is) • [bilasmidurinn@bilasmidurinn.is](mailto:bilasmidurinn@bilasmidurinn.is)



Karl Hyde heillaðist af Íslandi þegar hann kom hingað árið 1994 og er spenntur fyrir helginni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gleyma seint fyrstu Íslandsheimsókninni

Underworld spilar fyrir dansþyrsta í Hörpu um helgina. Þetta er í annað sinn sem hljómsveitin spilar á Íslandi en hún hélt tónleika hér á landi árið 1994 og meðlimir sveitarinnar gleyma seint þeirri nótt.

**B**reska hljómsveitin Underworld, ein fremsta og þekktasta hljómsveit á sviði dans-tónlistar, mun spila á Íslandi um helgina á hátíðinni Sónar Reykjavík. Meðlimir sveitarinnar, Karl Hyde og Rick Smith, lofa flottu „sjói“ á tónleikunum en þeir eru þekktir fyrir magnaða sviðsframkomu.


Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem Underworld spilar á Íslandi því þeir félagar komu fram á tónleikum með Björk sumarið 1994 í Laugardalshöll. Þóðinn um að rifja það upp segir Karl: „Þetta var svo snemma á ferli okkar, við vorum ekki einu sinni búnir að gera Born Slippy. Þannig að Born Slippy hefur aldrei verið spilað „live“ á Íslandi.“ Þess má geta að Born Slippy er þekktasta lag sveitarinnar og kom úr árið 1996.

„Þegar við vorum hérna þá spiluðum við á tónleikum ásamt Björk. Björk fór fyrst á svið og svo við. Og forsetinn var þarna klæddi í hvítt, hún var svo almennileg við okkur,“ segir Karl.

Eftir tónleikana fóru þeir á djammíð. „Við kynntumst mörgu fólki og það sýndi okkur Reykjavík. Við sáum fólk þrifa bílana sína klukkan fjögur um nóttina og sáum fólk labba heim af djammínu á sama tíma! Að sjá það var alveg ný lífsreynsla,“ segir Karl og hefur orð á því hvað birtan á þessum tíma hafi verið undarleg en falleg. Þeir fylgdust með sólinni lækka á lofti og hækka aftur, án þess að setjast alveg. „Við höfðum aldrei séð þetta áður. Þetta var súrrealískt og dásamlegt.“ Karl tekur fram að þeir hafi rifjað þessa nótt upp reglulega síðan árið 1994.

### Underworld

- meðlimir eru Karl Hyde og Rick Smith
- frá Englandi
- starfandi frá árinu 1980
- þekktir fyrir mikilfenglega sviðsframkomu
- hafa gefið út níu hljóðversplötur
- þekktasta lag þeirra er Born Slippy
- hafa átt lög í fjölmörgum kvikmyndum, svo sem Train-spotting, The Beach, Biutiful og Vanilla Sky



Rick Smith og Karl Hyde.

### Semja og taka upp á hótélherbergjum

Það er óhætt að segja að Underworld sé langlíf en sveitin hefur verið starfandi frá árinu 1980 og spilað víða um heim á þeim tíma. Karl viðurkennir að það geti verið krefjandi að ferðast um heiminn og spila. „Stundum, þegar klukkan er kannski 3.30 um nótt og við þurfum að fara á svið þá kvarta líkamar okkar og heimta svefn. En svo, þegar Rick „droppar“ bassanum þá flæðir adrenaliníð og maður byrjar að dansa ósjálfrátt. Svo þegar maður yfirgefur sviðið einhverjum 90 mínútum seinna þá er maður glaðvakandi, mun meira heldur en þegar maður fór á svið.“

Karl og Rick hafa komist upp á lagið með að semja og taka upp tónlist á meðan þeir ferðast. „Við semjum og tókum að mestu leyti upp í hótélherbergjum. Það að ferðast með hópi vina sem við höfum þekkt lengi og þykir vænt um, hæfileikaríkem listamönnum,

gerir tónleikaferðalög að hálfgerðum ævintýrum,“ útskýrir Karl. Hann segir tónleikaferðalögin vera eitthvað sem þeir fá aldrei leiða á. „Þetta er það sem gefur okkur orku.“

### Spennandi helgi fram undan

Karl er spenntur fyrir helginni enda er hann mikill aðdáandi Íslands. „Ég var svo snortinn eftir þessa heimsókn til Íslands árið 1994 að ég sneri til baka um leið og ég gat. Einu sinni til að fagna fertugsafmælinu mínu því mig dreymi um að fagna því uppi á jökli, og ég gerði það! Og svo kom ég aftur til að sjá norðurljósin.“

Spurður út í hvort þeir félagar séu með einhver plön fyrir Íslandsdölinu í þetta sinn segir Karl: „Núna munum við hitta gamla vini og byggja skúlptúra ef tími gefst.“

Karl Hyde tekur að lokum dæmi um það sem tónleikagestir mega búast við á laugardaginn: „Laserum, samtölum á milli okkar og ykkar, takti, ljósum, dansi, svita og gleði.“ [gudnyhronn@frettabladid.is](mailto:gudnyhronn@frettabladid.is)

# BYRJUM AÐ GRILLA



Frábært verð

**Q2200**

Meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU, Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok.

**47.985**

50650003

**3,51 kw**  
**1 brennari** (hring)



Frábært verð

**TRAVELQ PRO**

gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**44.995**

506600016

**4,1kw**  
**2 brennarar**

Frábært verð

**SPRING 300**

gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21 x 43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.

**49.995**

50686930

**11,4 kw**  
**3 brennarar**



barbecook

# SUMARIÐ NÁLGAST



TILBOÐ

**Slöngukefli**

15m með veggfestingum.

**7.195**

54930607

Almennt verð: 8.995

TILBOÐ

**Hekklippur**

AHS 450W rafmagns.

**12.745**

74890008

Almennt verð: 16.995

**BOSCH**

TILBOÐ

**Garðslanga**

5-15m flex útdraganleg.

**1.995**

55530106

Almennt verð: 2.495

TILBOÐ

**Hekksnyrtir**

ISO 3,6V 1,3Ah.

**11.995**

74897861

Almennt verð: 15.995

**BOSCH**

**ÖLL LÍTIL HEIMILISTÆKI 20% afsláttur**  
Til 26. mars



**20%** afsláttur af öllum

**SONAX BÍLAVÖRUM**

Til 26. mars



**20%** afsláttur af öllum

**HÁPRÝSTI-DÆLUM**

Til 26. mars



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öð myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF  
FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is  
Ef blaðið berst ekki 800 1177

## BAKÞANKAR

Kristins Inga  
Jónssonar



## Í þágu hinna fáu

Þegar valið stendur á milli sérhagsmuna fárra og hagsmuna heildarinnar er það segin saga að kjarklausir stjórnmalamenn velja fyrri kostinn. Ástæðan er efalaust sú að á meðan hagsmunir fjöldans eru léttvægir fyrir hvern og einn eru hagsmunir hinna fáu miklir og þess virði að berjast fyrir.

Gott dæmi um sérhagsmunagæslu af þessu tagi er sú ákvörðun Donalds Trump að leggja tolla á innflutt ál og stál. Rökin eru sögð þau að verja þurfi hnignandi bandarískan iðnað í samkeppni við erlendan iðnað. Störf tuga þúsunda séu í húfi. Það sem gleymist er að tollmúrarnir skada samkeppnishæfni þeirra bandarísku fyrirtækja sem reiða sig á ódýrt, innflutt ál og stál. 140 þúsund manns starfa við stálframleiðslu í landinu en 6,5 milljónir hjá fyrirtækjum sem reiða sig á innflutt stál. Fyrir hvert nýtt starf sem tollarnir skapa í stáliðnaðinum er talið að átján önnur glattist.

Dæmi um viðlíka sérhagsmunagæslu má einnig finna hér á landi. Sama dag og Trump tilkynnti um áform sín hvöttu samtök bænda þingmenn til þess að hækka tolla á landbúnaðarvörur. Rökin eru þau sömu: að verja þurfi innlendan landbúnað fyrir erlendri samkeppni. Tollmúrinn hefur hins vegar leitt til þess að íslenskir neytendur greiða eina hæstu landbúnaðarstyrki í heimi til þess að geta keypt einhverjar dýrustu búvörur í heimi. Engu að síður eru bændur ein tekjulægsta stétt landsins.

Tollvernd getur þjónað sérhagsmunum fárra til skamms tíma en til lengri tíma þjónar hún ekki hag neins. Bandaríski stáliðnaðurinn stendur ekki betur að vígi ef alls konar framleiðsla sem reiðir sig á stál flyst úr landi. Það sama gildir um íslenskan landbúnað. Hann mun ekki blómstra á meðan hann byggir tilvist sína á verri kjörum almennings.



Opið allan  
sólarhringinn  
í öllum verslunum

Iceland

Í dag er  
góður dagur.  
Skinkubátur er  
bátur dagsins  
á 649 kr.



SUBWAY



Sóma skálar

★ GRÍPTU DAGINN ★  
— FERSKLEIKINN ER NÚNA! —

FRÉSKT Á FERÐINI ★ FRESH TO GO

